

FRÍTT

# FRÉTTABLAÐIÐ

21. janúar 2005 – 19. tölublað – 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Veffang: visir.is – Sími: 550 5000 **visir**

**FÖSTUDAGUR**



**GRÆNT LJÓS Á UNDIRBÚNING**

Undirbúningur byggingar nýs hátækni-sjúkrahúss á Landspítalavæðinu er hafinn af fullum krafti. Formaður uppbyggingar-nefndar lítur svo á að ríkið hafi gefið grænt ljós. **Sjá síðu 2**

**KÓKAÍN Á SKEMMTISTÖÐUM**

Lögreglan og veitingahúsaeygendur virðast sammála að um að neysla fíkniefna og ekki síst kókaíns sé orðin stór hluti af skemmt-anamynstrinu. **Sjá síðu 4**


**15 MILLIARDA GÖNG**

Ný könnun eins stærsta vektaka á Norðurlöndum bendir til meir en helmingi lægri kostnaðar við Eyjagöng en áður. Framkvæmdatími yrði sex ár. **Sjá síðu 8**

**AUKAVINNA EKKI GREIDD**

Borgar-ráð Reykjavíkur hefur ákveðið að ekki þurfi fjárveitingu til að endurskipuleggja grunn-skólafær þrátt fyrir tilmæli fræðsluráðs þess efnis. **Sjá síðu 10**

**VEDRIÐ Í DAG**



**FÍNASTA VEÐUR** Bjartviðri viðast hvar, þó kannski heldur köflottara við vesturströndina. Frost 2-12 stig kaldast til landsins. **Sjá síðu 4.**

**DAGURINN Í DAG**



**TÓNLEIKAR Á AKUREYRI** Hátíðar-tónleikar verða í Glerárkirkju á Akureyri í tilefni þess að 110 ár eru liðin frá fæð-ingu Davíðs Stefánssonar þjóðskálds. Tónleikarnir hefjast klukkan 20.30.

Kvikmyndir	32	Myndlist	36
Tónlist	36	Íþróttir	28
Leikhús	36	Sjónvarp	40

## Vissu um listann þegar ákvörðunin var tekin

Stjórnvöld vissu þegar ákveðið var að styðja innrásina í Írak, 18. mars 2003, að með því væru Íslendingar komnir á lista yfir hinar 30 staðföstu þjóðir. Framsóknarmenn halda því fram að listinn hafi verið síðari tíma tilbúningur.

**ÍRAKSMÁLID** Embættismenn í utan-ríkisráðuneytinu og forsætisráðu-neytinu vissu af „lista hinna 30 staðföstu þjóða“ þegar ákvörðun-in um stuðning Íslendinga við innrásina í Írak var tekin 18. mars 2003.

Framsóknarmenn hafa þó til þessa haldið því fram að með ákvörðuninni hafi ekki verið að samþykkja veru Íslands á listan-um. Valgerður Sværisdóttir iðn-áðarráðherra staðhæfir á heima-síðu sinni í gær að ekki hafi falist í ákvörðuninni við stuðninginn að Ísland yrði sett á lista hinna stað-föstu þjóða. „Spurningin var ekki

hvort Ísland vildi vera á einhverj-um lista.“

Guðni Ágústsson landbúnaðar-ráðherra sagði í Fréttablaðinu í fyrradag: „Þessi 30 þjóða listi er auðvitað tilbúningur eftir á sem varð að sjálfsögðu til í Was-hington. Menn voru ekkert að setja sig á þennan lista.“

Pétur Gunnarsson, skrifstofu-stjóri þingflokks Framsóknar-flokksins, sagði 14. janúar síðast-liðinn í pistli sínum á tímanum.is, málgagnni Framsóknarflokksins: „Það var engin pólitísk ákvörðun íslenskra stjórnvalda sem lá að baki því að nafn Íslands var skráð

á þann lista [...]. Á því bera íslensk stjórnvöld ekki ábyrgð [...].“

Þetta er ekki rétt. Á fundi utan-ríkismálanefndar 21. mars 2003, þremur dögum eftir að ákvörðun-in um stuðning Íslendinga við inn-rásina var tekin, óskaði Þórunn Sveinbjarnardóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, skýringa á því hvernig það hefði komið til að Ís-land lenti á lista yfir hin „30 stað-föstu ríki“ og hvernig það hefði farið fram. Halldór Ásgrímsson, þáverandi utanríkisráðherra, sagði það hafa gerst í samtölum milli embættismanna í forsætis-ráðuneyti og utanríkisráðuneyti

18. mars.

Samkvæmt þessu má því ráða að Halldór Ásgrímsson og Davíð Oddsson hafi vítað 18. mars 2003 að með því að lýsa yfir stuðningi við innrásina í Írak væri nafn Íslands komið á lista hinna stað-föstu þjóða.

Fréttablaðið hefur óskað eftir viðtali við forsætisráðherra um þetta mál daglega frá því á mánu-dag. Í gær ítrekaði fréttaritstjóri blaðsins þá beiðni við upplýsinga-fulltrúa forsætisráðherra. Forsætisráðherra hefur ekki orðið við beiðninni.

sda@frettabladid.is  
Sjá síðu 6.



**PORRINN HAFINN** Sigurður Guðbrandsson, matreiðslumaður og fastagestur á Múlakaffi, tók forskot á sæluna í gær og gæddi sér á porramat. Guðjón Harðarson, kokkur á Múlakaffi, fylgdist með. Porrablotahald hófst með þjóðfrelsisbaráttu 19. aldar. Súrmatur var þá ekki í boði enda var hann nánast daglega á borðum landsmanna langt fram á tuttugustu öldina og hefur því tæpast þótt nógu finn fyrir blótandi fólk. **Sjá síðu 12**

Ráðherra í Simbabwe:  
**Rice er fasisti**

**LONDON, AP** Ráðherra í Simbabwe vísar á bug fullyrðingum Condo-leezzu Rice, verðandi utan-ríkisráðherra Bandaríkjanna, um að Simbabwe sé eitt af harð-stjórnarríkjum heims. „Við höf-um ekki áhyggj-ur þegar fasistar gera svona at-hugasemdir,“ sagði Didymus Mutasa, ráðherra gegn spillingu, í viðtali við BBC.



**CONDOLEEZZA RICE**

Segir ríkisstjórn Simbabwe vera eina af varðstöðvum harð-stjóra í heiminum.

Hann bætti við að Simbabwe myndi verjast allri hernaðaríhlutun Bandaríkjanna.

Að minnsta kosti 200 manns hafa fallið í átökum og tugir þúsunda hafa verið reknir frá heimilum sín-um í Simbabwe eftir að ríkisstjórn Roberts Mugabe byrjaði að reka hvíta bændur af býlum sínum. ■

**Útsala Útsala**  
Allt fyrir bóndann

Forseti Bandaríkjanna sór embættiseið á tröppum þinghússins:  
**Bush hét kúguðum aðstoð**

**BANDARÍKIN. AP** „Frelsið sem við njótum í okkar eigin landi veltur æ meir á því hvort frelsið nái fram að ganga í öðrum löndum,“ sagði George W. Bush í gær þegar hann sór eið sem 43. forseti Bandaríkjanna fyrir framan um hálfja milljón manns á tröppum þinghússins í Washington. „Allir þeir sem búa við harð-stjórn og vonleysi geta treyst því Bandaríkin munu ekki hunska kú-gunina eða afsaka harðstjórnana. Þegar fólk vill frelsi þá stöndum við með því. Bandaríkin heita því að veita frelsinu brautargengi, jafnvel á myrkustu stöðum veraldar.“ Skoðanakannanir sýna að Íraks-stríðið hefur aldrei verið jafn um-



**FORSETAHJÓNIN** George W. Bush sór embættiseið í gær. Laura Bush, eiginkona hans, stóð við hlið manns síns.

deilt meðal almennings í Bandarík-umum og nú. Þjóðin er í raun klofin

í afstöðu sinni til stríðsins. Bush nefndi Írak aldrei á nafn í ræðu sinni. Flestir þeir sem komu saman við þinghúsið voru þar til að fagna for-setanum. Þó var hópur fólks sem stóð þar með mótmælaskilti. Einn hélt á eftirlíkingu af líkkistu sem átti að tákna dauða allra þeirra her-manna sem látist hafa í Írak. Gríðarleg öryggisgæsla var við þinghúsið þegar forsetinn sór emb-ættiseiðinn. Um 100 götur voru lok-aðar fyrir umferð. Leyniskyttur tóku sér stöðu á þökum bygginga, sex þúsund lögreglumenn og sjö þúsund hermenn gættu þess að allt færi vel fram. ■

Ráðstefna Samtaka upplýsinga-tækniyrirtækja þriðju-daginn 25. janúar

**ÞRIÐJA STÖÐIN?**

Verður upplýsingatækni þriðja stöðin í verðmæta-sköpun og gjaldeyris-tekjum Íslands árið 2010?

Sjá glæsilega dagskrá á vefsetri Samtaka iðnaðarins; www.si.is





## SPURNING DAGSINS

Björgólfur, er þá bara ein erfð viðureign eftir?

Nei, keppnin við Versló verður eins og hver önnur keppni.

Björgólfur Guðni Björnsson er í Gettu betur-liði Borgarholtsskóla. Liðið sló MR úr keppninni á miðvikudag. Tap MR-inga kemur í veg fyrir að þeir haldi í fjórðungsúrslit eins og þeir hafa gert frá 1991. Í fyrra tapaði Borgarholtsskóli fyrir Verzlunarskóla Íslands í úrslitum og stefnir liðið á að láta það ekki endurtaka sig.



**AFHENDING EYRRARÓSARINNAR**  
Dorrit Moussaieff afhendir Gunnsteini Ólafssyni, listrænum stjórnanda Þjóðlagahátíðarinnar, 1,5 milljónir króna.

Viðurkenning:

## Þjóðlagahátíð á Sigló efl

**MENNING** Þjóðlagahátíðin á Siglufirði hlaut Eyrarrósina. Hún er viðurkenning fyrir framúrskarandi menningarverkefni á landsbyggðinni. Dorrit Moussaieff forsetafrú afhenti verðlaunin á Bessastöðum í gær.

Í umsögn á vef Listahátíðar Reykjavíkur segir að Þjóðlagahátíðin sé einstaklega metnaðarfull og hafi á örfáum árum náð að stuðla að varðveislu og nýsköpun í íslenski þjóðlagatónlist.

Listahátíð í Reykjavík, Byggðastofnun og Flugfélag Íslands standa að viðurkenningunni. - gag

Ástæðan óljós:

## Ók á lögreglu og sýknaður

**DÓMSMÁL** Maður sem var ákærður fyrir að aka á lögreglumenn við Lyfju í Lágmúla í Reykjavík var sýknaður í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær. Vafi lék á hvort maðurinn hefði ekið bílnum á lögreglumennina af ásetningu. Maðurinn kom inn í apótekið eftir að sambýliskona hans hafði játað þjófnáð í versluninni. Til orðaskipta kom milli hans og lögreglu og var hann leiddur út. Starfsmenn gátu ekki greint frá því hvað fólkinu fór á milli. Lögreglan tók sér stöðu fyrir framan bifreiðina. Maðurinn ber að hann hafi sett sjálfskiptan bílinn í rangan gir. - gag

Lítið fé sett í nýstofnuð fyrirtæki á Íslandi:

## Í þriðja sinn á toppi frumkvöðlalista

**RANNSÓKN** Þriðja árið í röð er Ísland með hæsta hlutfall frumkvöðlastarfsemi af þeim Evrópulöndum sem taka þátt í alþjóðlegri rannsókn, þeirri viðamestu sem gerð er á frumkvöðlastarfsemi.

Rögvaldur J. Sæmundsson, forstöðumaður hjá Rannsóknarmiðstöð Háskólans í Reykjavík, segir að hátt hlutfall Íslendinga telji sig hafa hæfileika og sjái tækifæri til að stofna fyrirtæki. Á því séu engar augljósar skýringar.

Rögvaldur segir ástæðu til þess að hafa áhyggjur af aðstæðum til stofnunar nýsköpunarfyrirtækja sem byggja á nýrri tækni- og vísindabekkingu.

„Það er vegna þess að svokallað-

ir áhættufjárfestar, sem eru velefnaðir einstaklingar eða framtaksfjárfestingarfyrirtæki, hafa verulega dregið saman seglin undanfarið og eru nánast ekki til staðar,“ segir Rögvaldur: „Auk þess sýna gögnin úr rannsókninni að fjárfestingar á hvert fyrirtæki eru með því lægsta sem gerist. Þó að margir fjárfesti í nýjum fyrirtækjum er um mjög lágar upphæðir að ræða og þegar kemur að nýsköpunarfyrirtækjum er fjármagnspörfin meiri.“

Niðurstaða rannsóknarinnar GEM sýnir að í öllum þátttökulöndunum eru karlar líklegri til að stofna fyrirtæki en konur.

- gag



**RÖGVALDUR J. SÆMUNDSSON**  
Segir engar augljósar skýringar á því hvers vegna Íslendingar telji sig hafa hæfni til að stofna fyrirtæki umfram aðra.

# Telja að ríkið hafi gefið grænt ljós

Undirbúningur byggingar nýs hátækisjúkrahúss á Landspítalasvæðinu er hafinn af fullum krafti. Formaður uppbyggingarnefndar lítur svo á að ríkið hafi gefið grænt ljós með lóðasamningum við Reykjavíkurborg og heimild til undirbúningsvinnu.

**HEILBRIGÐISMÁL** Formaður nefndar um uppbyggingu Landspítala – háskólasjúkrahúss, Ragnheiður Haraldsdóttir, kveðst líta svo á að ríkið hafi gefið grænt ljós á byggingu nýs hátækisjúkrahúss með því að heimila hönnunarsamkeppni 18. janúar og að tekin verði næstu skref til undirbúnings að byggingunni.

„Það er ekki búið að taka ákvörðun um fjármögnun alls verkefnisins,“ sagði hún. „Jón Kristjánsson heilbrigðisráðherra hefur litið þannig á að fjármögnun hvers verkþáttar muni fara eftir efnahagslegum

aðstæðum á hverjum tíma. Að undanfögnu hefur verið rætt um að nota andvirði af sölu ríkiseigna. Það hefur einnig verið rætt um einkaframkvæmd. Við vitum að það er áhugi hjá ýmsum verktafyrirtækjum að koma að þessu verki. Við vitum jafnframt að við höfum burði til þess því við höfum reist mikil mannvirki á skömmum tíma.“

Spurð hvort ekki væri glannalegt að fara út í frumhönnunarsamkeppni upp á 25 milljónir og ýmsan annan undirbúning fyrir miklar fjárhæðir án þess að loforð um fjármagn

væri í hendi kvað Ragnheiður svo ekki vera.

„Ég lít svo á að með ákvörðun um samninginn við Reykjavíkurborg á sínum tíma um lóð undir nýjan spítala, um staðsetningu og ákvörðun um hönnunarsamkeppni sé vilji ríkisins kominn fram.“

Við munum fara í hönnunarsamkeppnina og áframhaldandi undirbúning af fullum krafti. Við höfum strax handa við það.

En ég vil halda því til haga að ekki liggur fyrir ákvörðun um heildarfjármögnun verksins.“

- jss



LANDSPÍTALI – HÁSKÓLASJÚKRAHÚS

Tölvumyndin af Landspítalasvæðinu sýnir hugmyndir um nýbyggingar þar. Þess skal getið að ekki er um endanlega útfærslu að ræða.

Samfylkingin:

## Vill aflétta trúnaði

**STJÓRNMÁL** Þingflokkur Samfylkingarinnar fer fram á að trúnaði verði aflétt af fundargerðum utanríkisráðgjafarinnar og ríkisstjórnarinnar þar sem fjallað var um aðdraganda ákvörðunarinnar um stuðning Íslands við innrásina í Írak.

Þingflokkur Samfylkingarinnar telur mikilvægt að allur vafi verði tekinn af um það hvernig ákvörðunin um stuðning Íslands við innrásina í Írak var tekin þar sem fulltrúar stjórnarflokka hafi orðið margsaga í málinu. Ríkir almannahagsmunir hnígi að því að viðkomandi fundargerðir verði gerðar opinberar.

- th

Tvímennningar úr Landssímamálinu:

## Ákærðir

### fyrir skattsvik

**LÖGREGLUMÁL** Kristján Ragnar Kristjánsson og Árni Þór Vigfússon hafa, ásamt þremur öðrum mönnum, verið ákærðir fyrir skattalagabrot í tengslum við rekstur fyrirtækja sem þeir áttu. Ríkisútlit var greindi frá þessu í gærkvöld.

Málið snýst um vanskil á 56 milljónum króna í vörslusköttum, virðisaukaskatti og staðgreiðslu vegna fimm fyrirtækja. Á síðasta ári dæmdi Héraðsdómur Reykjavíkur tvímennningana í tveggja ára fangelsi í Landssímamálinu svokallaða. Dómnum var áfrýjað til Hæstaréttar.

- th

Akureyrarbær:

## Braut jafnréttislag

**DÓMSMÁL** Hæstiréttur staðfesti í gær dóm Héraðsdóms Norðurlands eystra um að Akureyrarbær hefði brotið jafnréttislag. Brotið snýr að því að konu var mismunandi í launakjörum á grundvelli kynferðis.

Konan höfðaði málið árið 2002 þar sem hún fékk lægri laun en karlmaður sem var deildartækni-fræðingur hjá bænum. Samkvæmt starfsmati voru stærfin sambærileg. Í fyrra dæmdi héraðsdómur konunni 3,7 milljónir króna í skaðabætur með dráttarvöxtum sem reiknast frá febrúarmánuði árið 2002. Hæstiréttur staðfesti þann dóm en klotnaði í afstöðu sinni.

- th

## ÍRAK

### UPPTAKA FRÁ AL-ZARQAWI

Hryðjuverkaforinginn Abu Musab al-Zarqawi sendi frá sér hljóðupptöku á netinu í gær. Á upptökunni hvetur al-Zarqawi uppreisnarmenn til dáða í baráttunni gegn bandaríska hernum og lofar því að sigur muni hafast.

Dæmdur í 45 daga fangelsi:

## Frakki framvísaði fölsuðu vegabréfi

**DÓMSMÁL** Tvítugur Frakki var í Héraðsdómi Reykjaness dæmdur í 45 daga fangelsi fyrir að framvísa fölsuðu vegabréfi við komu til landsins á aðfangadag. Vegabréfið var falsað frá grunni, sem þykir sjaldséð.

Maðurinn, sem er franskur ríkisborgari og með dvalarleyfi í Danmörku, þóttist vera frá Gíneu og sótti um hæli hér á landi en móðir hans er frá Gíneu. Ákærvaldið telur manninn hafa framvísað falsaða vegabréfinu í þeim tilgangi að kanna hvort landamæraeftirliti myndi uppgötva að það væri falsað. Þar sem maðurinn hefur franskt vegabréf og dvalarleyfi

í Danmörku á ekki að vera nokkurt mál fyrir hann að komast til Íslands á eigin vegabréfi.

Sækjandi málsins segist telja að maðurinn hafi verið að prufukeyra vegabréfsframleiðslu skipulagðrar glæpastarfsemi. Hann segir ljóst að vegabréfin séu gerð í fullkomnum tækjum. Maðurinn segir annan mann í Danmörku hafa beðið sig að framvísa vegabréfinu.

- hrs

## VEGABRÉF

Frakkin framvísaði belgisku vegabréfi þrátt fyrir að komast til landsins á sínu eigin vegabréfi.



**Tvöfaldir  
Tvöfaldir\***

**Vildarpunktur**

**Veltupunktur til viðbótar**

Auk tvöfaldr punkta fá Vildarkortshafar Visa og Icelandair alltaf veltupunkta aukalega.



14 stöðvar

\*Tvöfaldir Vildarpunktur til 11. febrúar 2005. Þess málið er með peningum eða Vildarkorti.



**10 túlipanar og tími í  
World Class í Laugum**



**990 kr.**



**Orkideur  
999 kr.**

**40%**  
afsláttur af öllum  
**pottaplöntum**



**Hin árlega  
pottaplöntuútsala  
er hafin**

**BÓNDADAGUR**



**Heilsársseriur  
499 kr.**

**Verðsprengja  
föstudag-sunnudags**



Reykjavík • Kópavogi • Akureyri  
Selfoss • Reykjanesbær  
[www.blomaval.is](http://www.blomaval.is)



GENGIÐ			
GENGI GJALDMÍÐLA 20.01.2005			
		KAUP	SALA
Bandaríkjadalur	USD	62,61	62,91
Sterlingspund	GBP	116,90	117,46
Evra	EUR	81,08	81,54
Dönsk króna	DKK	10,90	10,96
Norsk króna	NOK	9,92	9,98
Sænsk króna	SEK	8,98	9,03
Japanskt jen	JPY	0,61	0,61
SDR	XDR	94,90	95,46

Gengisvísitala krónunnar  
111,82 +0,26%

Heimild: Seðlabanki Íslands

## Alþynnuverksmiðja: Akureyri enn í myndinni

**STÓRIÐJA** Líkur á að alþynnuverksmiðja verði reist við Akureyri hafa aukist eftir að ítalska fyrirtækið Becromal tilkynnti að Akureyri væri annar tveggja staða í heiminum sem enn væri verið að skoða. Að sögn Magnúsar Ásgeirssonar, framkvæmdastjóra Atvinnuþróunarfélags Eyjafjarðar, hafa Ítalirnir ekki viljað gefa upp hver hinn staðurinn er en að líkindum er hann þar sem ódýra orku er að fá. Verði Akureyri fyrir valinu er einkum horft til lóðar á Rangárvöllum, sunnan við Norðurorku, en Magnús segir að aðrir kostir séu einnig í stöðunni.

Becromal er alþjóðlegt fjöl-

skyldufyrirtæki og komu fulltrúar þess til Akureyrar síðastliðað haust til að skoða aðstæður fyrir alþynnuverksmiðju. „Í fyrstu komu fimm lönd til greina og er ég sáemilega bjartsýnn eftir að þeim hefur fækkað í tvö. Verði Akureyri fyrir valinu verður það mikil lyftistöng fyrir atvinnulíf í Eyjafirði en um 100 manns munu starfa í verksmiðjunni. Stór hluti þeirra starfa verður hátækni-störf sem kalla á sérhæfða menntun,“ sagði Magnús. - kk

**MAGNÚS ÁSGEIRSSON**  
Næsta skref er að skrifað verði undir viljafyrirsögu til að tryggja trúnað á milli Becromal og íslenskra viðsemjenda.



FRÉTTABLAÐIÐ/KK

## Ísraelsher: Skutu dreng

**JENIN, AP** Prettán ára drengur var skotin til bana af ísraelskum hermönnum á Vesturbakkannum í gær eftir að hann beindi leikfangabyssu að þeim. Ættingjar drengsins segja að hann hafi ásamt öðrum börnum gert gys og kastað grjótum að hermönnum og beint heimagerðri leikfangabyssu að þeim þegar hermaður skaut hann. Drengurinn var úrskurðaður látinn á sjúkrahúsi skömmu síðar. Talsmenn Ísraels hers segja að mikill mannfjöldi hafi safnast saman á svæðinu og látið ófriðlega og að hermaðurinn sem skaut hafi talið sig í hættu þegar drengurinn beindi byssunni að honum. ■

## Umferðarslys: Þrjár rákust saman

**ÁREKSTUR** Einn bíll gjöreyðilagðist og tveir skemmdust mikið í þriggja bíla árekstri í Fagradal í Suður-Múlasýslu um sjöleytið á miðvikudagskvöld.

Að sögn lögreglunnar á Eskfirði óku tveir jeppar og ein fólkubíll í röð eftir veginum í Fagradal og óku aftan á hvern annan með fyrrgreindum afleiðingum. Einn var í hvarfnum bíl en allir sluppu þeir ómeiddir þó einn bíll hafi gjöreyðilagst við áreksturinn. ■

## Akureyrarbær: Gjaldskrárlækkun

**BÆJARMÁL** Bæjaryfirvöld á Akureyri hafa ákveðið að lækka vatnsgjald á fasteignir um tæp sex prósent og holræsagjald um tæp fimm prósent. Þá hefur verið ákveðið að hámarksafsláttur af fasteignaskatti til efnalítilla elli- og örorkulífeyrisþega verði hækkaður í 40 þúsund krónur í ár en afslátturinn var 30 þúsund í fyrra.

Dan Jens Brynjarsson, sviðstjóri stjórnsýsluviðs Akureyrarbæjar, segir að gjaldskrárlækkunin og aukinn afsláttur eigi að veða á móti hækkuðum fasteignamat um áramótin en fasteignamatíð hækkaði þá um 13% á Akureyri. - kk

## KJARAMÁL

**ÓSAMÍÐ Í JÁRNBLENDINU** Farið er að reyna á þolinmæði Verkalýðsfélags Akraness vegna þess hversu erfiðlega gengur að semja um kjör starfsmanna Íslenska járnblendifélagsins við eigendur. Ríkissáttasemjari hefur boðað til fundar 25. janúar og segir á vef verkalýðsfélagsins að þá verði að gera heiðarlega tilraun til að klára kjaraviðræðurnar.

# Sniffuðu kókaín af salernisvaskinum

Lögreglan og veitingahúsaeygendur virðast sammála um að neysla fikniefna sé stór hluti af skemmtanálífinu. Viðmælanda blaðsins brá í brún þegar hann kom að jakkafataklæddum mönnum sniffa kókaín á salerni veitingastaðar.

**FÍKNIEFNI** Nokkrir veitingahúsaeygendur sem Fréttablaðið ræddi við segja að ekki fari á milli mála að talsvert mikið sé notað af kókaíni samhliða skemmtanahaldi í miðborg Reykjavíkur. Fréttablaðið ræddi einnig við mann sem nýlega fór út að skemmta sér og var heldur brugðið þegar hann fór inn á salerni ónefnds skemmtistaðar í miðborginni þar sem jakkafataklæddir menn sniffuðu kókaín af vaskborði fyrir allra augum.

Fyrir nokkrum árum hefðu langflestir landsmenn staðið saman og með lögreglunni og talið fikniefnaneyslu vera vandamál, að sögn Harðar Jóhannessonar yfirlögregluþjóns í Reykjavík. Nú sé neyslan orðin hluti af skemmtanamynstrinu. Einn veitingahúsaeygandinn sagði því miður greinilegt að neysla kókaíns væri nokkuð stórt vandamál og virtist fara vaxandi.

Einn veitingahúsaeygandinn sagði því miður greinilegt að neysla kókaíns væri nokkuð stórt vandamál sem virtist fara vaxandi. Ungu fólki sem rétt hefur aldur til að fara inn á skemmtistaðina myndist sjálfsgat mál að kókaín væri hluti af skemmtanálífinu. Hann segist nokkuð oft heyra sögur af samkvæmum sem fólk hafi verið í áður en haldið var af stað í miðbæinn þar sem nóg hafi verið af kókaíni. Annar maður sem rekur skemmtistað segir kókaíneysluna virðast vera svo sjálfsögð í augum margra þeirra sem neyta kókaínsins að þeir fari ekki einu sinni leynt með neysluna. Á að minnsta



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



### NEYSLA KÓKAÍNS

Kókaíns er neytt inni á skemmtistöðunum og virðast sumir neytendanna ekki einu sinni fara leynt með neysluna.

kosti einum skemmtistaðanna hefur verið sett upp gæsla við salernin til að reyna að sporna við því að fikniefnanna sé neytt inni á veitingastaðunum.

Þeir sem blaðið ræddi við voru sammála um að margt hafi breyst með lengri opnunartíma skemmtistaðanna. Fáir geti haldið út að skemmta sér frá kvöldmat og fram á rauðan morgun, kvöld eftir kvöld og helgi eftir

helgi án hjálpar örvandi efna. Á nokkrum skemmtistöðum hefur verið tekið upp á því að selja vatnsglös þar sem sala áfengis hefur minnkað í kjölfar neyslu annarra vímuefna. Aðrir staðir selja ekki vatnsglósinn og merkja ekki lakari sölu áfengis þrátt fyrir að vart hafi verið við neyslu kókaíns og annarra örvandi efna inni á stöðunum.

hrs@frettabladid.is

## Hamfarasvæðið í Asíu: Enginn hungurdauði

**BANDA ACEH, AP** Enginn þeirra sem lifðu af hamfarirnar við Indlandshaf fyrir tæpum mánuði mun deyja af völdum hungurs, fullyrðir Tony Banbury, yfirmaður matvælaaðstoðar Sameinuðu þjóðanna. „Við munum koma mat til allra þeirra sem þess þarfnast,“ sagði hann eftir heimsókn í þorp á vesturströnd Indónesíu.

Banbury segir að hjálparstarfsmenn hafi þurft að yfirstíga mikla erfiðleika til að koma matvælu til þurfandi fólks. Hann segir helsta verkefni matvælaaðstoðarinnar að koma fjölbreyttari mat til fólks, en margir hafa þurft að lifa á hrísgrjónum og núðlum svo vikum skiptir. ■

## Öryrkjabandalagið: Nýr formaður kjörinn

**FÉLAGSSAMTÖK** Emil Thoroddsen tók við formennsku í Öryrkjabandalagi Íslands í gær en Garðar Sverrisson lét af formennsku af heilsufarsástæðum.

Emil var áður varaformaður Öryrkjabandalagsins og hefur verið einnig veitt framkvæmdastjóri Gigtarfélags Íslands síðan 1994. Hann tók sæti í aðalstjórn Öryrkjabandalagsins sama ár og var kosinn í framkvæmdastjórn þess árið 1999. Hann varð varaformaður ári seinna og hefur gegnt þeirri stöðu þar til nú.

Garðar Sverrisson tók fyrst sæti í aðalstjórn Öryrkjabandalagsins árið 1996, var kjörinn varaformaður þess árið 1997 og formaður árið 1999. ■



EMIL THORODDSEN

## Veðrið


### FRÁBÆRT VEÐUR EN KALT

Hæglætisveður með bjartviðri víðast hvar er í kortunum fyrir daginn. Gæti þó orðið eitthvað köflótt vestan til á landinu. Talsvert frost inni til landsins en 2-8 stígl með ströndum.


### HORFUR UM HELGINA

Laugardagur: Hæglætisveður með sáemilega björtu veðri en stöku él vestan til. Áfram frost. Sunnudagur: Vaxandi suðaustanátt og þykkur upp þegar liður á daginn. Hlánar á öllu landinu síðdegis eða um kvöldið.

### Í dag



### Á morgun



### Sunnudagur



### Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	7°C skýjað	Frankfurt	8°C léttskýjað	Torrevieja	19°C skýjað
Oslo	-1°C léttskýjað	Prag	4°C skúrir	Róm	16°C skýjað
London	10°C skýjað	Amsterdam	4°C skýjað	New York	-8°C heilsóskirt
Paris	9°C skýjað	Varsjá	4°C léttskýjað	Miami	24°C léttskýjað

Kveðja, Sigurður Ragnarsson, veðurfræðingur

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknúð með dropum. Hitalölur sýna hæstu hitagildi.

**Frískandi**  
nýtt sykurlaust Coke

réttu bragðið – sykurlaust



# Fögnum Þorranum!

## Frábært úrval af þorramat.

Súrt hvalrengi  
Súrir lundabaggar  
Súrir hrútsþungar  
Súr sviðasulta  
Súr gríساسulta  
Súr lifrapylsa  
Súr blóðmör  
Súr bringa  
Reykt bringa  
Hákarl



Soðið birkireykt hangikjöt

Úrb. frampartur

**TILBOÐ**  
**1.502** kr/kg  
Verð áður 2.146,-

Úrb. læri

**TILBOÐ**  
**1.971** kr/kg  
Merkt verð 2.816,-

**30%**  
afsláttur við kassa

Kjöt & fisktorgið

Nautaribeye

**TILBOÐ**  
**1.998** kr/kg  
Verð áður 2.849,-

**25%**  
afsláttur

Nautalundir

**TILBOÐ**  
**2.984** kr/kg  
Verð áður 3.979,-



Egils pilsner

**69** kr/stk

**Nýtt**  
í Hagkaupum



- Dill og aquavit síld
- Rauðrófu og kumin síld
- Appelsínu og engifer síld

Íslensk matvæli síld  
- 3 nýjar tegundir



Samsölu brauð, 5 tegundir  
- frábært með þorramatnum

**TILBOÐ**  
**149** kr/pk  
Verð áður 186,-

Gildir til 23. janúar eða á meðan birgðir endast.

**HAGKAUP**

Skemmitilegast að versla





## KJÖRKASSINN

Heldurðu að kosningarnar í Írak eigi eftir að ganga vel fyrir sig?

Niðurstöður gærdagsins á [visir.is](#)

Já	16%
Nei	84%

### SPURNING DAGSINS Í DAG:

Fylgist þú með Idol-keppninni á Stöð 2?

Farðu inn á fréttahluta [visir.is](#) og segðu þína skoðun



Æ fleiri útlendingar vilja setjast að á Íslandi:

## Metfjöldi fékk íslenskt ríkisfang í fyrra

**INNFLYTIJENDUR** Á síðasta ári var 637 útlendingum veittur íslenskur ríkisborgararéttur, að því er fram kemur hjá dóms- og kirkjumálaráðuneytinu.

Þetta er veruleg fjölgun frá árinu 2003 þegar 436 útlendingum var veittur ríkisborgararéttur og árinu 2002 þegar 364 útlendingum var veittur íslenskur ríkisborgararéttur. Auk þessara 637 útlendinga fengu jafnframt íslenskan ríkisborgararétt með þeim 182 börn þeirra, sem einnig er fjölgun frá síðustu árum. Árið 2003 fengu

109 útlensk börn ríkisborgararétt með foreldri sínu og árið 2002 fengu 87 börn ríkisborgararétt með þeim hætti.

Af þessum 637 útlendingum fengu 594 ríkisborgararétt með bréfi frá dóms- og kirkjumálaráðherra en 43 fengu ríkisborgararétt með lögum frá alþingi. Árið 2003 veitti alþingi 27 útlendingum ríkisborgararétt og 17 árið 2002.

Færri en 12 eru frá löndum eins og Alsír, Angóla, Eþíópía, Gambía, Gana, Kenía, Líbanon, Mongólía, Namibía, Nígería,



### NÝIR ÍSLENDINGAR 2004

– FÆDINGARSTAÐUR

Pólland 108	Sovétríkin (fyrrv.) 56
Júgóslavía (fyrrv.) 52	Taíland 49
Filippseyjar 45	Bandaríkin 25
Svíþjóð 20	Þýskaland 17
Víetnam 16	England 15
Marokkó 12	

Pakistan, Senegal, Sierra Leóne, Srí Lanka, Sýrlandi, Túnis, Trinidad og Tobago og Úganda. – jss

Íslensk kona:

## Með fíkniefni innvortis

**FÍKNIEFNI** Íslensk kona um þrítugt var handtekin á Keflavíkurflugvelli með fíkniefni innvortis og í fórum sínum þegar hún kom til landsins á þriðjudag. Í kjölfarið var konan úrskurðuð í gæsluvarðhald til dagsins í dag.

Fíkniefnin fundust við hefðbundni tollefirtir en lögreglan á Keflavíkurflugvelli verst allra fréttu af málinu og vill hvorki tilgreina tegund né magn fíkniefnanna. Ekki liggur fyrir hvort farið verður fram á áframhaldandi gæsluvarðhald yfir konunni í dag.

– hrs

# STELPUR, KONUR ATH!! STÓR HUMAR

Risarækjur  
Risa hörpuskel  
Túnfiskur  
og Marlinsteikur

## Súr hvalur

Vorum að fá súran hval,  
nýr framleiðandi...þessi  
er 100 sinnum betri en

í fyrra!!!

Allir fá að smakka.

Bóndadagurinn er í dag,  
gleddu bóndann með  
góðum mat. Hann verður  
ekki vonsvikinn með  
humarinn....

því getum við lofað!!



Höfðabakka 1 - sími 587 50 70

# Skyndileg kúvending

Halldór Ásgrímsson hafði lýst afdráttarlausri afstöðu ríkisstjórnarinnar varðandi Írak á fundi mánuði fyrir innrás. Þar sagði hann að ef til aðgerða gegn Írak kæmi yrði það einungis með samþykki öryggisráðsins. Annað kom á daginn.

Pétur Gunnarsson, skrifstofustjóri þingflokks Framsóknarflokksins, sagði í pistli sínum á tímanum.is, málagnni Framsóknarflokksins, 14. janúar síðastliðinn: „Það var Karl Rove sem bjó til hugtakið „Listi hinna staðföstu þjóða“. Það var engin pólitísk ákvörðun íslenskra stjórnvalda sem lá að baki því að nafn Íslands var skráð á þann lista, það var almannatengsla-ákvörðun, tekin í Hvíta húsinu, í því skyni að koma pólitískum skilaboðum á framfæri á einfaldan hátt við bandarískan almenning. Á því bera íslensk stjórnvöld ekki ábyrgð heldur starfsmenn Hvíta hússins og forseti Bandaríkjanna.“



**FRÉTTASKÝRING**  
ÁKVÖRDUNIN UM  
STUÐNINGINN VIÐ  
INNFRÁSINA Í ÍRAK

**SIGRÍÐUR D. AUÐUNSDÓTTIR**  
BLADAMAÐUR

Halldór Ásgrímsson, þáverandi utanríkisráðherra, svaraði hins vegar spurningu Þórunnar Sveinbjarnardóttur á fundi utanríkisráðsins 21. mars 2003, þremur dögum eftir að forsætisráðherra og utanríkisráðherra tóku þá ákvörðun að Íslendingar styddu innrásina í Írak. Þar óskaði Þórunn eftir skýringum á því hvernig Ísland hefði lent á lista yfir hin 30 staðföstu ríki og hvernig það hefði farið fram. Halldór svaraði því til að það hefði gerst í samtölum milli embættismanna í forsætisráðuneyti og utanríkisráðuneyti hinn 18. mars 2003.

Af þessum orðum verður ekki annað ráðið en að ráðherrarnir tveir, Halldór og Davíð, hafi haft fulla vitneskju um tilvist þessa lista þegar þeir lýstu yfir stuðningi Íslendinga, þrátt fyrir það sem framsóknarmenn hafa viljað halda fram, nú síðast í pistli Valgerðar Sverrisdóttur iðnaðarráðherra sem birtist á heimasíðu hennar í gær. Þar heldur Valgerður því fram að ekki hafi falist í ákvörðuninni við stuðninginn við innrásina að Ísland yrði sett á lista hinna staðföstu þjóða. „Spurningin var ekki hvort Ísland vildi vera á einhverjum lista. Sá listi var búinn til í Washington. Þess vegna er umræðan endalæsa um listann óttalegt rugl,“ segir hún í pistlinum.

### Ekkert benti til árásar

Forsætisráðherra hefur ásamt öðrum ráðamönnum haldið því fram að ráðherrarnir tveir hafi ekki brotið gegn þingskaparlögum með því að kalla ekki til fundar utanríkisráðsins áður en ákvörðunin var tekin. Á fundi nefndarinnar 21. mars var forsætisráðherra gagnrýndur fyrir þau vinnubrögð sem viðhöfð höfðu verið í ákvörðunarfelnu. Þar lýsti Sigríður Anna Þórðardóttir, formaður nefndarinnar, því yfir að hún teldi að ákvæði 24. greinar laga um þing-

sköp Alþingis hefðu ekki verið brotin enda hefði afstaða stjórnvalda alltaf verið kunn.

Í lagagreininni segir: „Utanríkisráðsins skal vera ríkisstjórninni til ráðuneytis um meiri háttar utanríkisráðsins enda skal ríkisstjórnin ávallt bera undir hana slík mál jafnt á þingtíma sem í þinghléum.“

Rannveig Guðmundsdóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, gagnrýndi það harðlega á fundinum að ríkisstjórnin hefði ekki haft samráð við nefndina svo sem lögskyld væri enda hefði stefnumótandi ákvörðun verið tekin af ríkisstjórninni sem færi gegn þeim grundvallaratriðum að ekki mætti ráðast gegn öðru ríki nema með samþykki öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna.

Steingrímur J. Sigfússon, formaður Vinstri grænna, tók undir orð Rannveigar á fundinum. Hann sagði að ekkert hefði áður komið fram sem hefði gefið ástæðu til að ætla að ríkisstjórnin myndi styðja hernaðaraðgerðir gegn Írak án undangenginnar ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Þvert á móti hefði mátt búast við gagnstæðri afstöðu ríkisstjórnarinnar og vísaði Steingrímur til þess sem fram hefði komið á fundi utanríkisráðsins 19. febrúar 2003.

### Halldór vildi gefa meiri tíma

Á fundi nefndarinnar 19. febrúar 2003, rétt rúmum mánuði áður en Íslendingar lýstu yfir stuðningi við innrásina, lýsti Halldór Ásgrímsson því yfir að rétt væri að gefa vopnaeftirlitsmönnum meiri tíma og freista þess að ná friðsamlegri lausn. Rétt er að benda á að þetta var fyrsti fundur utanríkisráðsins 2002 til 2003 þar sem málefni Íraks voru tekin til umræðu.

Þá sagði hann á fundinum að margt benti til þess að samstaða gæti náðst innan öryggisráðsins og ekki væri ólíklegt að ný ályktun yrði samþykkt þar sem Írak fengi nýjan tímaramma en ella yrðu Sameinuðu þjóðirnar að þvinga fram afvopnun. Þessi afstaða hans hafði áður komið fram, meðal annars í ræðu hans á Alþingi í lok janúar sama ár þar sem hann sagði: „Það er alveg ljóst af okkar hálfu að við teljum algjörlega nauðsynlegt að þetta mál komi til umfjöllunar öryggisráðsins á nýjan leik.“



### FRÁ FUNDI UTANRÍKISMÁLANEFNDAR 21. MARS 2003

Stjórnarandstaðan sagði á fundinum að ekkert hefði áður komið fram sem hefði gefið ástæðu til að ætla að ríkisstjórnin myndi styðja hernaðaraðgerðir gegn Írak án undangenginnar ályktunar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Þvert á móti hefði mátt búast við gagnstæðri afstöðu ríkisstjórnarinnar.

### 21. MARS 2003

Fundur utanríkisráðsins

Þórunn Sveinbjarnardóttir óskar eftir skýringum á því hvernig Ísland hafi lent á lista yfir hin 30 staðföstu ríki og hvernig það hafi farið fram.

Halldór Ásgrímsson svaraði því til að það hefði gerst í samtölum milli embættismanna í forsætisráðuneyti og utanríkisráðuneyti hinn 18. mars 2003.

Á fundi utanríkisráðsins 19. febrúar sagði Halldór jafnframt að samstaða hefði náðst innan Evrópusambandsins um hvernig ætti að nálgast Íraksmálið. Í meginatriðum væri afstaða sambandsins sú að Írak bæri skilyrðislaust að afvopnast en reynt yrði til þrautar að komast hjá átökum.

Hann nefndi því tvær mögulegar leiðir í málinu 19. febrúar: Annars vegar að Írakar féllust á afvopnun en hins vegar að öryggisráðið samþykkti ályktun þar sem samstaða náðist um aðgerðir. Tæplega mánuði síðar var farin þriðja leiðin, sem aldrei var nefnd sem hugsanlegur möguleiki, sem fólst eins og alþekkt er í innrás í Írak án samþykktar öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, með stuðningi 30 þjóða – Íslendinga þar á meðal.

### Bjóst við samþykkt öryggisráðsins

Í máli Halldórs á fundinum 19. febrúar kom því fram sú afdráttarlaus afstaða ríkisstjórnarinnar að ef til aðgerða gegn Írak kæmi yrðu þær einungis gerðar með samþykki öryggisráðsins. Hann sagði að ákveðin hótun væri að hlaðast upp gagnvart Írak með lífsafnaði, fyrst og fremst herstyrk Bandaríkjanna og Bretlands. Aðrar þjóðir fengu hins vegar það hlutverk að reyna að greiða úr málinu með diplómátskum hætti, til dæmis Frakkland og Rússland.

Af þessum orðum má ráða að á þessu stigi málsins, tæpum mánuði fyrir innrásina í Írak, hafi ekkert gefið tilefni til þess að ráðist yrði í aðgerðir án stuðnings allra þeirra þjóða sem sæti eiga í öryggisráðinu, þar á meðal Frakka.

Utanríkisráðsins nefnd var því algjörlega uppplýst um þá skyndilega stefnubreytingu ríkisstjórnarinnar sem varð með þeirri ákvörðun að styðja Bandaríkjamenn og Breta í innrásinni í Írak gegn vilja öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. ■









## VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hvað hafa margir látist vegna flóð-bylgjunnar í Asíu?
- 2 Forseti hvaða lands sór embættiseið í gær?
- 3 Lið hvaða skóla sló Menntaskólann í Reykjavík út úr Gettu betur?

SVÖRIN ERU Á BLS. 42



**KYNNINGARMYND KORTSINS**  
Á myndinni hefur íslenska gæsin verið klippt út úr náttúrunni, en samtökin segja að svo muni fara nái markmið stjórnsvalda fram að ganga.

## Nýtt Íslandskort: Ísland örum skorið

**NÁTTÚRUVERND** Tíu náttúruverndarsamtök gefa út kortið „Ísland örum skorið“ sem sýnir hvaða breytingar verða á miðhálandi Íslands ef stóriðjuáform stjórnvalda ná fram að ganga. Af því tilefni verður opinn kynningarfundur á Hótel Borg klukkan 13 í dag.

Markmið útgáfunnar er að upplýsa almenning um virkjanag og stóriðjuáform stjórnvalda og hvaða breytingar á miðhálandi Íslands þau hafa í för með sér.

Fundarstjóri er Ásta Arnardóttir, Sigríður Þorgeirsdóttir heimspekingur kynnr kortið og erindi flytja Guðmundur Páll Ólafsson náttúrufræðingur, Þorvaldur Þorsteinsson listamaður og Ragnhildur Sigurðardóttir.

- bs

## Hákon Eydal banamaður Sri Rahmawati: Gerir athugasemd við geðrannsóknina

**DÓMSMÁL** Hákon Eydal, sem varð Sri Rahmawati að bana, hefur hætt við að fara fram á að dómskvaddir matsmenn geri aðra geðrannsókn á honum en hann er að hluta til ósáttur við þá geðrannsókn sem gerð hefur verið. Millipinghald var í málinu Reykjavíkur í gær.

Í stað þess að farið væri fram á aðra geðrannsókn voru gerðar athugasemdir við rannsóknina sem fyrir liggur. Hákon er ekki sáttur við suma þætti rannsóknarinnar, rangt sé farið með sumt og í öðru gæti ónákvæmni. Meðal annars er hann ósáttur við þann hluta er lýtur

að vímuefnaneyslu hans og segir engar forsendur vera fyrir þeirri niðurstöðu sem geðlæknirinn komst að. Eins gerir verjandi Hákonar athugasemd við að úr geðrannsókninni komi endanleg niðurstaða. Hákon er sagður sakhæfur en verjandi hans segir slíkt vera lögfræðilegt mat og dómsins að meta út frá geðrannsókninni.

Aðalmeðferð í málinu verður 4. mars næstkomandi.

- hrs



**HÁKON EYDAL**  
Ósáttur við hluta geðrannsóknarinnar.

# Vestmannaeyjagöng fyrir 14-16 milljarða

Ný könnun eins stærsta verktaka á Norðurlöndum bendir til meir en helmingi lægri kostnaðar við Eyjagöng en áður. Árni Johnsen segir fjárhæðina álíka þeirri sem fari í rekstur Herjólfis á 30 árum.

**SAMGÖNGUR** Borun jarðganga á milli fastalandsins og Vestmannaeyja myndi kosta 14-16 milljarða króna og framkvæmdatími yrði 6 ár. Þetta er niðurstaða kostnaðaráætlunar NCC, eins stærsta verktakafyrirtækis á Norðurlöndum. Árni Johnsen, fyrrverandi alþingismaður og helsti hvatamaður að þessari nýju könnun, segir að þetta sýni að Vestmannaeyjagöng séu ekki verkefni framtíðar heldur nútíðar: „Það bendir allt til að það fari minna fjármagn til vegganga milli lands og Eyja en ætla má að fari í Herjólf á 30 árum.“ Árni bendir á að nú sé komið að því að taka ákvörðun um endurnýjun Herjólfis, göng eða höfn í Bakkafjöru.

Þessi kostnaðaráætlun er miklu lægri en áætlun sem Línuhönnun og breskt fyrirtæki unnu á síðasta ári en þar var gert ráð fyrir 38 milljarða kostnaði. Hafa ber í huga að ekki er gert ráð



**BLAÐAMANNAFUNDUR ÁHUGAMANNA UM VEGGÖNG TIL EYJA**

„Er ekki á leið í pólitík á ný,“ sagði Árni Johnsen á fundinum. Með Árna á myndinni eru f.v. Helgi Bragason lögmaður, Magnús Kistinnsson útgerðarmaður og Gunnar I. Birgisson alþingismaður.

fyrir virðisaukaskatti í nýju könnuninni eins og í þeirri.

Talið er að nauðsynlegar rannsóknir, sem leggja þarf í áður en hægt er að slá því föstu hvaða leið sé fær, nemi 25 milljónum króna. Árni Johnsen er bjartsýnn á að þær fáiast miðað við yfirlýsingar samgönguráðherra og þingmanna Suðurkjördæmis og geti byrjað strax í vor. 16 milljarða myndi

verkið kosta ef gangaopið verður við Kross í Landeyjum en ef rannsókn staðfestir vísbendingar um að grynnra sé niður á fast berg sunnan eða norðan við Kross, myndi kostnaður lækka verulega.

Gunnar I. Birgisson, alþingismaður og áður umsvifamikill verktaki, var Árni Johnsen til fulltingis á blaðamannafundinum: „Ef svo virtur verktaki skrif-

### FORSENDUR ÁRNA JOHNSEN OG NCC:


Veggöng milli lands og Eyja: 14-16 milljarðar  
Endurnýjun og rekstur Herjólfis: 15-21 milljarðar á 30 árum  
Ferjuaðstaða og skip í Bakkafjöru: Á annan tug milljarða á 30 árum

## Loðnuveiðar: Mokveiði

**LOÐNA** Mjög góð loðnuveiði hefur verið síðustu daga en loðnan hefur fært sig nokkuð frá landi og er veiðisvæðið nú um 70 til 100 mílur úti af Austfjörðum. Upp úr hádegi í gær tók að bræla og héldu flest loðnuskipin til hafnar en þá höfðu Samtökum fiskvinnslustöðva borist tilkynningar um samtals 90 þúsund tonna afla frá áramótum.

Karl Már Einarsson, útgerðarstjóri Eskju á Eskifirði, segir að skip félagsins séu nú búin að veiða tæplega þriðjung af þeim liðlega 66 þúsund tonnum sem Eskja fékk úthlutað. „Ég óttast ekki að við náum ekki öllum okkar kvóta,“ sagði Karl.

- kk



**HUGMYND AÐ LEGU GANGANNA**

Göng frá Krossi til Eyja kosta 14-16 milljarða.

ar upp á þetta er það mjög athyglisvert og ber að taka alvarlega.“

Í hugmyndum Árna Johnsen og félaga er gert ráð fyrir að greitt verði veggjald 2.500 til 3.000 kr. á bíl og miðað við forsendur Hagfræðistofnunar Háskólans, það er 600 bíla umferð á dag, í úttekt á þjóðhagslegri hagkvæmni gengi dæmið upp á 50 árum. „Þessi veggting myndi kosta aðeins eðlilegt vegaviðhald næstu hundruð árin,“ segir Árni Johnsen.

a.snaevarr@frettabladid.is

Blóðbankinn fagnar góðum viðtökum:

## Tugir vilja gefa stofnfrumur

**HEILBRIGÐISMÁL** Tugir fólks hafa gefið sig fram til stofnfrumugjafa frá því að íslensk stofnfrumugjafaskrá var kynnt fyrr í vikunni, að sögn Sveins Guðmundssonar, forstöðulæknis Blóðbankans. Hann sagði að undirtektir blóðgjafa á þessum fáeinu dögum sem liðnir væru frá kynningunni væru framar vonum.

Hin nýja íslenska stofnfrumugjafaskrá verður hluti af norsku stofnfrumugjafaskránni. Upplýsingar um íslenska gjafa verða því sendar til Noregs. Sveinn sagði að stefnt væri að því að skrá 500 sjálfboðaliða í stofnfrumugjafaskrána hér á landi á þessu ári og alls 2.500 á fimm árum liðnum. Lyfjafyrirtækið Actavis og Norræna ráðherranefndin hafa styrkt Blóð-

bankann í tengslum við stofnun stofnfrumugjafaskrárinnar.

Sjúklingarnir sem þurfa á stofnfrumum að halda eru oftast með illkynja blóðsjúkdóma eða eitlaæxli en jafnframt getur verið um að ræða sjúklinga með meðfædda ónæmisgalla. Ef sjálfboðaliði er með sama, eða mjög líkan, vefjaflokk og sjúklingur með illkynja sjúkdóm einhvers staðar í heiminum er þess farið á leit við viðkomandi að hann gefi sjúklingi stofnfrumur. Með stofnun skrár á Íslandi aukast líkur enn frekar á því að sjúklingar hér á landi geti fengið stofnfrumur ef á þarf að halda.

- jss

**STOFNFRUMUGJAFAR**  
Blóðgjafar hafa verið duglegir að láta í sér heyra eftir að stofnfrumugjafaskráin var kynnt.



## Uggur í brjósti konu Jóns Ársæls

Til Íraks að hitta systur Ruthar Reginalds með fokdýra líftryggingu og skothelt vesti



**DV** - hefur þú séð DV í dag?







# Bönda- dagurinn

21. janúar



## Á bóndadaginn – gleður lambkjötið best

Það er öruggt mál að langflestir karlmenn verða glaðir þegar þeir fá góða og safaríka lambasteik. Hér fylgir uppskrift að ljúffengu lambalæri og á [www.lambakjot.is](http://www.lambakjot.is) eru enn fleiri góðar uppskriftir.

### Lambalæri með rósmaíni

1 lambalæri, um 2,2 kg  
2–3 rósmaíngreinar, skipt í um 20 búta  
3–4 hvítlaugsgeirar, afhýddir og skornir í um 20 flísar  
nýmalaður pipar  
salt  
1 laukur, skorinn í þykkar sneiðar  
olía

Ofninn hitaður í 180 gráður. Beittum hnífsoddi stungið í lærið á um 20 stöðum og hvítlauxflís og rósmaíngrein stungið í hverja (best er að stinga hvítlauknum alveg inn en rósmaíninu aðeins að hálfu). Kryddað vel með pipar og salti.

Lauksneiðunum raðað í olíuborið steikarform og lærið lagt ofan á. Álpappírsörk breidd lauslega yfir lærið og steikt í miðjum ofni í um 1 klst.

Þá er álpappírinn tekinn af og steikt í hálf tíma í viðbót.

Lærið tekið úr ofninum og látið standa undir álpappír í um 15 mínútur áður en það er borið fram.



*Lambakjöt – léttur réttur*

Upphald íslensku þjóðarinnar  
Fjöldi uppskrifta á [www.lambakjot.is](http://www.lambakjot.is)

## Brasilísk kona sem gripin var með kókaín í Leifsstöð: Reyndist einnig vera með LSD

**FÍKNIEFNI** Brasilísk kona sem var handtekin á Keflavíkurlugvelli við komuna til landsins fyrir að reyna að smygla 850 grömmum af kókaíni var einnig með um tvö þúsund skammta af LSD. LSD-sýran var í töfluformi sem falin var í leggöngum konunnar en hún kom til landsins rétt fyrir jól.

Ekki var vitað fyrr en nú í vikunni hvers kyns töflurnar voru sem konan var með. Töflurnar sem sendar voru til greiningar voru mjög smáar. Kókaínið sem konan reyndi að smygla var pakkað inn í pakkningar sem huldú nánað læri hennar. Efnunum var vel komið fyrir og mátti

vart greina pakkningarnar þótt hún hafi verið í frekar þröngum buxum. Konan var úrskurðuð í gæsluvarðhald skömmu eftir komuna til landsins, fyrst í þrjár vikur sem síðar var framlengt til ellefta febrúar.

Mjög mikið var tekið af LSD á síðasta ári eða um 4000 þúsund skammtar sem er mun meira en síðustu ár þar á undan. Árið 2003 náðist einn skammtur af LSD.

- hrs



**SÝRA**

LSD er oft síað í pappírþynnur. Sýran sem brasilíska konan var tekin með var í töfluformi.

## Aukavinna kennara verður ekki greidd

Margir grunnskólakennarar höfðu lokið endurskipulagningu kennslu í þeirri vissu að fá greitt fyrir vinnuna. Rætt var um að einn vinnudagur fengist greiddur. Fræðsluráð mælti með greiðslunni en borgarráð felldi hugmyndina.

**SKÓLAMÁL** Borgarráð Reykjavíkur hefur ákveðið að ekki þurfi fjárveitingu til endurskipulagningu grunnskólustarfs þrátt fyrir tilmæli fræðsluráðs þess efnis.

Fimmtíu milljónir verða hins vegar veittar grunnskólum borgarinnar vegna tapaðra skóladaga í verkfalli kennara – og eiga þeir fjármunir að renna beint til undirbúnings efstu bekkja fyrir samræmd próf og til þeirra sem þurfa á sérstakri aðstoð að halda.

Kristinn Breiðfjörð, varaformaður Skólustjórafélags Íslands, segir skólustjóra geta nýtt verkstjórnartímann, sem þeir hafi til umráða hjá kennurum, til endurskipulagningarinnar. Það komi þó niður á öðrum verkefnum innan skólans, til dæmis verði umhverfisfræðsla látin sitja á hakanum.

Kennarafélag Reykjavíkur gagnrýnir borgarráð fyrir að fara ekki að tillögum fræðsluráðs um að greiða kennurum sérstaklega fyrir endurunnar kennsluáætlanir.

### PRJÁTÍU OG FIMM DAGA VERKFAHLL KENNARA

- # Almennur launakostnaður vegna kennslu kostar borgina um 20 milljónir króna – sé miðað við 180 kennsludaga fyrir nýgerða kjarasamninga
- # Kjarasamningarnir hækka upphæðina um 12 prósent
- # Borgin greiðir 50 milljónir vegna tapaðra skóladaga
- # Borgin greiddi 195 milljónir í eingreiðslu til kennara
- # Laun kennara í vetrarfrii eru um 80 milljónir
- # Laun kennara sem ekki voru greidd á verkfallstímabili um 500 milljónir
- # Fjárhagslegur sparnaður borgarinnar grófluga áætlaður um 175 milljónir króna

Heimildir: Fræðslumiðstöð Reykjavíkur

Ólafur Loftsson, formaður félagsins, segir marga kennara þegar hafa sinnt þessu verkefni á þeirri forsendu að þeim yrði greiddur einn vinnudagur fyrir verkið.

Ólafur spyr hvort ákvörðun Reykjavíkurborgar snúist um sparnað eða hvort tillaga ráðsins hafi einungis verið illa orðuð. Steinunn segir sparnað ekki hafa ráðið úrslitum.

„Verið er að setja umtalsverða aukafjárveitingu í skólana. Aðalatriðið er að peningarnir nýtist í kennslu barnanna, því það eru jú

börnin sem hafa misst kennslustundir og kennsludaga,” segir Steinunn og ítrekar þannig að aukafjárveitingin eigi ekki að renna til kennara.

Runólfur Birgir Leifsson, forstöðumaður fjármálasviðs Fræðslumiðstöðvar Reykjavíkur, segir að óskað hafi verið eftir greinargerðum frá grunnskólum borgarinnar um hvernig þeir hyggist bæta nemendum upp tapada skóladaga. Fjórir hafi svarað en skólarnir geri nú þegar ráð fyrir aukafjárveitingunni. [gag@frettabladid.is](mailto:gag@frettabladid.is)



UNGLINGAR Í FOLDASKÓLA

Börn að leik í frímínútum í Foldaskóla í Grafarvogi. Endurskipulagningu náms er að mestu lokið í grunnskólum höfuðborgarinnar. Kennarar gerðu hana margir í þeirri trú að fá sérstaklega greitt fyrir þá vinnu.

Borgarfulltrúar senda skýr skilaboð til kennara:

## Kennarar rusluðu til og fá ekki borgað fyrir að þrifa

**SKÓLAMÁL** Skilaboðin frá borgarfulltrúum til kennara eru að þeir hafi gengið of langt, segir Bergþóra Valsdóttir, framkvæmdastjóri SAMFOKS, sambands foreldrafélaga og foreldraráða í grunnskólum Reykjavíkur. Borgarráð studdi ekki tillögu fræðsluráðs um greiðslu fyrir endurskipulagningu skólustarfs í grunnskólunum.

Bergþóra segir að hjá hópi foreldra hafi síðasti samúðarvotturinn með málstað kennara fokið tveimur dögum eftir að lög voru sett á verkfallið og sumir kennara mættu ekki til vinnu. Hún velti fyrir sér hvort ákvörðun borgar-



BERGÞÓRA VALSDÓTTIR

Segir kennara geta unnið að endurskipulagningu kennslu í grunnskólum á laugardögum. „Þeir geta það. Ef ég klára ekki það sem ég þarf að gera þá geri ég það á kvöldin og um helgar,” segir Bergþóra. „Launalaust.”

ráðs sé byggð á sjónarmiði þess hóps og ráðið horfi til þess að verkfall kennara hafi valdið því að starfsáætlanir sem unnar voru fyrir veturinn hafi ekki staðist. „Þið rusluðu til í herberginu ykkar og þið fáið ekki borgað fyrir að taka til,” séu skilaboðin.

Bergþóra sem á sæti í fræðsluráði segir ráðið hafa lagt sig fram og gengið mjög langt í að koma til móts við kennara. Það hafi verið tillitssamt gagnvart tilfinningum kennara og sálarástandi eftir verkfallið. Borgarfulltrúarnir endurspeglir hins vegar hug hluta borgaranna.

- gag





FLORISIA F11718

SEGGU ÞAÐ MEÐ BLÓMUM Á BÓNDADAGINN





HVÆÐ ER AÐ FRÉTTA? HARALDUR BENEDIKTSSON FORMAÐUR BÆNDASAMTAKA ÍSLANDS

## Hoppa ekki með annan fótinn í skálminni

„Það eru auðvitað að skella á þorra-blót og bóndadagur,“ segir Haraldur Benediktsson formaður bændasamtakanna. Haraldur segir að þorinn sé mikil hátið til sveita því með blótunum vakni til lífs hið hefðbundna skemmtanalíf sveitanna. „Við bændur erum hins vegar hættir að hoppa í kringum bæinn með fótinn í annarri buxaskálminni, að minnsta kosti þar þar sem ég þekki til.“ Haraldur segist þó ekki halda sérstaklega upp á bóndadaginn og á ekki von á óvæntum glaðningi frá frúnni. „Nei, við stundum ekki svoléiðis, en þetta gengur jafnt yfir þannig að ég þarf ekki að spá í konudaginn heldur,“ segir hann og hlær. Haraldur býst við að fara á tvö til þrjú



þorablót í ár og hlakkar mikið til enda finnst honum allur þorramatur afskaplega góður. „Fyrir það eitt er þetta auðvitað sérstök hátið fyrir okkur bændur því afurðir okkar seljast sem aldrei fyrr á þorranum og þetta er því góð ársáhrif eða uppskeruhátið fyrir okkur.“ Haraldur stefnir á að fara á tvö blót upp í sveit og eitt hjá Bændasamtökunum. Fyrsta þorablótið er á morgun á Hvalfjarðarströnd. „Þetta er ekki í minni heimasveit í strangasta skilningi en ég bý þó í Hvalfirðinum svo að segja. Þetta er fyrsta blótið síðan það var ákveðið að sameina sveitarfélögin á svæðinu þannig að það verður kannski með öðru andrúmi í ár en áður.“

# 24

stundir

### SJÓNARHÓLL

NÝR SPÍTALI EÐA VIÐBYGGING



HILMAR BJÖRNSSON

Telur að byggja eigi glænýjan spítala.

## Byrja á nýjum stað

„Landspítalinn er byggður 1930 og það hefur mikið vatn runnið til sjávar síðan þá. Hugmyndir um spítalabyggingar og starfsemi sjúkrahúsa er með allt öðrum hætti og borgarskipulagið er gjörbreytt. Ef byggt verður við spítalann þá verður ýmislegt í starfsemi þungt, óhentugt og erfitt. Spítalinn verður dýrari í rekstri og mannhaldi og þess vegna held ég að það sé rétt að byrja á nýjum stað,“ segir Hilmar Björnsson arkitekt um þær hugmyndir að byggja nýjan spítala eða byggja við þann sem fyrir er. „Ef nýr spítali verður byggður verður maður að hugsa um hvað á að gera við gamla húsið. Það þarf að finna einhverja starfsemi sem hentar fyrir miðbæjarstarfsemi. Í gamla húsnæðinu er hægt að reka hótél, stúdentagarða eða íbúðir fyrir aldraða. Það er líka hægt að reka þar sjúkrahús í samvinnu við Borgarspítalann. Sjúklingar eru þá rannsakadír á öðrum staðnum og svo fluttir á hinn staðinn,“ segir hann og telur flutningana sjálfa lítið mál en spurning með gagnakerfið.

## Súrsað vegna saltskorts

Þótt þjóðin hafi borðað þorramat öldum saman er aðeins hálf öld síðan farið var að tengja súrmat þessum árstíma öðrum fremur. Litlar sem engar heimildir eru til um þorablót til forna.

Ekkert er vitað um matseölinn á þorablótum til forna enda er óljóst hvort þau hafi yfirleitt farið fram. Þorablót með súrmat og tilheyrandi fóru hins vegar ekki að tíðkast fyrr en fyrir fáeinum áratugum. Saltskortur fyrr á öldum knúði landsmenn til að leggja mat í súr til að auka geymsluþol hans.

### Barist með bjúgum

„Það er eiginlega ekkert til af rituðum heimildum um mat frá miðöldum, menn voru ekki að skrifa um slíkt. Ef maður sér mat í miðaldaheimildum er það vegna þess að hann kemur við sögu í tengslum við bardaga og slíkt, til dæmis þegar menn voru að berja hver annan með bjúgum eða drekkja hver öðrum í sodkötum,“ segir Hallgerður Gísladóttir, þjóðháttafræðingur á Þjóðminjasafni Íslands. Hún segir nánast engar



HALLGERÐUR GÍSLADÓTTIR

„Mér finnst óskaplega gaman að borða súrmat. Hangikjötið er ágætt en ég held samt að hákarlinn sé það sem ég held mest upp á.“

heimildir um að þorablót hafi yfirleitt verið haldin á miðöldum og því sé ekkert vitað um matarvenjur á slíkum samkomum.

Með þjóðfrelsisbaráttu 19. aldar hefst þorablótahald á þorranum og segir Hallgerður að þar hafi hangikjöt, hákarl, bjór og brennivín verið á borðum. Súrmatur var hins vegar ekki í boði enda var hann nánast daglega á borðum landsmanna langt fram á tuttugustu öldina og því tæpast þótt nógu finn fyrir blótandi fólk.

Um miðja síðustu öld fara menn svo að tala um þorramat og hefur veitingamönnum á Naustinu gjarnan verið eignaður heiðurinn af því orði. Upp úr því bætist svo súrmaturinn við þorratrogin svo og ýmsar aðrar matartegundir sem ekki

er u beinlínis þjóðlegar eins og svonefnt ítalskt salat, síld og jafnvel kótleitur í raspi en dæmi eru um slíkt á sumum stöðum á landinu.

### Súrsað frá ómunatíð

Þótt lítið sé af beinum heimildum um miðaldamat Íslendinga hafa fræðimenn verið lunknir við að geta í eyðurnar. Hallgerður bendir á að þar sem sýrukeröld hafi fundist við fornleifauppgröft þá megi einfaldlega draga þá ályktun

að menn hafi lagt mat í súr. „Þegar allt fer að koma úr myrkri aldanna leggja menn saman tvo og tvo.“

Þannig velkist Hallgerður ekki í neinum vafa um að þessi geymsluaðferð hafi tíðkast hér frá ómunatíð. „Þetta var þekkt í Noregi áður fyrr en er þar aflagt fyrir löngu. Sennilega hafa landnámsmennirnir komið með þessa þekkingu þaðan. Síðan verður þetta almenn geymsluaðferð hér vegna þess að hér var svo lítið salt fyrr á öldum.“ Spurð hvers vegna matur hafi ekki verið geymdur í ís eða snjó segir Hallgerður ákveðin vandkvæði vera á því sökum umhlepþinga. Einhver dæmi eru þó um að snjó hafi verið borinn í hella

og jarðhýsi þar sem matur var geymdur en þau eru öll nýleg. Að sjálfsgöðu þykir Hallgerði blessaður þorramaturinn býsna góður. „Einum of, einum of. Mér finnst óskaplega gaman að borða súrmat. Hangikjötið er ágætt en ég held samt að hákarlinn sé það sem ég held mest upp á.“

sveinng@frettabladid.is

### SVONA ERUM VIÐ



HVER ÍSLENDINGUR FÆR UM ÁTTA BÆKUR LÁNAÐAR Á BÓKASÖFNUM ÁR HVERT

Reykvíkingar fá rúmlega níu bækur lánaðar en íbúar Norðurlands vestra aðeins eina. Heimild: Hagstofa Íslands

## Eistu en ekki pungar

Ýmislegt ratar í þorabakkann sem erfitt er að kunna deili á. Allt er þetta þó herramannsmatur enda úrvalshráefni notað í hann.

### Lundabaggar

Í hefðbundnum lundaböggum eru lundum innan úr kindahyggiðum vafið inn í hreinsaða ristla af sömu skepnu og þindin saumuð utan um. Þetta var soðið, fergt og lagt í súr. Í dag eru hins vegar síðurnar af kindinni notaðar í baggana og þeir því feitari fyrir víkið.



### Magáll

Kviðvöðvar kindarinnar eru soðnir í stutta stund og síðan settir undir farg og pressaðir. Því næst er vöðvunum komið fyrir í grisju og þeir hengdir upp til reyklingar.

### Bringukollar

Áður fyrr voru heilar kindabringur soðnar og settar í súra mysu en nú eru dílka-skrokkarnir hlutaðir í tvennt og bringan þar með.



### Hrútspungar

Hrútspungar eru í raun rangnefni því í dag snæða menn eingöngu eistun. Í gamla daga voru þau hins vegar geymd í pungnum sem hafði verið rakaður, eða sviðinn og skafinn. Oft var einhverju feitmeti troðið ofan í pungenum því eistun eru fitusnauð. Svo var saumað fyrir, pungarnir soðnir, fergðir, súrsaðir og skornir í sneiðar. Mynstrið er hringlaga og því voru pungarnir oft kallaðir gleraugnapylsur.

### Sviðasulta

Sviðin eru soðin, kjötið skafið af þeim og það lagt í form og pressað. Sultan er ýmist súrsuð eða borðuð ný.



### Hákarl

Híð sérstaka bragð hákarlins stafar af því að hann er ekki með nýru og því fer þvægefnið beint út í kjötið. Fyrst er hann kæstur í nokkrar vikur, þ.e. grafinn í jörð, en síðan hengdur upp í hjalli.



## MANNLÍF á nýju ári

EINKAVIDTAL ÞÓRA Í ATLANTA FLUGRÍK OG FRJÁLS

SERÍALD UM HELSU

# MANNLÍF

Janúar 2005 012 61222 árg. 699 kr. B.V.S.

TENÓRINN SEM VILDI HEIMSFRAEGD  
MÆRMYND AF KRISTJANI JÓHANNESSYNI

MÓÐIR BERST VIÐ MND Á LOKASTIGI

## LÍFRÓÐUR LEIKSTJÓRANS

FRIDRIK ÞÓR FRIDRIKSSON SEGIR FRÁ GIALDPROTI ÍSLENSKU KVÍKMYNDRASAMSTYPPUNNAR OG HVAR HONUM MISTÓKST. HANN LÝSIR ÁRÁSINI Á ÓLSTOFUNNI ÞAR SEM VITNUM VAR ÖGNAD.





# ÞORRÁ



# BLÓTT

**Þorramatur  
úr kjötborði  
í miklu úrvali**



**49-**

**VIKING**  
léttöl  
500ml.



**798-**

**BÓNDADAGSBLÓM**  
-ekki gleyma bóndanum...

**KÖTLU  
KARTÖLFU-  
MÚS**

**98-**



**99kg-**

**RÓFUR**



**FJARÐARKAUP**

*ekki bara verð!*



**36%**  
afsláttur

**KRÓNU  
PURRKRYDDAÐ  
LAMBALÆRI**

**895** kr.  
kg  
með afslætti

**20%**  
afsláttur

**GÓÐA SÚRMATUR  
Í FÖTU 1,2 kg**

**1411** kr.

**KJÚKLINGUR  
FROSINN, 2 fl.**

**269** kr.  
kg  
með afslætti

**46%**  
afsláttur

**25%**  
afsláttur

**KRÓNU PYLSUR**

**599** kr.  
kg  
með afslætti

**KRÓNU SKINKA**

**599** kr.  
kg  
með afslætti

**25%**  
afsláttur

**KRÓNAN**

**KOSTAR MINNA**

SKEIFAN / BÍLDSHÖFÐI / HRINGBRAUT / BREIÐHOLT / NORÐURBRÚN / HVALEYRARBRAUT / MOSFELLSBÆR / SELFOSS / VESTMANNAEYJAR / HÖFN / PORLÁKSHÖFN  
11-19 10-19 9-21 11-21 11-21 11-19 11-24 11-19 11-19 11-19 11-19

virkir dagar 11-20  
laugardagar 11-18  
sunnudagar 11-16





COCOA PUFFS  
TVÖFALDUR PAKKI

**599** kr. pk.



MYLLU  
BRALLARABRAUD

**98** kr. stk.

APPELSÍNUR

**98** kr. kg



Opið alla daga  
vikunnar



PAMPERS BLEYJUR  
VERÐ FRÁ

**978** kr. pk.



NÝMJÓLK/  
LÉTTMJÓLK

**75** kr. 1 l



COKE LIGHT

**129** kr. 2 l



BOUNTY  
ELDHÚSPAPPÍR

**349** kr. pk.

FAIRY  
UPPVOTTALÖGUR

**189** kr. stk.







## SPURT & SVARÐ

NÝ SJÓNVARPSSTÖÐ



SIGURJÓN SIGHVATSSON

### Gömul hugmynd

Sigurjón Sighvatsson og Björn Steinbekk Kristjánsson ætla að stofna nýja sjónvarpsstöð á Norðurlöndunum á næstu mánuðum. Sigurjón segir að stöðin muni heita Big TV.

**Hvernig kom þetta til?** Ég er búinn að vera með þessa hugmynd í mörg ár enda hef ég unnið mikið við tónlistarmyndbandagerð og annað slíkt. Síðan hitt ég Björn og hann var líka búinn að vera með svipaðar hugmyndir og upp frá því fór boltinn að rúlla.

**Hverjir eiga sjónvarpsstöðina?** Ég og Björn og síðan fjárfestar. Það verður ljóst í næstu viku hverjir það eru.

**Hvernig efni munu þið sjónvarpa?** Markhópurinn hjá okkur er ungt fólk frá tólf og upp í 24 ára. Efnið miðast við það. Þetta verður fyrst og fremst afþreyingarefni sem mikið til verður búið til af ungu fólki.

**Hvar mun stöðin nást?** Til að byrja með verðum við í Noregi og Finnlandi en stöðin mun síðan nást á öllum Norðurlöndunum. Fólk víðs vegar um heim mun líka geta horft á Big TV á netinu.

**Er þetta dýrt?** Nei, tæknin er orðin þannig að kostnaðurinn við þetta er ekki jafnmikill og hann var áður.

**Hvenær hefjast útsendingar?** 1. maí.

## FBL GREINING – KÓKAÍN

# Þunglyndi fylgir kókaínvímunni

Hörður Jóhannesson, yfirlöggreglupjónn í Reykjavík, sagði í Fréttablaðinu að hópur fíkniefnaneytenda væri orðinn breiðari en áður. Hann segir kókaínneyslu þekkt og fína fólksins aukast og hún sé orðin hluti af skemmtanamynstri þess. Kókaín er dýrasta fíkniefnið á þessum markaði. Hver eru áhrif kókaíns?

Í hóflegum skömmtum örvar það miðtauga-kerfið, blóðþrýstingur hækkar og hjartsláttur eykst um helming. Leiðir til málgefni, æsings og eirðarleysis. Þreyta hverfur, líkamleg áreynsla verður auðveldari. Sjálfstraust eykst og viðkomandi „veit allt og getur allt“.

Dómgreind brestur og viðkomandi tekur áhættu sem undir eðlilegum kringumstæðum myndi aldrei koma til greina. Í upphafi neyslu finnur viðkomandi sig í vellíðunarávímu og áhugasaman um kynlíf. Eftir nokkurn tíma í neyslu dofna sá áhugi og getuleysi er algengur fylgikvilli. Hversu lengi vara áhrif kókaíns?



Með innspýtingu varir víman eða eitrunin í tíu til fimmtán mínútur. Víma af völdum sniffs endist aðeins skemur.

Er kókaín ávanabindandi?

Það er líklega meira ávanabindandi en nokkurt annað fíkniefni. Kókaín hefur áhrif á þá hluta heilans sem stjórna ánægjulegum skynjunum og tilfinningum. Strax að lokinni vímunni verður neytandinn mjög niðurdreginn, nánast þunglyndur. Með því að fá sér annan skammt getur neytandinn forðast óþægindi þunglyndis og farið í aðra vímu eða framlengt upphaflegu eitursáhrifin.

Getur fólk dáið af kókaínneyslu?

Ófneysla er frekar sjaldgæf en viðkomandi deyr nokkrum klukkustundum eftir neyslu ef um of stóra skammta er að ræða og á dauðinn þá yfirleitt rætur sínar að rekja til hjartaslags eða blóðrásartruflana í kjölfar langvinnrar neyslu.

# Penningar og rannsóknir

Samhljómur er meðal prófessoranna fjögurra sem sækjast eftir embætti rektors Háskóla Íslands. Allir leggja ríka áherslu á að fá meiri peninga til starfseminnar og vilja efla rannsóknarþátt skólans. Vaka, félag lýðræðissinnaðra stúdenta, efndi til opins fundar með frambjóðendum í gær.

Um fimmtíu manns voru saman komnir í stofu 101 í Odda, einni af byggingum Háskóla Íslands, til að hlýða á mál frambjóðendanna og spyrja þá út úr. Fjórir prófessorar eru í framboði; þau Ágúst Einarsson, prófessor við viðskipta- og hagfræðideild, Einar Stefánsson, prófessor við læknadeild, Jón Torfi Jónasson, prófessor við félagsvísindadeild, og Kristín Ingólfssdóttir, prófessor við lyfjafræðideild.

Vel fór á með frambjóðendum þegar þeir stungu saman nefjum við upphaf fundar, þeir brostu og jafnvel hlógu.

Fundurinn í gær var sá fyrsti sem efnt er til með frambjóðendum og markar upphaf kosningarbaráttunnar. Framboðsfrestur rann út í gær en kosið verður þriðjudaginn 15. mars.

Eftir nokkru er að slægjast meðal stúdenta því atkvæði þeirra veiga 30 prósent á móti 60 prósentum kennara, sérfræðinga og háskólamenntaðra starfsmanna og tíu prósentum annarra starfsmanna skólans. Áhugi stúdenta á kosningunum virðist þó takmarkaður, í það minnsta ef miðað er við aðsóknina á fundinn í gær.



NÆSTI REKTOR HÁSKÓLA ÍSLANDS

Kristín flytur framsögu sína á fundinum í Odda í gær og Ágúst, Einar og Jón Torfi hlýða íbyggir á.

### 24 stundir

Ágúst Einarsson mælti fyrstur frambjóðenda og lagði mikla áherslu á samráð við nemendur um málefni skólans. Hann nefndi nokkur mál sem hann hyggst beita sér fyrir og snerta stúdenta með beinum hætti, til dæmis vill hann bjóða upp á lesaðstöðu allan sólarhringinn, kennslu á að vera lokið ekki seinna en klukkan 5 á daginn og tæknivæða á allar skólastofur. Ágúst vill auka sjálfstæði deilda, hann leggur áherslu á jafnrétti og segir nauðsynlegt að fjölga konum í ráðandi stöðum í stjórnsýslu skólans auk þess sem bæta þurfi fjármálastjórn hans. Hann leggur ríka áherslu á að fjárframlög til skólans verði hækkuð og staða hans sem rannsóknarháskóla efl. Ágúst lauk máli sínu á að segja Háskóla Íslands þurfa öflugan forystumann og að sjálfur gæti hann veitt þá forystu.

### Vísindagarðarnir

Einar Stefánsson steig næstur í pontu og byrjaði á að kynna sjálfan sig. Benti hann fundarmönnum á að hann hefði meðal annars unnið við virtan háskóla í Bandaríkjunum og taldi mikilvægt að slík reynsla væri metin að verðleik. Þá sagðist hann vera einn af virkustu vísindamönnum Háskóla Íslands. Einar horfir björtum augum til fyrirhugaðrar byggingar nýs hátæknisjúkrahúss og telur allar deildir Háskólans munu njóta góðs af. Þá vill hann sjá vísindagarða rísa sem fyrst í Vatnsmyrinni. Hann telur mikilvægt að samfélagið sameinist um að veita góða menntun sem kostuð verði af

sköttum. Hann lagði ríka áherslu á að fjárframlög til skólans yrðu hækkuð og staða hans sem rannsóknarháskóla efl. Þá vill Einar að sem flestum verði gert kleift að stunda nám við HÍ.

### Margt gott

Jón Torfi Jónasson notaði ekki glætur með sinni framsögu, ólíkt hinum þremur. Hann hóf mál sitt á að segja að staða Háskóla Íslands væri um margt mjög góð og að skólinn nýti trausts í samfélaginu. Jón Torfi minnti á að Háskólinn ætti ekki bara í samkeppni nú þó fleiri háskólar væru teknir til starfa, hann hefði lengi átt í samkeppni við skóla í útlöndum og einnig ríkti samkeppni á milli deilda innan HÍ. Hann lagði ríka áherslu á að fjárframlög til skólans yrðu hækkuð og staða hans sem rannsóknarháskóla efl. Jón Torfi vill að fram fari vitræn og víðtæk umræða um Háskólann í öllu samfélaginu og telur að þannig og aðeins þannig fái hann meiri peninga til starfseminnar. Þá telur hann að bæta þurfi vinnuáðstöðu að Þjóðarbókhlaðan eigi að vera opin sem lengst.

### Hættum í vörn

Kristín Ingólfssdóttir mælti síðust og byrjaði á að ræða um stöðu Háskóla Íslands í gjörbreyttu umhverfi vegna stofnunar nýrra háskóla. Hún sagði HÍ yfirleitt vera í varnarbaráttu og af þeirri braut þyrfti að snúa. Þá telur hún mikilvægt að marka Háskólanum innri stefnumörkun um leið og stefna skólans út á við sé mótuð með stjórnvöldum. Hún sagði mikil-

vægt að framfylgja jafnréttis-áætlun skólans sem og að endurskoða stjórnskipulag hans. Hún lagði ríka áherslu á að fjárframlög til skólans yrðu hækkuð og staða hans sem rannsóknarháskóla efl. Þá vill hún hraða byggingu vísindagarða í Vatnsmyrinni. Kristín sagði mikilvægt að efla framhaldsnám við Háskólann en um leið vill hún hlúa vel að grunnnáminu og passa að það gleymist ekki.

### Shakespeare rýfur fund

Að framsögnum loknum var opnað fyrir spurningar utan úr sal. Einum fundarmanna lék forvitni á að vita hvernig mögulegt væri að auka fjárframlög til Háskólans og svöruðu frambjóðendurnir því allir til að ríkið yrði að axla sína ábyrgð í þeim efnum. Ágúst nefndi þó að sveitarfélög og fyrirtækin í landinu ættu einnig að koma að málum og Einar sagði þjóðfélagið allt þurfa að sameinast um verkefnið. Benti hann á að milljörðum væri varið í kosningarbaráttu Íslands til að komast í öryggisráð Sameinuðu þjóðanna. Jón Torfi sagði umræðu á breiðum grundvelli um hlutverk Háskólans nauðsynlega til að opna augu stjórnvalda og Kristín sagði menn hafa verið of hógværa í sókninni í meiri peninga.

Þegar frambjóðendur voru í þann mund að byrja að svara vangaveltum eins fundargesta um hvort Háskóli Íslands væri í raun sá þjóðarskóli sem honum ber að vera var fundi slitið því kennsla í Shakespeare var að hefjast í sal 101.

bjorn@frettabladid.is



## VINNUVÉLAR

Blað um vinnuvélar mun fylgja Fréttablaðinu miðvikudaginn 26. janúar.

Ámundi Ámundason

Sölufulltrúi

amundi@frettabladid.is / Sími 515 7580 / GSM 821 7514



VILTU SPARA - VILTU GRÆÐA

# RISA ÚTSALA

á 100 völdum bílum

Ingvar Helgason Notaðir bílar

Hefst í dag föstudag  
Mikill afsláttur  
Opið alla helgina

OPNUNARTÍMAR  
FÖSTUDAGUR..... 9 - 18  
LAUGARDAGUR..... 10 - 17  
SUNNUDAGUR..... 12 - 17

#### VERÐDÆMI

OPEL ASTRA COUPE  
Skráður 02/03 ekinn 32 þ. km  
Verð kr. 2.180 þ.  
Útsöluverð kr. 1.680 þ.

Afsláttur 500.000 kr.

#### VERÐDÆMI

SUBARU FORESTER  
Skráður 06/99 ekinn 151 þ. km  
Verð kr. 1.100 þ.  
Útsöluverð kr. 760 þ.

Afsláttur 340.000 kr.

#### VERÐDÆMI

VOLKSWAGEN GOLF  
Skráður 12/96 ekinn 153 þ. km  
Verð kr. 570 þ.  
Útsöluverð kr. 320 þ.

Afsláttur 250.000 kr.

#### VERÐDÆMI

SUBARU LECAGY  
Skráður 07/03 ekinn 52 þ. km  
Verð kr. 2.080 þ.  
Útsöluverð kr. 1.770 þ.

Afsláttur 310.000 kr.

#### VERÐDÆMI

NISSAN ALMERA COMF.  
Skráður 11/00 ekinn 124 þ. km  
Verð kr. 680 þ.  
Útsöluverð kr. 380 þ.

Afsláttur 300.000 kr.

#### VERÐDÆMI

OPEL ASTRA 1.6GL  
Skráður 04/00 ekinn 90 þ. km  
Verð kr. 870 þ.  
Útsöluverð kr. 550 þ.

Afsláttur 320.000 kr.

#### VERÐDÆMI

OPEL ZAFIRA  
Skráður 09/03 ekinn 19 þ. km  
Verð kr. 2.190 þ.  
Útsöluverð kr. 1.780 þ.

Afsláttur 410.000 kr.

#### VERÐDÆMI

NISSAN TERRANO  
Skráður 06/00 ekinn 116 þ. km  
Verð kr. 1.530 þ.  
Útsöluverð kr. 1.180 þ.

Afsláttur 350.000 kr.

## 100% lánamöguleikar

Sölu ráðgjafar notaðra bíla sími 525 8020



Pétur Björnsson  
sölu stjóri.  
Sími 525 8000  
Netfang: petur@ih.is



Guðmundur J. Ólafsson  
sölu ráðgjafi.  
Sími 525 8022.  
Netfang: guðmundur@ih.is



Garðar Már Garðarsson  
sölu ráðgjafi.  
Sími 525 8027.  
Netfang: gardar@ih.is



Ragnar Borgþórsson  
sölu ráðgjafi.  
Sími 525 8029.  
Netfang: ragnarb@ih.is



Sigurður Ófeigsson  
sölu ráðgjafi.  
Sími 525 8028.  
Netfang: siggi@ih.is

Veitingar í boði



Heppnir viðskiptavinir geta unnið  
bensínkort

frá







FYRSTI HLUTI

## IMPREGILO Á ÍSLANDI

Scott David Rigler hefur stýrt veitingaþjónustu og þrifum víða um heim:

# 800 grömm af kjöti eða fiski á mann

Scott David Rigler, framkvæmdastjóri Kárahnjúkadeildar Sodhexo Universal, virðist taka nærri sér þá gagnrýni sem hefur verið á kost starfsmanna Impregilo. Hann hefur starfað víða um heim fyrir hönd fyrirtækisins og segist aldrei hafa lent í eins mikilli orrahríð og hér. Honum er því mikið í mun að leiðrétta þá mynd sem gefin hefur verið.

Sodhexo Universal er alþjóðlegur undirverktaki sem sér um innkaup á mat og öðrum nauðsynjum, stýrir mótuneytinu og matvöruversluninni og sér um þrif í vinnubúðunum á Kárahnjúkum. Gagnrýnin á Sodhexo hefur einkum ver-

ið á þá lund að maturinn sé ónægur og það segir Rigler að sé rangt. Það sé fyrirtækinu í hag að gera vel. Þegar mennirnir séu mettir og ánægðir vinni þeir vel.

Hann segir að gott og ferskt hráefni sé keypt af íslenskum birgjum og flutt að Kárahnjúkum einu sinni í viku. Sodhexo framreiðir heitar máltíðir tvisvar á dag, í hádeginu og á kvöldin, og allir fá eitthvað frá sínum heimahögum tvisvar í viku.

Í hverri máltíð er gert ráð fyrir 800 grömmum af kjöti eða fiski á mann og Rigler segir að alltaf sé nóg af meðlæti auk grænmetis og

ávaxta. Matarkostnaðurinn segir hann að sé 30-35 prósent af því sem gerist í öðrum löndum Evrópu.

Rigler segir viðskipti Sodhexo við íslenska birgja skipta máli. Það sé gott fyrir samkeppnina að fá svona stóran aðila inn á markaðinn og íslenskir birgjar séu smám saman farnir að sjá að þeir geti lifað af viðskiptunum við Sodhexo. Þá veiti samkeppnin aðhald á markaðnum.

Rigler telur heppilegra fyrir Íslendinga að draga úr gagnrýninni og horfa á starf Impregilo og Sodhexo með jákvæðari hætti; reyna að gera eins gott úr þessu og hægt er.



**SCOTT DAVID RIGLER**  
Framkvæmdastjóri Sodhexo Universal, undirverktakans sem sér um matinn og þrifin í vinnubúðunum á Kárahnjúkum.

YFIRSTJÓRNIN

## Fanney er ritari Brunetti

Þær eru ekki margar konurnar á Kárahnjúkum en þó nokkrar og sinna ýmsum störfum, aðallega skrifstofuvinnu. Fanney Magnúsdóttir er ein þessara kjarnakvænna. Hún er ritari Luciano Brunetti en hann er einn af toppstjórnendum Impregilo á Íslandi og sér um fjármál og starfsmannamál.

Fanney kom til starfa hjá Impregilo í lok júní í fyrra en hún var leiðbeinandi við grunnskólann í Brúarási. Hún missti vinnuna þegar réttindakennari var ráðinn til starfa. Hún hafði áður starfað sem ritari og var því kjörin til starfans. Hún sinnir einkum skjalavörslu, símsvörun og almennri skrifstofuvinnu.

Stór hluti af starfinu er líka þýðingar af ensku á íslensku og öfugt. Aðrir starfsmenn eru síðan fengnir til að grípa í þýðingar eftir því hvert móðurmál þeirra er og svo er leitað til löggilts skjalapýðanda þegar þörf krefur.

Fanney er búsett í Fellabæ en hefur herbergi á Kárahnjúkum. Hún stundar fjarnám við Kennaraháskólann og eyðir því frítíma sínum yfirleitt í námið. Eftir að vinnudegi lýkur klukkan sex sest hún við tölvuna inni í herbergi til að læra. Um helgar fer hún alltaf heim á kvöldin eftir að vinnudegi lýkur ef veður leyfir. Hún hefur því ekki sótt mikið félagslífið á staðnum en Impregilo rekur klúbb í félagsmiðstöðinni og þar er hægt að gera ýmislegt sér til afþreyingar; horfa á fréttir eða vídeó og tefla eða spila. Á laugardagskvöldum er pitsa og þá er hægt að dansa eða fara í karaóki.

Fanneyju finnst gott að vinna á Kárahnjúkum. „Fólkið er gott og það er sérstakt og gaman að vera í svona alþjóðlegu umhverfi,“ segir hún.

Karlarnir á Kárahnjúkum eru notaðir við konurnar á staðnum, jafnvel þeir íslensku eru farnir að opna dyr og sýna háttvísi og kurteisni í umgengni.

- ghs



**FANNEY MAGNÚSDÓTTIR**  
Luciano Brunetti sér um fjármálin og starfsmannamál á Kárahnjúkum og Fanney Magnúsdóttir er ritari hans. Hún sinnir meðal annars þýðingum og almennri skrifstofuvinnu.



### ÆBSTU STJÓRNENDUR IMPREGILO

Gianni Porta, verkefnisstjóri Impregilo á Íslandi, Filippo Milazzo, mannaútsjórnaði frá Milano, Luciano Brunetti, skrifstofustjóri á Íslandi, Edgardo Fogli, fulltrúi verktakans, og Ómar R. Valdimarsson, talsmaður Impregilo.

# Vilja nákvæmar útlistanir frá verkalyðshreyfingunni

Fréttablaðið sat fund með yfirstjórnendum Impregilo á Kárahnjúkum og var þungt hljóð í mönnum. Þeim finnst óþolandi að vera „nánast í stöðu glæpamanna“ fyrir það eitt að virða reglur og samkomulag. Starfsmannaveltan er gríðarleg á svæðinu enda þola Portúgalarnir ekki kuldann á Íslandi.

Greinilegt er að æbdu stjórnendum Impregilo á Íslandi telja að sér og sínu fyrirtæki vegið í umræðunni síðustu mánuði og misseri, ekki síst af hálfu verkalyðshreyfingarinnar. Þeir mæta fjórir á fund með blaðamanni og ljósmyndara Fréttablaðsins á Kárahnjúkum til að ræða deiluna við verkalyðshreyfinguna og þörfina á erlendu vinnuafli.

Þeir telja forystu verkalyðshreyfingarinnar hafa verið með óþarfa upphlaup og rangindi í yfirlýsingum sínum en taka samt fram að þeir hafi átt gott samstarf við Odd Friðriksson yfirtrúnaðarmann. Þeir benda á að margt hafi breyst og þetta sé allt að þokast í rétta átt, aðbúnaður verkamanna hafi batnað og enn sé unnið í því máli. Þeir hafi lagt sig fram og skilji því ekki hvers vegna átök eigi sér stað.

Fyrirtækið hafi undirritað rammasmáttal við ítölsku verkalyðsfélögin og Alþjóða byggingasambandið í haust. Heimsókn fulltrúa verkalyðshreyfingarinnar hingað til lands þessa dagana sé liður í þessu samkomulagi og þyki sýna vilja Impregilo til að eiga gott samstarf við verkalyðsfélögin. Þá hafi náðst samkomulag við Íslendingana fyrir rúmu ári og við það sé

staðið í hvívetna. Þeir kalla því eftir nákvæmum útlistanum frá verkalyðshreyfingunni um það með hvaða hætti fyrirtækið hafi ekki staðið við lög, reglur og gefin loforð.

### Ef ég bara vissi...

Athygli vakti að Impregilo neitaði að ræða við félagsmálanefnd Alþingis að viðstöddum fulltrúum verkalyðshreyfingarinnar og segja stjórnendurnir ástæðuna meðal annars þá að virðing Alþingis skipti meira máli en að tveir aðilar deili á nefndafundi.

„Þegar við hittum félagsmálanefnd í þinginu kom það okkur á óvart að fá nánast stöðu glæpamanna fyrir að hafa virt reglur og lög og samkomulagið við verkalyðshreyfinguna sem er hluti af okkar samningi. Það er mjög mikilvægt fyrir okkur að fylgja því samkomulagi sem gert var í upphafi og það erum við að gera en það virðist ekki vera nóg,“ segir Gianni Porta, verkefnisstjóri Impregilo.

„Ef ég vissi ástæðuna fyrir þessum misskilningi íslensku verkalyðshreyfingarinnar myndi ég líka hafa lausnina,“ segir hann.

Þeir telja engan menningarmun að ráði fyrir hendi, hvað þá að hann sé fyrirstaða eða áhrifa-

valdur í átökum alþjóðlega stórfyrirtækisins og innlendu verkalyðshreyfingarinnar. Aðeins þurfi sveigjanleika og hann sé fyrir hendi hjá Impregilo. Ekkert hindri Impregilo í því að reyna að skilja stöðu og málflytning Íslendinganna.

### Erfiðleikarnir hafa verið leystir

Impregilo hefur sóst eftir því að fá erlenda verkamenn til landsins, fyrst Portúgala og nú Kínverja, og það hefur staðið í verkalyðshreyfingunni, sem telur skorta vilja til að ráða Íslendinga og aðra Evrópubúa og ekki nóg gert til að auglýsa störfin innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Porta bendir á að Kárahnjúkar séu fjarri næstu borg og engir íbúar hafi verið fyrir á svæðinu.

Á örfáum mánuðum hafi fyrirtækið verið komið á gott skrið með upphafsframkvæmdirnar um leið og það var að komu upp fjórðu vinnubúðum. Annars staðar í heiminum komi farandverkamenn á staðinn, búi í vögnum sínum og sjái sér sjálfir fyrir mat. Hér hafi þurft samtímis að hefja framkvæmdir og koma upp þjónustu og húsnaði sem þyldi harðan vetur.

„Við höfum starfað við erfiðari veðurskilyrði, ekki jafn vindasöm en mun kaldari skilyrði, svo að

meginatriði málsins er að erfiðleikarnir hafa verið leystir,“ segir hann.

### Þola einangrun Kárahnjúka

Starfsmannaveltan er gríðarlega mikil og Portúgalarnir þola ekki kuldann á Íslandi. Þeir hafa því stoppað stutt í starfi.

Porta minnir á að lífsskilyrði á Vesturlöndum séu mjög há og alls staðar sé erfitt að fá fólk til starfa þar sem skilyrði eru erfið.

Vesturlandabúar hreinlega fáist ekki til svona starfa en fólk frá öðrum heimshlutum sé tilbúið að leggja það á sig. Þá vilji Impregilo ráða starfsmenn sem fyrirtækið hefur sjálft þjálfað, sérstaklega frá Kína, því að fyrirtækið þekki þá starfsmenn, viti að þeir hafi góða þekkingu og standi sig vel auk þess sem þeir þoli erfið veðurskilyrði og einangrun Kárahnjúka.

Þegar stjórnendur Impregilo eru spurðir um framgöngu íslenskra stjórnvalda í málinu síðustu vikur láta þeir ekki illa af henni þó að á ýmsu hafi gengið og misskilningur til dæmis verið á milli stofnana hvað varðar atvinnuleyfi. Þeir telja sig þó alls ekki hafa ráðherra eða stofnanir landsins í vasanum, eins og hörðustu gagnrýnendur vilji ef til vill meina.

ghs@frettabladid.is



# alltaf gott - alltaf ódýrt

## bóndadagurinn



**frítt**  
m. blómvendi

**699**  
kr.

Blómvöndur miðstærð



**35%**  
afsláttur

**999**  
kr.kg.

Ófnsteik m. rauðvínsblæ, m. ítölskum blæ  
verð áður 1.579 kr.kg.



**40%**

Matfugl ferskur kjúklingur  
merkt verð 598 kr.kg.

**30%**

Ferskir kalkúnastrimlar  
merkt verð 998 kr.kg.

## Nettó óskar vinningshafanum í „Lifðu frítt í eitt ár“

til hamingju með vinninginn – njóttu vel!



Bjarki Jakobsson, rekstrarstjóri Nettó, Pröstur Karlsson, verslunarstjóri Nettó í Mjódd, ásamt Sigurði Pálmarí frá KIA Íslandi, afhenda Gísla Guðbjörnssyni, vinningshafa Nettó kaupleiksins, "Lifðu frítt í eitt ár" vinninginn.

### Samstarfsaðilar okkar í leiknum fá bestu þakkir fyrir gott og árangursríkt samstarf.

Rás2, Árfell-KIA Ísland ehf., Olíufélaginu ehf., VÍS, Iceland Express ehf., Avis bílaleigunni, Securitas hf., Sambíóunum, Daníel Ólafssyni ehf., Ó.Johnson & Kaaber ehf, Vífilfelli hf., Norðlenska matborðinu ehf., Mjólkursamsölunni í Reykjavík svf.



**tvöfaldur**  
pakki

**999**  
kr.

Pampers Baby dry

## allt í matinn á einum stað

Verð birt með fyrirvara um prentvillur.  
Tilboðin gilda frá 20. til 23. jan. (nema annað sé tekið fram) eða meðan birgðir endast.

Akranes - opið: mán. til fös. 10.00-19.00, lau. 10.00-18.00, sun. 12.00-18.00  
Akureyri - opið: mán. til fös. 10.00-19.00, lau. 10.00-18.00, sun. 12.00-18.00  
Salahverfi Kópavogi - opið: mán. til fös. 10.00-21.00, lau. 10.00-21.00, sun. 12.00-18.00  
Mjódd Reykjavík - opið: mán. til fös. 10.00-19.00, lau. 10.00-18.00, sun. 12.00-18.00

**nettó**



# skoðun

**SJÓNARMÍÐ  
GUÐMUNDUR MAGNÚSSON**

Stjórnvöld vissu fyrir fram að Íslendingar yrðu á lista hinna staðföstu þjóða.

## Mótsagnir í málflutningi

Nokkra athygli vakti á dögnum þegar einn nánasti trúnaðarmaður Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra, Pétur Gunnarsson, skrifstofustjóri þingflokks framsóknarmanna, sagði í sjónvarpsþættinum Silfri Egils á Stöð 2 að ekki hefði verið leitað eftir samþykki íslenskra stjórnvalda fyrir því að nafn landsins yrði sett á hinn fræga lista staðfastra þjóða er veittu innrás Bandaríkjamanna og Bretá í Írak í mars 2003 pólitískan stuðning. Listinn hefði verið tilbúningur Karls Rove, ráðgjafa Bandaríkjaforseta.

Pétur Gunnarsson áréttaði þetta í grein sem hann ritaði í Tímann, vefrit Framsóknarflokksins, fyrir viku. Vegna eðlis málsins verður að ætla að sú grein hafi verið rituð í samráði við forsætisráðherra. Þar segir orðrétt: „Það var Karl Rove sem bjó til hugtakið „Listi hinna staðföstu þjóða“. Það var engin pólitísk ákvörðun íslenskra stjórnvalda sem lá að baki því að nafn Íslands var skráð á þann lista, það var almanna- tengslaákvörðun, tekin í Hvíta húsinu, í því skyni að koma pólitískum skilaboðum á framfæri á einfaldan hátt við bandarískan almenning. Á því bera íslensk stjórnvöld ekki ábyrgð heldur starfsmenn Hvíta hússins og forseti Bandaríkjanna“.

„Vitneskja um og samþykki fyrir því að Ísland yrði á lista sem birtur yrði heimsbyggðinni innrásinni til framdráttar var ... fyrir hendi hjá íslenskum stjórnvöldum áður en til innrásarinnar kom. Þau geta því ekki vikið sér undan ábyrgð og reynt að koma henni yfir á starfsmenn Hvíta hússins og forseta Bandaríkjanna.“

Í Fréttablaðinu í dag kemur fram að þetta er ekki rétt. Á fundi utanríkismálanefndar Alþingis 21. mars 2003, þremur dögum eftir að ákvörðun um stuðning Íslands við innrásina var tekin, skýrði Halldór Ásgrímsson, þá utanríkisráðherra, frá því aðspurður að Ísland hefði lent á lista hinna staðföstu þjóða eftir samtöl á milli embættismanna í forsætisráðuneytinu og utanríkisráðuneytinu. Vitneskja um og samþykki fyrir því að Ísland yrði á lista sem birtur yrði heimsbyggðinni innrásinni til framdráttar var samkvæmt þessu fyrir hendi hjá íslenskum stjórnvöldum áður en til innrásarinnar kom. Þau geta því ekki vikið sér undan ábyrgð og reynt að koma henni yfir á starfsmenn Hvíta hússins og forseta Bandaríkjanna.

Í ljósi ofangreinds vakna spurningar um það hvað vakað hafi fyrir samstarfsmanni forsætisráðherra með ummælum sínum og skrifum. Voru honum sjálfum ekki ljósar staðreyndir málsins? Fékk hann ekki réttar upplýsingar hjá forsætisráðherra? Erfitt er að trúa því að ætlunin hafi verið að hafa í frammi vísitandi blekkingar.

Í ritstjórnargrein í Morgunblaðinu í gær segir að Framsóknarflokkurinn hafi komið sér upp svokölluðum „spin doktorum“, sem hér á landi eru stundum kallaðir spunameistarar. Slíkir menn sjá um áróðurs- og kynningarmál fyrir stjórnvaldamenn og leitast við að sýna þá og flokka þeirra í sem hagstæðustu ljósi. Morgunblaðið segir að spunameisturum Framsóknarflokksins hafi mistekist gagnvart fjölmiðlum í Íraks málinu. Þar er síst of fast að orði kveðið. Dýðingarmeira er þó að ríkisstjórninni hefur mistekist gagnvart þjóðinni í Íraks málinu. Ráðherrar og þingmenn stjórnarflokka og starfsmenn þeirra hafa orðið marg- saga um málið allt. Það er óviðunandi í lýðræðisríki. Frétt Fréttablaðsins í dag færir kröfunni um opinbera rannsókn málsins aukið vægi. ■

FRÁ DEGI TIL DAGS	
<p><b>Hvað gera konur?</b></p> <p>Nýr rektor Háskóla Íslands verður kjörin í almennum kosningum í skólanum eftir tæpa tvo mánuði, hinn 15. mars. Fjórir prófessorar hafa gefið kost á sér, þrjár karlar og ein kona; Ágúst Einarsson í viðskiptadeild, Einar Stefánsson í lækna- deild, Jón Torfi Jónasson í félagsvísinda- deild og Kristín Ingólfssdóttir í lyfjafræði- deild. Er kosningabaráttan þegar hafin og er Ágúst Einarsson sagður athafna- samastur í því efni. Kona hefur aldrei gegnt embætti háskólarektors en konur eru fjölmennar í skólan- um: 62% nemenda eru kven- kyns, 63% starfsmanna í stjórnýslu skólans, 13% prófessora, 29% dósentar, 55% lektora og 44% að-</p>	<p>júnkta. Afstaða kvenna gæti því ráðið úr- slitum. Hvort konur stýja kvenframbjóð- andann þegar á hölminn er komið eða ákveða að halda í karlahefðina á eftir að koma í ljós.</p> <p>„Með einhverjum hætti“</p> <p>„Gengi krónunnar er um 7% hærra en það var fyrir ári síðan. Á sama tíma hefur verið á innfluttum vörum staðið í stað,“ segir í Morgunskoti, fréttabréfi Íslandsbanka, í gær. Neytendur sem muna viðbragðsflýti inn- flytjenda, hálfgerða sólarhrings- vakt, þegar krónan lækkaði reglulega fyrir á árum, eru að vonum hlessa. Af hverju fáum við ekki að njóta lægra innkaupsverðs strax?</p> <p>Svar sérfræðinga Íslandsbanka er þetta: „Talsverður tími kann að líða frá því að gengisbreytingar eiga sér stað þar til þær skila sér í verði til innlendra neytenda. Ráða þar þættir á borð við veltuhraða birgða, notkun á gengisvörum, sam- keppni í viðkomandi grein og þá hversu mikið fyrirtækin sveifluleiðrétta til skemmir tíma með því að breyta fram- legð sinni fremur en verði vörunnar til neytenda. Á endanum skilar gengisbreyt- ingin sér hins vegar með einhverjum hætti en það getur tekið langan tíma eða allt að einu og hálfu ári. Ljóst er að hækkun krónunnar undanfarið á að stærstum hluta eftir að koma fram í lækkuðu vöru- verði til neytenda. Líklegt að þau áhrif muni sjást á næstu mánuðum og að það muni draga niður verðbólgu“.</p> <p>gm@frettabladid.is</p>

## Hallarfrú Samfylkingar

Eitt af afmælisbörnum dagsins, Davíð Stefánsson, sem hefði orðið 110 ára í dag, orti fyrir margt löngu um hallarfrúna ungu, sem horfði ein af svölun- um yfir tjörnina við höllina þar sem klipptir svanir syntu. Þrátt fyrir ríkidæmi ljósa, gulls og rósa var auðin í húsfreyjunnar sál, enda var hugur hennar ekki fanginn af hallarlífínu heldur var hann hjá „honum“, sem fyrstur hafði varir hennar kysst. Eða eins og Davíð segir sjálfur: „En forlög hennar voru að fylgja öðrum gesti./Fjallasvanir hvítir geta vængi sína misst.“

Kvæðið um hallarfrúna er eflaust í hugum margra vegna hátíðahalda í minningu skáldsins frá Fagraskógi, en óneitanlega fellur það vel að því pólitíska hljómfalli sem nú er að berast af vopnaviðskiptum vegna væntan- legra formannskosninga í Samfylkingunni. Ríkisútvarpið tilkynnti raunar formlega um það í yfirskrift fréttar sinna í fyrradag að formannslagur væri hafin milli þeirra Ingibjargar Sólrúnar Gísladóttur og Össurar Skarphéðinssonar og studdi þá tilkynningu ágætum rökum. Ljóst er af umfjöllun RÚV að uppstillingin í formannsköllum mun verða dæmisk. Í Samfylkingarhöllinni situr Ingibjörg Sólrún og er á yfirborðinu í góðri stöðu, nýtur virðingar í húshaldinu, situr þingflokksfundum og stýrir fram- tíðarnefnd og gegnir varafor- mennsku. En þessi hallarfrú flokksins er þó ekki sátt við stöðu sína og dreymir um tilfinningaþrungna ástarfundi með hinum íslenska/reykviska kjósanda og þau glæsilegu pólitísku ævintýri sem hún átti með honum í Reykjavíkurlistanum og raunar líka sem frambjóðandi í Reykjavíkurlkjördæmi norður. Fjallasvanir hvítir geta vængi sína misst!

Af fréttum og umræðuþáttum vikunnar að dæma er ljóst að stuðningsmenn Ingibjargar Sólrúnar hyggjast slá þann tón, að auðveldara sé að bjóða kjósend- um Ingibjörgu sem forsætisráð- herraefni heldur en Össur. Hún njóti meira trausts en hann og þetta megi meðal annars sjá í

**Í DAG**  
FORMANNSLAGURINN  
Í SAMFYLKINGUNNI

**BIRGIR**  
GUÐMUNDSSON

„En þessi hallarfrú flokksins er þó ekki sátt við stöðu sína og dreymir um tilfinningaþrungna ástarfundi með hinum íslenska/reykviska kjósanda og þau glæsilegu pólitísku ævintýri sem hún átti með honum í Reykjavíkurlistanum og raunar líka sem frambjóðandi í Reykjavíkurlkjördæmi norður. Fjallasvanir hvítir geta vængi sína misst!“

Því að Samfylkingin sé ekki eins sterk og hún gæti verið miðað við stjórn málaástandið í landinu. Stuðningsmenn Össurar segja þetta hins vegar hinn mesta mis- skilning og benda á að þvert á móti standi Samfylkingin mjög vel – kannanir beri ekki vott um annað en ríkidæmi ljósa, gulls og rósa. Spurningin snýst því í raun um, hvort kjósendur og

almennir flokksmenn í Samfylkingunni eru búnir að setta sig við öryggið og festuna sem felst í núverandi hlutskipti hallarfrú- arinnar eða hvort þeir vilja losa hana úr þrú sinni og kanna hvort pólitískir fjallasvana- vængir hennar séu ekki enn nothæfir.

Teningunum er þó í raun kastað og ljóst að formannslagurinn mun drottna yfir pólitískri umræðu á komandi vori. Um margt verður þetta hins vegar óvenjulegur formannslagur og mjög ólíklegt annað en að hann dragi pólitískan dilk á eftir sér. Fyrir því eru margar ástæður en hér skulu nefndar tvær. Sú fyrri lýtur að því að hér er á ferðinni innanflokksbáttar, sem tekur til um 14.000 flokksmanna sem munu kjósa í almennri kosningu. Þetta er slíkur fjöldi að samræður munu óhjákvæmilega fara að verulegu leyti fram í fjölmið- lum. Átökin verða á morgunverð- arborðum allra landsmanna og í sjónvörpum þeirra og útvörpum á kvöldin. Forsmekkinn höfum við þegar fengið – samkvæmt Ríkisútvarpinu hófst formannslagurinn formlega í Kastljósi Sjónvarpsins í þessari viku! Hér verður á ferðinni báttar af allt öðru tagi en sýndarátökin milli Tryggva Harðarsonar og Össurar á sínum tíma.

Hin ástæðan fyrir því að málið verður erfitt fyrir flokkinn – er að baráttan snýst fyrst og fremst um menn en ekki málefni. Það þýðir að hún verður að verulegu leyti háð á huglægum og tilfinningalegum nótum. Þetta er dramatískt uppgjör milli einstaklinga, spurning um pólitískt líf eða dauða. Þetta er sápu- ópera, þar sem erfitt verður fyrir flokksmenn að halda ró sinni og meta málin kalt. Það er stutt í Davíð Stefánsson – það er stutt í dramatík hallarfrúarinnar. ■

**Arkar Þorrrablót**

29. janúar 2005

Ómar Ragnarsson  
Haukur Heiðar Ingólfsson

Verð: 4.500,- kr.

Glæsileg söng og skemmtidagskrá.  
Þorrahlaðborð hlaðið dýrindis mat úr smiðju matreiðslumanna Hótel Arkar, Tómasar Þoroddssonar og Jakobs V. Arnarsonar.  
Dansleikur með hinum einu sönnu Sölvum.

Verð með gistingu: 8.790,- kr. (á mann í tvíþýli)

Upplýsingar og pantanir í síma 483 4700  
www.hotel-ork.is, info@hotel-ork.is

HÓTEL ÖRK

Ókeypis dagblöð festa sig í sessi í Evrópu og Bandaríkjunum

**Munu áskriftardagblöðin leggja upp laupana?**

Lestur dagblaða hefur snarminnkað á Vesturlöndum. Getu Metró-blöðin snúið þróuninni við?

**SKOÐANIR OG UMRÆÐUR Á VISIR.IS**

**VISIR**

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónsson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson og Sigmundur Emir Rúnarsson AÐSTÖÐBARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FULLTRÚ RITSTJÓRI: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚ: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórnundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skafatilið 24, 105 Reykjavík AÐALSÍMI: 550 5000 SÍMBRÉF Á FRÉTTABLAÐI: 550 5006 NETFÖNG: ritstjorn@frettabladid.is og auglysingar@frettabladid.is VEFFANG: visir.is UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNLA: Isafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf sími 585 8330 Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



Í DAG, Á MORGUN  
OG Á SUNNUDAG

ALLT AÐ  
FIMMTÍU  
PRÓSENTA  
AFSLÁTTUR

AF SÝNINGAVÖRUM SÍÐASTA ÁRS

Hans J. Wegner  
Borge Mogensen  
Arne Jacobsen  
Vico Magistetti  
Philippe Starck  
o.fl





# Árétting vegna blaðaskrifa: Aðgát skal höfð

**UMRÆÐAN**  
SAKIR OG  
PAGNARSKYLDA



**GESTUR JÓNSSON**  
HÆSTARÉTTARLÖGMAÐUR

„Höggvið þótti mér í sama knérunn“ eru upphafsorð Borghildar Ragnarsdóttur, hjúkrunarforstjóra Víðiness, í bréfi til blaðsins, sem birtist í Fréttablaðinu 18. janúar 2005. Tilfni þessara orða er það sem Borghildur kallar „viðtal“ sem birst hafi við Eirík Kjartansson, sjúkraliða, í

DV 13. jan. sl. Segir Borghildur að það sé sárt til þess að vita þegar starfsmaður bregðist starfsskyldum eins og raun ber vitni. Segist minna fyrrverandi starfsmann á þagnarskyldu sem hann hafi gagnvart sjúklingum. Tekur fram að aðgát skuli höfð í nærveru sálar og fyrrverandi starfsmaður eigi ekki að reyna að bjarga eigin skinni á kostnað þess sem ekki geti borið hönd fyrir höfuð sér.

Eiríkur hefur verið borinn alvarlegum sökum sem hann þvertur fyrir að sé sannar. Hann hefur gefið allt aðra mynd af atvikum en þá sem Borghildur virðist telja sig þekkja. Hefur lýst sig saklausan af því sem á hann er

borið. Þótt Eiríkur eigi sama rétt og aðrir menn, að teljast saklaus þar til sekt hans telst sönnuð, þá hefur hann mátt þola myndbirt-

” Borghildur má vita að Eiríkur talaði ekki við DV og braut ekki þagnarskyldu með því að svara spurningum ákærvalds og dómara sem ákærður maður fyrir dómi.

ingar á forsiðu DV og tillitslausar fullyrðingar um brot sem hann neitar að hafa framið. Þá hefur

Borghildur rekið hann úr starfi í Víðinesi án þess að hlusta á hans hlíð á málinu.

Nú áfellið Borghildur sakaðan mann fyrir trúnaðarbrot gagnvart látinni konu. Það má Borghildur vita að Eiríkur hefur ekki veitt DV eða neinum öðrum fjölmiðli viðtal um þetta dapurlega mál. Sorg Eiríks og fjölskyldu hans er næg þótt hann ýti ekki undir opinbera umfjöllun um málið með því að veita viðtal. Þegar aðalmeðferð í máli Eiríks fór fram fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur 12. janúar sl. voru ljósmyndari og blaðamaður frá DV á staðnum. Undirritaður, verjandi Eiríks, bað ljósmyndara DV að hlífa skjólstaðingi mínum við

myndatöku og opinberri umfjöllun um þetta viðkvæma mál. Við því varð hann ekki. Réttarhaldið var opið eins og tíðkast í réttarrikjum. Blaðamaðurinn sat í réttarsalnum meðan skýrslur voru teknar af Eiríki. Hann hlustaði á svör Eiríks við spurningum saksóknara og dómara. Ur þeim svörum hefur blaðamaðurinn unnið „viðtalið“ án nokkurs atbeina Eiríks. Borghildur má vita að Eiríkur talaði ekki við DV og braut ekki þagnarskyldu með því að svara spurningum ákærvalds og dómara sem ákærður maður fyrir dómi.

Við skulum reyna að hafa aðgát í nærveru sálar og höggva ekki oft í sama knérunn. ■

## „Hjörleifur“ í mörgum Austfirðingnum

**GRÉTA ÓSK SIGURDARDÓTTIR**  
VAÐI, SKRIDDAL  
SKRIFAR UM KÁRAHNJÚKAVIRKJUN

” Það veit guð að ég skammast mín sem Íslendingur – alveg hroðalega – fyrir okkar ráðamenn sem hafa komið okkur í þetta allsherjar Kárahnjúkaklúður.

Í Fréttablaðinu á laugardaginn fékk Hjörleifur Guttormsson umfjöllun í pistlinum „Maður vikunnar“ enda á hann heiður skilinn fyrir sína glæsilegu framgöngu gegn Kárahnjúkavirkjun. Hann hefur aukið okkur sem berjumst gegn þessari virkjun bjartsýni og kjark til að halda baráttu okkar áfram. Þökk sé honum og Atla Gíslasyni lögmanni.

Það stakk hins vegar í augun að Fréttablaðið skyldi í þessari sömu umfjöllun halda því fram að „Austfirðingar upp til hópa séu hlyntir byggingu Kárahnjúkavirkjunar“. Ég vil biðja Fréttablaðið að leiðrétta þennan leiða og særandi misskilning. Við erum alls ekki öll ginnkeypt fyrir þessum stóriðjdraumi stjórnvalda. Við erum mörg hér bæði á Austurlandi og Austfirðum – sem erum kölluð Austfirðingar – mjög mikið á móti þessari virkjun og höfum reynt af veikum mætti að láta mótmæli okkar heyrast sem og að reyna að gera fólki grein fyrir af hvaða stærðargráðu þessi framkvæmd er með fylgjandi spjöllum og neikvæðum áhrifum af sömu stærðargráðu. Við erum mjög áhyggjufull bæði hvað varðar hin stórkostlegu náttúruspjöll og röskun á lífríki og dýralífi sem af byggingu stíflunnar með hinu væntanlega Hálslóni hljótað sem og þeim áhrifum sem hið væntanlega Háls-

lón og flutningur Jöklu í Lagarfljót mun valda hér á Héraði með öfyrirsjáanlegum og óviðráðanlegum leirfoksvandamálum sem mjög munu skyggja á lífsgæði okkar hér. Að ekki sé minnst á hin slæmu samfélagslegu áhrif sem svona stórframkvæmd veldur, með ruðningsáhrifum sem þegar eru byrjuð að segja til sín og því ójafnvægi sem þetta skapar á svo mörgum sviðum. Þjárhagshliðin veldur ekki síður áhyggjum, hvernig geta ráðamenn þessarar þjóðar leyft sér að setja auðlindir okkar á útsölu til erlends auðfyrirtækis að þjóðinni forspurði, og á svo ef til vill að kenna Austfirðingum um ef illa fer? Það óttast ég að muni einmitt verða reynt og fengum við forsmeikinn af því í Kastljósþætti í sumar þar sem fyrrverandi heilbrigðisráðherra, Ingibjörg Pálmadóttir, sagði í þessu sambandi, „Austfirðingar sóttu þetta mjög fast“. Mun þetta líkast til vera byrjunin á því, þegar ráða-

menn þjóðarinnar og þeir sem bera raunverulega ábyrgð á Kárahnjúkavitleysunni vegna þeirrar pólitísku ákvörðunar sinnar að taka þetta afdrifaríka skref, reyna að koma sér undan þeirri ábyrgð.

Orðið „Austfirðingur“ er að verða tákn fyrir þann sem vill alvirka Ísland. „Austfirðingur“ er sá sem í framtíðinni mun verða kennt um Kárahnjúkavandann. „Austfirðingar heimtuðu álver“, „Kárahnjúkaklúðrið er Austfirðingum að kenna“, „Austfirðingar drógu land sitt og þjóð í svaðið...“, eða „sjaldan hafa neinir sýnt þjóð sinni jafnmikinn hroka og Austfirðingar“.

Í okkar daglega lífi erum við stöðugt minnt á þennan fjanda sem á sér stað á fjöllum og fjörðum og allt í kringum okkur; og því er það of langt gengið að fjölmiðlar finni sig knúna til að strá salti í sár okkar með því að alhæfa sinkt og heilagt um að „Austfirðingar“ séu svo gladdir og reifir því nú séu þeir loksins að

fá sitt langþráða álver og að hér ríki bara eintóm gleði... Eg fullvissa ykkur um að þetta er alrangt. Það ríkir myrkur í huga margs góðs Austfirðings, það er búið að kollvarpa og umsnúa samfélögum hér og umhverfi, framtíðin er hulin mikilli óvissu, hvað verður um okkur hér fyrir austan vegna þessa gríðarlega inngríps? Vist er að margur Austfirðingurinn hefur látið glepjust af loforðum misvittra og valdasjúkra ráðamanna, en ábyrgðin verður fyrst og síðast þessara hinna sömu ráðamanna. Undan þeirri ábyrgð er ekki nokkur leið fyrir að skjóta sér. Minni þeirra mun verða neyðarlegt en gjöldin sem þeir koma sinni þjóð í er ekki hægt að afsaka. Ég vil ekki þurfa að skammast mín fyrir að vera Austfirðingur. En það veit guð að ég skammast mín sem Íslendingur – alveg hroðalega – fyrir okkar ráðamenn sem hafa komið okkur í þetta allsherjar Kárahnjúkaklúður. ■

## EuroXperience – ný leið á nýja markaði

**UMRÆÐAN**  
MENNTUN OG  
VIÐSKIPTI



**SANDRA BRUNEIKAITÉ**

” EuroXperience-verkefnið er sameiginlegt áttak AIESEC-landanna í Vestur-Evrópu, sem miðar að því að aðstoða fyrirtæki til þess að upplifa og læra um viðskiptamenningu Austur-Evrópu.

AIESEC á Íslandi er að fara af stað með nýtt verkefni sem heitir EuroXperience. EuroXperience-verkefnið er sameiginlegt áttak AIESEC-landanna í Vestur-Evrópu, sem miðar að því að aðstoða fyrirtæki til þess að upplifa og læra um viðskiptamenningu Austur-Evrópu. Í kjölfar stækkunar Evrópusambandsins á fyrri hluta árs 2004 hafa opnast nýir og spennandi markaðir í Austur-Evrópu sem íslensk fyrirtæki í vexti hafa í sí auknum mæli nýtt sér. AIESEC getur hjálpað fyrirtækjum að auka þekkingu sína á erlendum mörkuðum með því að bjóða þeim framúrskarandi ungt erlendis frá. EuroXperience-verkefnið nýtir sér starfaskiptakerfið sem AIESEC hefur byggt upp í áratugi en einbeitt sér að því að auka tengsl viðskiptalífs Austur- og Vestur-Evrópu, sérstaklega í ljósi stækkunar Evrópusambandsins.

Alþjóðlegt starfaskiptakerfi AIESEC gefur fyrirtækjum einnig kost á kostnaðarhagkvæmum, skammtíma starfskröftum til að sjá um sérstök verkefni og/eða koma til móts við sveiflur í

þörfum fyrir starfsfólk. Í verkefninu taka þátt 14 Vestur-Evrópu lönd auk 20 Austur-Evrópu landa. Meðal þeirra Austur-Evrópu landa sem taka þátt í verkefninu eru: Albanía, Búlgaría, Eistland, Lettland, Litháen, Króatía, Pólland, Rúmenía, Rússland, Slóvenía, Tékkland, Tyrkland og Ungverjaland.

Markmið EuroXperience-verkefnisins er að auka skilning og þekkingu fyrirtækja á hæfileikum, mörkuðum og viðskiptalífi landanna sem að verkefninu standa. Ávinningur fyrirtækja sem taka þátt í verkefninu felst meðal annars í að nýta hæfileika og þekkingu starfsmena sem koma frá þessum löndum. Verkefnið er tilvalið til þess að kanna möguleika á útrás á markaði Austur-Evrópu, koma til móts við sveiflur í starfsmannamálum, þróa viðskiptasambönd erlendis, hjálfa starfsmenn fyrirtækisins í að vinna með fólki erlendis frá eða koma sérstökum verkefnum í framkvæmd. Óðlast má betri innsýn sem hægt er að nýta til að sníða þjónustu fyrirtækis þíns að persónulegum þörfum hvers lands fyrir sig. Erlendur starfskraftur veitir ómetanlega aðstoð við myndun tengslanets í viðkomandi landi auk þess sem fyrirtæki og almenningur í þessum löndum mun frétta af þátttöku íslenskra fyrirtækja í verkefninu. Þannig getur fyrirtæki byggt upp orðspor í löndum Austur-Evrópu sem getur hjálpað mikið þegar farið er að sækja inn á hina nýju markaði. Verkefnið hefst á Íslandi í upphafi árs 2005. Starfsmennirnir koma til landsins á mismunandi tímum en nákvæm dagsetning er valin í samráði við fyrirtækin. Til þess að fá meiri upplýsingar um verkefnið hafið samband við AIESEC í síma 552-9932, með tölvupósti á aiesec@hi.is eða á heimasíðunni aiesec.is

Höfundur er Starfaskipta- og almannatengslastjóri í AIESEC.



### Hvítasunnnumenn í Sjálfstæðisflokkinn


Nú er hins vegar spurning hvort hvítasunnnumenn sé enn vært í Framsókn í þeirri fordæmingarhrinu sem kemur frá einum helsta forvígismanni flokksins og vil ég þá hvetja þá til að hugsa sér til hreyfings. Sjálfstæðisflokkurinn hefur löngum verið breiður flokkur sem rúmar trúað fólk jafnt sem aðra. Reyndar ættu hvítasunnnumenn að geta fellt sig jafnvel betur við Sjálfstæðisflokkinn en Framsókn, enda er þar kristið siðferði og kristin gildi í hávegum eins og fram kemur í stefnuskrá flokksins. Allavega væri minni hætta á að fram komi samsæriskeningar um að á ferðinni sé vel skipulagður hópur fólks úr einu tilteknu trúfélagi að reyna að taka yfir flokkinn eins og ýjað hefur verið að í fjölmiðlum, nú síðast í grein eftir Birgi Hermannsson í DV í dag. Reyndar efast ég um að hvítasunnnumenn séu almennt framsóknarmenn upp til hópa, enda hefur Framsókn ekki verið sérlega hlífðhollt hagsmunum frjálsra trúfélaga í gegnum tíðina þó það sé önnur saga. Vona ég að flokkssystemi min í Sjálfstæðisflokknum séu sammála mér í því að bjóða fólk úr Hvítasunnukirkjunni, sem og öðrum trúfélögum til starfa í flokknum, enda væri honum akkur í góðu fólk, með svipuð lífsgildi og flokkurinn stendur fyrir, hvaðan svo sem það kemur. Það er allavega von mín og trú að innan flokksins og almennt í þjóðfélaginu, séu ekki sömu fordómarnir og lýstu sér í orðum Alfreðs Þorsteinssonar og fleiri í fjölmiðlum síðustu daga og fólk almennt fari að hugsa sig um áður en það dæmir menn á grundvelli trúar.

**Höskuldur Marseliusarson á frelsi.is**

### SENDIÐ OKKUR LÍNU

Við hvetjum lesendur til að senda okkur línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnröð. Eingöngu er tekið á móti efni sem sent er frá Skoðanasíðunni á visir.is. Þar eru nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísí eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

## Fylgir Fréttablaðinu á fimmtudögum



Tíska, stjórnsmál og allt þar á milli...



  
 Sólarupprás Hádegi Sólarlag  
 Reykjavík 10.39 13.39 16.40  
 Akureyri 10.41 13.24 16.07  
 Heimild: Almanak Háskólans

# allt

**matur** o.fl.  
 Nýtiskulegur þorramatur  
 BLS. 4



**FRÉTTABLAÐIÐ**

**Góðan dag!**  
 Í dag er föstudagurinn 21. jan.,  
 21. dagur ársins 2005.

**KRÍLIN**

Má ég óska þér  
 gleðilegs árs  
 eða er einhver  
 annar kannski  
 löngu búinn  
 að því?



**Smáauglýsingar  
 á 995 kr.  
 visir.is**

**Smáauglýsingar  
 byrja í dag á bls. 5**

**Flokkar & fjöldi**

- Bílar & farartæki** 99 stk.
- Keypt & selt** 35 stk.
- Þjónusta** 38 stk.
- Heilsa** 8 stk.
- Skólar & námskeið** 2 stk.
- Heimilið** 13 stk.
- Tómstundir & ferðir** 6 stk.
- Húsnæði** 28 stk.
- Atvinna** 20 stk.
- Tilkynningar** 4 stk.

**Þú getur pantað  
 smáauglýsingar á  
 www.visir.is**




Óskar flysjar fyrir fjölskyldu sína.

## „U“ lagaðan flysjara í hvert eldhús

Óskar Guðjónsson eldar sér til ánægju og heldur upp á flysjarann sinn.

Óskar Guðjónsson saxófónleikari, heldur mest upp á flysjarann sinn af öllu sínu heimilisdóti. „Ég keypti þennan flysjara í Ameríku í skemmtilegri búsaðaldabúðakæðju sem heitir Williams and Samona. Hann er óvenjulegur að því leyti að hann er eins og „u“ í laginu svo maður ber sig öðruvísi að við flysjunina og mér finnst hann virka betur en aðrir flysjarar. Flysjarinn er af tegundinni Kuhn og hann er í uppáhaldi, einfaldlega af því að mér finnst svo gaman að elda. Ég flysja helst sætar kartöflur, gullrætur, ávexti og meira að segja lárperuna mína. Ég á tíu mánaða stráak sem borðar ekki fasta fæðu en þeim mun meira af mauti og þá er nauðsynlegt að eiga góðan flysjara. Ég hef farið fram á það við eigendur búsaðaldaverslunar hér í bæ að fara að

flytja svona inn því þessi hefur mikið verið notaður og ég er hræddur um að ég fái ekki annan í hans stað ef hann fer að gefa sig.“ Óskar er einn þekktasti og vinsælasti saxófónleikari landsins og alltaf með eitthvað í pípunum. Þó segir hann yfirleitt frekar rólegt hjá tónlistarmönnum í janúar. „Í janúar eru tónlistarmenn að jafna sig eftir erillinn í desember og skipuleggja árið framundan. Árið er ekkert mikið skipulagt hjá mér enn sem komið er en það verður örugglega gaman. Konan mín, Guðbjörg, er nýbúin að opna förðunarskóla sem heitir EMM og við höfum verið upptekin af ýmsu þar að lútandi undanfarið. Hún varð þrítug um daginn og ég eldaði nautalundir og flysjaði ýmislegt meðlæti handa henni í til efni dagsins.“

brynhildur@frettabladid.is



**LIGGUR Í LOFTINU**  
*í tilboðum*

**Veruleg verðlækkun** er á ýmsum vörum í verslun Odda að Höfðabakka 3 í Reykjavík þessa dagana og nemur lækkunin allt að helmingi. Skrifborðsstólar af góðum gerðum eru til dæmis á 45% og 50% afslætti. Plöstinarvél sem hentar vel þeim sem taka mikið af digitalmyndum og hafa gaman af að búa til möppur með myndunum, bæði til gjafa og fyrir sjálfa sig, fást nú á 14.900 en voru áður á 21.899. Þá er ótalin fartölva af gerðinni HP Compax sem nú er á tilboðsverðinu 119.900 en kostaði áður 159.900. Henni fylgir fartölvustandur að verðmæti 4.990 í kaupbæti.

**Þrjátíu prósentu afsláttur** er á Miele-heimilistækjum í versluninni Eirvík á Suðurlandsbraut 20, í Ljósgeirum, Glerárgötu 34 á Akureyri og Geisla á Flötum 29 í Vestmannaeyjum. Um er að ræða þvottavélur, þurrkara og ryksugur. Miele-vörur eru þekktar að gæðum og nú er því lag.

**Tuttugu og fimm prósentu afsláttur** er gefinn af vinnu við smurningu á bíl í nýrri smurstöð Bilkó á Smiðjuvegi 34 í Kópavogi næstu vikurnar. Smurstöðin er við rauða götu.

**2 fyrir 1 tilboð** er nú í gildi á augnskuggum, naglastyrkingu og varalítum í Apótekaránum, Akureyri, Hagkaup Skeifunni, Smáralind og Lyfi og heilsu í Austurstræti, Kringlunni og Melhaga. Tilboðið er á völdum línunum með franska vörumerkinu L'oréal.

tilbod@frettabladid.is

Alltaf eitthvað fallegt



**mubla** | nýbýlavegi 18 | sími: 517 2100

**Heilsuþlað Hagkaupa**  
 fylgir fréttablaðinu í dag

Sólveig Eiríksdóttir verður með kynningu í Hagkaupum:  
 Kringlunni föstudag kl. 15-18  
 Smáralind laugardag kl. 14-17

**Matreiðsluskóli Hagkaupa**  
 Sölvi Fannar Viðarsson verður með námskeið í Matreiðsluskólanum. Yfirskrift námskeiðsins er BREYTTUR LÍFSSTÍLL. Sjá nánar í heilsuþlaðinu.




**HAGKAUP**  
 Skemmtilegast að versla



# allt tilboð o.fl.

AF MÖRGUM FRÁBÆRUM TILBOÐUM FYRIR ÞESSA HELGI SLÆR LAUKURINN Í NETTÓ ÖLL MET ÞAR SEM KÍLÓIÐ AF HONUM LÆKKAR ÚR 56 KRÓNUM Í NÍU EÐA UM HEIL 85%.

# 85%

**ÚTSALA Í SKARTHÚSINU**  
20-50% afsláttur af töskum  
30% afsláttur af Elsie Ryan kjólum og toppum.  
Mikið úrval af sjólum, treflum, alþahúfum og flísfóðruðum vettlingum

**SKARTHÚSIÐ** Sendum í póströfu  
Laugavegi 12, s. 562 2466

**KÍNASKÓR**  
Mikið úrval af kínaskóm í barna- og fullorðinsstærðum  
Tilboð - Eitt par kr. 1290 • Tvö pör kr. 2000 -

**SKARTHÚSIÐ**  
Laugavegi 12, s. 562 2466

**ÚTSALA**  
M Ö R G H U N D R U Þ E R L E N D I R T I T L A R

Opið laugardag frá kl. 12-18  
og sunnudag frá kl. 13-17

MIKILL AFSLÁTTUR

**BÓKABÚÐ STEINARS**

Bergstaðastræti 7 Sími 551 2030 Fax 562 6430 steinbook@heimsnet.is  
Opið virka daga 13-18

**GÍTARINN EHF.**  
www.gitarinn.is STÓRHÖFÐA 27 -SÍMI: 552 2125 gitarinn@gitarinn.is

**JANÚARÚTSALAN ER AÐ HEFJAST**

Rafmagnsgítarpakki  
verð frá kr. **27.900**  
Rafmagnsgítar,  
magnari, poki, ól,  
snúra og gítarneglur.

Þjóðlagagítar  
frá kr. 14.900

Trommusettt með öllu,  
ásamt æfingarplöttum  
og kennslumyndbandi  
rétt verð kr. 73.900.-  
tilboðsverð kr 54.900.-

**BJÓÐUM UPPÁ RAÐ- OG LÉTTGREIÐSLUR**

**15.000 vörur í vefverslun á: www.skola.is**

- Fræðsluefni
- Tómstundavörur
- Föndurvörur
- Myndlistarvörur
- Hannyrðavörur
- Skólavörur
- Skrifstofuvörur
- Búnaður
- Húsgögn

**Skólavörubúðin**  
Smíðjuvegi 5, Kópavogi • S. 58 50 500 • www.skola.is

**BÓNUS**

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	lækkun í %
Ferskar kjúklingabringur úrb.	1.314	1.752	1.314	25
Saltað folaldakjöt	299	499	299	40
Sveitabjúgu frá Kjarnafæði	299	299	299	0
Bónus hveiti 2 kg	49	69	25	30
Bónus pitsur 450 g	199	279	442	30
Bónus lýsi 500 ml	359	399	718	10
Hrásalat frá Kjarnafæði 350 g	99	139	283	30
Frosin ýsuflök m/roði	299	399	299	25
Bónus blettahreinsir 800 g	259	499	324	50
Head & sholder-sjampó mentol 300 ml	299	399	996	25
Gillette mach 3, rakblöð 4 stk.	499	679	125	25

Tilboðin gilda til 23. janúar

**FJARDARKAUP**

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	lækkun í %
Móa heill kjúklingur ferskur	389	598	389	35
Móa læri m/legg	390	599	390	35
Premium-franskar karföflur 1 kg	299	448	299	35
Bezt-helgarsteik	899	1.298	899	30
Cheerios 902 g	495	579	550	15
Ariel 27 skammta þvottaefni 3 kg	798	998	266	20
Always duo-dömubindi	489	598	489	20
Gulrófur	99	195	99	50
Egils kristall 2 l	148	189	74	21

Tilboðin gilda til 22. janúar

**NÓATÚN**

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	lækkun í %
Súrmatur í fötu 1.2 kg	1.411	1.764	1.411	20
Bautabúrið saltkjöt	299	398	299	24
HP flatökur 180 g	89	109	494	20
Goða svið í poka	299	499	299	40
Maxwell house-kaffi, 500 g	299	369	598	20
Cheerios 567 g	299	349	527	15
Wagner-pitsur, nokkrar gerðir	349	549	349	35
Rófur	139	189	139	25
Rósavöndur	749	nýtt	749	

Tilboðin gilda til 22. janúar

**SPAR**  
Bæjarlind

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	lækkun í %
Lambasvið, frosin	399	498	399	20
Grísakötiletur, léttreyktar	798	1.398	798	45
Nautahamborgarar 10x80 g frosnir	499	899	50	45
Crispy-kruður 100 g	69	89	690	25
Kelloggs Special K 750gr.+ snyrtitaska	489	Nýtt	652	
Appelsínur	99	149	99	35
AB-mjólk án bragðefna 0.5 l	79	91	158	15
AB-mjólk bragðbætt 0.5 l 4 teg.	125	139	250	10
Skýris drykkur 330 ml. 4 teg.	109	122	330	10

Tilboðin gilda til 25. janúar

**nettó**

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	lækkun í %
Matt.kjúklingur ferskur	359	598	359	40
Nesquik í poka 600 g	299	399	498	25
Harðfiskur ýsa 65 g	199	289	3.266	30
Egils pilsner 500 ml	49	69	98	30
Kartöflur í lausu	49	99	49	50
Gulrófur	99	148	99	35
Gulrætur íslenskar	199	259	199	25
Laukur	9	56	9	85
Vanish Oxi Action 1 kg (Blettahreinsir)	699	919	699	25

Tilboðin gilda til 23. janúar

**Þú verslun**

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	lækkun í %
KEA úrb.hangiframpartur soðinn	1.708	2.135	1.708	20
KEA Úrb. hangilæri soðið	2.314	2.892	2.314	20
Sviðasulta	1.279	1.599	1.279	20
Ora Lúxus kryddsilid 220 g	179	234	805	25
Ora sælkerasilid 270 g	259	315	958	20
Forsóðnar kartöflur 1 kg	329	398	329	20
Þykkvabæjar kartöflumús 600 g	319	387	510	20
Egils pilsner 0.5 l	49	89	98	45

Tilboðin gilda til 26. janúar

**HAGKAUP**

Vörutegund:	Tilboðsverð	Verð áður	Eininga-, kíló- og lítraverð	lækkun í %
Holta úrb.kjúklingalæri	974	1.499	974	35
Holta kjúklingalundir	1.676	2.095	1.676	20
Kjötb.naut ribey	1.998	2.849	1.998	30
Kjötb.nautalundir	2.984	3.979	2.984	25
Íslandsnaut 4 hamborgarar m/brauði	447	559	111	20
Óðals reyktar svínakötiletur	899	1.499	899	40
Egils pilsner 0,5 l dós	69	88	138	20

Tilboðin gilda til 23. janúar

## Tveir fyrir einn

Herrafataverslun Birgis er með útsölu í Fákafeninu.

„Þetta er mest í því formi að menn fá tvo fyrir einn,“ segir afgreiðslumaður í Herrafataverslun Birgis í Fákafeni 11, inntur eftir tilboðum á útsölnni. „Ef menn kaupa ein jakkaföt þá fá menn önnur frí og slíkt hið sama gildir um skyrtur og stakar buxur, svo dæmi séu tekin,“ útskýrir hann. Herrafataverslun Birgis er þekkt fyrir að selja þýskar gæðavörur með merkinu Bäumlér og þar er sum sé hægt að gera reyfarakaup um þessar mundir. ■



## Vefnaðarvara á spottprís

Sérstök tilboðsdeild er í Gardinubúðinni að Parabakka 3 og Skipagötu 18.

Handklæði og sængurfatnaður seljast með 40% afslætti á útsölu Gardinubúðarinnar sem er til húsa í Mjóddinni í Reykjavík og Skipagötu 18 á Akureyri. Vörumerkið er Fermari, sem reynst hefur sérlega vel. Sem dæmi um verð á rúmfatnaðinum eru settin frá 1.000 krónum upp í 1.795. Sérstök tilboðsdeild er í Gardinubúðinni þar sem vefnaðarvara er seld á hreint hlægilegu verði eins og 100 krónur, 300 krónur og 500 krónur metrinn. Öll nýrri gluggatjaldaefni eru á 20% afslætti í versluninni. ■

## Húsgagnaútsala

Nýform býður upp á góðan afslátt.



Húsgagnaverslunin Nýform hefur hafið sína útsölu á nýju ári. Í Nýform er hægt að fá öll húsgögn til heimilisins og er afsláttur ekki af verri endanum, 10-50% af húsgögnum í versluninni hvort sem það eru sófar, sófaborð eða hillur, en úrvalið í versluninni er mjög gott. Verslunin er á Reykjavíkuvægi 66 í Hafnarfirði. ■





### Trúarmyndir, töskur og skart

Verslunin Gjafa gallerý er með útsölu á ýmsum handunnum vörum.

Spænskar gjafavörur svo sem kerta-stjakar, speglar, trúarmyndir og krossar eru meðal þess sem fæst á útsölu í Gjafa gallerýi á Frakkastíg 12. Ruggustólar úr tré og járn og spænskt eldfast matarstell má líka nefna, svo og töskur og skart. Mikið af þessum vörum er handunnið og sumt antik, svo sem trúarmyndirnar. Matarstellið og antikvaran eru með 20% afslætti en annað 40-50%.



### Breskar heimilsvörur

Pipar og salt er með útsölu á Klapparstíg.

Allt að helmingsafsláttur er á völdum vörum í versluninni Pipar og salt á Klapparstíg 44. Um er að ræða heimilsvörur frá Bretlandi og eru til dæmis 4-6 diskamottur sem áður kostuðu 2.900 nú á 1.500 og glasabakkar í stíl sem voru á 995 settið en nú á 300. Pressukönnur fyrir 8 bolla með 24 karata gyllingu er voru á 6.500 kosta nú 3.700 og sams konar könnur fyrir fjóra bolla sem áður voru á 6.200 eru nú á 3.500. Eldföst fót og skálar eru líka til í úrvali í Pipar og salti og seljast nú með 25% afslætti.

### Aukaafsláttur hjá Hrafnhildi

Síðari hálfleikur útsölnnar að byrja.

Aukaafsláttur upp á 15% er veittur af útsöluverði á öllum vörum hjá Hrafnhildi að Engjateigi í Reykjavík. Hjá Hrafnhildi fæst alls kyns kvenfatnaður; úlpur, kápur, dragtir og gott úrval af peysum. Enn fremur samkvæmisfatnaður, sem kemur sér heldur betur vel nú þegar þorrablot og árhátíðir eru að hefjast af fullum krafti. Útsalan stendur fram í byrjun febrúar svo segja má að síðari hálfleikur sé að byrja.



### Tvö sérstök tilboð

Í versluninni Hestar og menn á Lynghálsi í Reykjavík standa nú yfir hnakkadagar.

Allir sem kaupa nýjan Hrímnishnakk í versluninni Hestar og menn fá með honum flugmiða sem gildir fyrir einn fram og til baka á einhvern af áfangastöðum áætunarflugs Ícelandair í Evrópu. Hrímnir er hnakkur í hæsta gæðaflokki enda notaður af stórum hópi bæði atvinnumanna og almennings í útreiðum og keppni. Einnig er svokallað „uppítökutilboð“ í gangi. Það virkar þannig að verslunin tekur alla hnakka sem greiðslu upp í nýja hnakka frá Top Reiter sem framleiðir nokkrar gerðir af gæðahnökum. Uppítökaverðið er háð mati starfsmanna en verður þó aldrei lægra en 5.000 krónur.




# Spring Air NeverTurn heilsudýnur



Val um 100% náttúruleg gæðaeefni



Laserskorin ConformaFoam eða Latex heilsu og hægindalag



Steyptar hliðarstyrkingar tryggja stífan setkant og meira svefnsvæði



Tvíhert háþróað gormakerfi



THE **NeverTurn** MATTRESS



Komdu í verslun okkar að Faxafeni 5 og við hjálpum þér að finna réttu dýnuna fyrir þig á ótrúlegu tilboði!

# Nú er tækifærið!

## TAI CHI

8. vikna Tai chi námskeið hefst 24. janúar

Kennt verður á mánudögum og miðvikudaga kl. 17:15 – 18:15 í Hæðargerði 31

Á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 12:05 – 13:05 í Kramhúsinu

Leiðbeinandi Guðný Helgadóttir  
Innritun og upplýsingar í síma: 860-1921 og 551-9792  
[dunna@hotmail.com](mailto:dunna@hotmail.com)



Faxafeni 5 • Sími 588 8477 [www.betrabak.is](http://www.betrabak.is)  
Ópið virka daga frá kl. 10-18 • Laugardaga frá kl. 11-16



**Rauð paprika** er sæt, safarík, litrík og uppfull af góðum vítamínum. Miðað við þyngd er rauð paprika með þrisvar sinnum meira C vítamín en sítrus ávöxtur. Þar að auki er í henni beta-karóten, trefjar og B6-vítamín. Hana er bæði hægt að borða hráa eða elda á ótal marga vegu.



**ÚTSALA**

búsáhöld

KRINGLUNNI  
sími 568 6440

## Nýtískulegur þorramatur

Flestir eru eflaust sammála um að þorramaturinn sé frekar litlaug og því ákváðum við hjá Fréttablaðinu að krydda hann aðeins.

Það verður seint sagt að þorramaturinn okkar sé fallegur á að líta, og það er ekki hver sem er sem getur gert hann fegurri og lystugri fyrir þá sem vilja smá lit í tilveruna og tilbreytingu.

Þó að þorramaturinn með öllu

tilheyrandi fáist ekki á Tapas-barnum á Vesturgötu 3b í Reykjavík tóku kokkarnir þar, þeir Borgþór Egilsson og Steinar Þór Þorfinnsson, það að sér að útbúa fallegan þorramat.

„Þetta var mjög gaman og vissulega verðug áskorun. Þetta er náttúrulega nýr markaður fyrir okkur og við reyndum fyrst að vinna með hráefni sem við höfum hér á staðnum. Þegar það gekk ekki þurftum við að leita

víðar og leyfa ímyndunaraflinu að ráða því þetta er vissulega sérstakur matur. Það var frekar erfitt að gera hann nýtískulegan en okkur finnst alltaf gaman að prófa eitthvað nýtt,“ segja þeir félagar og reiða fram hvern girnilegan réttinn á fætur öðrum. Þó að réttirnir líti vel út fullvissa þeir Borgþór og Steinar lesendur um að hver sem er geti spreytt sig á þessum uppskriftum á þorranum. ■

Venjulegt fólk. Ótrúlegur árangur! Áskorunin sem hefur hjálpað hundruðum Íslendinga að komast í gott form er hafin!

Skráningarsími: 555-2866  
Upplýsingar: www.eas.is

**EAS** Likami LÍFIÐ

**ÁSKORUN**

Hún gat það. Þú getur það!

Glassleg verðlaun!



### SVIÐASULTA

með klettasalati og pestó

- Ný sviðasulta
- Klettasalat
- Hnífsoddur af Maldon-salti og grófum svörtum pipar
- Ristaður furuhnetur
- Ólífuolla

Sviðasulta borin fram eins og hún kemur. Klettasalat er bleytt með ólífuolíu og salt og pipar sett á. Furuhnetur eru settar ofan á.

### PESTÓ

- 1 búnt basil
- 1/2 búnt steinselja
- 1 msk. furuhnetur
- 2 msk. rifinn parmesan ostur
- 2 dl ólífuolla
- Salt og pipar eftir smekk

Allt sett í matvinnsluvél og maukað saman og borið fram með sviðasultunni.

### STEIKT LIFRARPÝLSA

- Linsubauna ragú:  
(það sem er undir lifrarpýlsunni)
- Nýsoðin lifrarpýlsa
  - 1/2 laukur
  - 4 sneiðar beikon
  - 1 dl linsubaunir
  - 3 dl vatn
  - 1 tsk. kjúklingakraftur

Laukur og beikon léttsteikt. Baunir settar út í og aðeins steiktar. Vatni og kjúklingakrafti bætt við. Soðið þangað til baunir eru meyrar.

### BOURGOGNE-SÓSA:

- 1/2 laukur
- 5 sneiðar beikon
- 4 sveppir
- 2 dl rauðvín
- 1/2 l vatn
- 1 msk. nautakraftur
- Smá sósulitur
- 2 msk. Balsamico edik
- 2 msk. smjör
- (til að þykkja sósuna eftir smekk)

Laukur, beikon og sveppir léttsteikt. Rauðvín sett út í og látið sjóða niður um 2/3. Vatni, nautakrafti, sósulit, ediki og smjöri bætt út í og látið malla þangað til tilbúið.

## MEGRUNARMINNTUR



Bragðgóðar og frískandi mintur sem minnka matarlyst og auka brennslu.

Þú færð Slim Mints í verslunum um land allt



### HARÐFISKUR Í BÚRI

með Aioli  
Tilbúinn harðfiskur út úr búð.

#### Aioli:

- 2 eggjarauður
- 1 bökuð kartafla
- 1 tsk. Dijon-sinnep
- 1 msk. vatn
- 1 kraminn hvítlaugsgeiri
- 4 saffranþræðir
- 2 dl ólífuolla

Allt nema olía er maukað saman í matvinnsluvél. Ólíu hellt út í í mjórru bunu. Ef sósan þykknar er hægt að bæta við vatni svo skilji ekki. Salt og pipar eftir smekk.



### REYKTUR MAGÁLL OG MELÓNA

Magáll skorinn í sneiðar og melónubitum stráð yfir.

### HÁKARLSTARTAR

- á rúgbrauði
- 10 bitar hákarl
- Hálf kartafla, soðin
- 1 tsk. Capers
- 1/4 rauðlaukur, fint saxaður

Öllu blandað saman og mótað ofan á rúgbrauðið.



### HRÚTSPUNGAR

með rauðlauksultu, rófustöppu og súrsuðu chili

- 1 rauðlaukur skorinn í sneiðar
- 4 msk. sykurl
- 1 dl rauðvín
- 1 dl Balsamico edik

Rauðlaukur er steiktur á pönnu. Sykurinn er látinn á pönnuna og laukurinn látinn karmellast í honum. Rauðvíni og ediki er bætt út í og þetta er soðið þangað til laukurinn er orðinn sultaður. Lauksneiðar eru settar á milli hrútsþungasneiða, chili ofan á, rófstappa til hliðar og edik sem skreyting.



## SÓMABAKKAR

PANTAÐU Í SÍMA 565 6000 / FRÍ HEIMSENDING\*



\*Gildir aðeins ef pantað er fyrir meira en 3.000 kr.

SÓMI

Nánari upplýsingar á somi.is



# Rómantík í Þingholtunum

Í Frú fiðrildi, testofu og verslun, í Ingólfsstræti 8 í Reykjavík er stemningin engu lík. Þar er bæði hægt að skoða fallega muni sem eru til sölu, tylla sér með heitt te og skonsu og blaða í gömlum bókum og tímaritum.

„Það er algjör snilld að geta kíkt á fallegar vörur á meðan maður bíður eftir teinu sínu. Ég kynntist þessu formi úti í Danmörku því ég fór oft á testofu þar. Ég drekk yfirleitt ekki te heima hjá mér en í Danmörku fór ég á kaffistofuna til að láta allt sem ég vildi eftir mér og var alls ekkert að spara. Þá fékk ég mér te og eitthvað sætt að borða því það passar rosalega vel saman,“ segir Ingibjörg Grétarsdóttir, eigandi Frú fiðrildis.

Ingibjörg leggur áherslu á te og skonsur og býður einnig upp á pressukönnukaffi. „Ég er ekki með neina kaffivél þannig að ég býð bara upp á venjulegt, lífrænt kaffi. Síðan er ég alltaf með skonsur með sætu sítrónusmjöri og te en ég nota jurtir frá Te og kaffi. Ég er með svart, grænt, jurta og ávaxtate svo eitthvað sé nefnt. Síðan er ég oftast með franska súkkulaðiköku og hindberjapæ í boði en ég skipti þeim stundum út fyrir til dæmis hjónabandssælu.“

Rómantíkin er alls ráðandi í Frú fiðrildi en það er reyklaust testofa uppfull af gamaldags mublum. Tónlistin er líka gamaldags og blandar Ingibjörg saman dönskum stíl og frönskum sveitastíl. Vörurnar sem til sölu eru í testofunni eru frá Danmörku. Þar er hægt að kaupa allt frá kertum til skarts og selur Ingibjörg bara það sem henni líkar. „Ég kaup mér aldrei dýra muni heldur leita alltaf í nokkrum búðum áður en ég finn eitthvað sem ég vil á góðu verði.“ [lilja@frettabladid.is](mailto:lilja@frettabladid.is)



Ingibjörg hefur það huggulegt í eldhúsinu í Frú fiðrildi og bakar allt sjálf sem hún býður upp á.

UPPSKRIFT

FRÖNSK SÚKKULAÐIKAKA INGIBJARGAR

Eggjum og sykri er hrætt létt saman með gaffli – ekki stíffeytt. Súkkulaði og smjör er brætt saman og hellt rólega út í eggjum og sykurnum. Þessu er blandað létt saman með gaffli eða sleif. Hveiti er bætt út í ásamt vanillusykri og hrætt rólega með sleif. Sett í lítið, smurt form um það bil tuttugu sentimetrar að stærð. Bakað við 175 °C í 15 til 25 mínútur eftir ofni. „Fólk verður svolítið að prufa sig áfram með ofninn. Hægt er að stinga hníf í miðjuna og ef ekkert af kökunni helst á honum þá er hún tilbúin. Mér finnst hún best klesst og blaut,“ segir Ingibjörg.

- 3 egg
- 100 g sykur eða hrásykur
- 100 g 70% súkkulaði
- 100 g brætt smjör
- 45 g hveiti eða spelt
- 1 tsk. vanillusykur

**Krem:** 100 g suðusúkkulaði og 50 g smjör brætt saman. Hægt er að skreyta kökuna með kókus og einnig bæta hnetum eða möndlum við uppskriftina. „Þegar kremið er komið á finnst mér best að setja hana aðeins inn í ísskáp því þá stífnar kremið fyrir,“ segir Ingibjörg.

## EGILS PORRABJÓR: Fyrsti al-íslenski bjórinn!

Nú á Þorranum verður til sölu í Vínbúðum fyrsti bjórinn sem bruggaður er að hluta úr heimaræktuðu íslensku byggi, Egils Þorrabjór. Þessi alíslenski drykkur rímar vel við hinn þjóðlega þorramat og verður fánægur í takmörkuðu magni á Þorranum, en miðað við hvernig sala á bjórnum fer af stað er líklegt að birgðir klárast innan tíðar. Íslenska byggið, sem notað er til bruggunar á Egils Þorrabjór, er frá Ásgeiri Kristinssyni, bónda á Leirá í Borgarfirði en hann hefur ræktað bygg frá árinu 1997. Guðmundur Mar Magnússon, bruggmeistari hjá Ólgerðinni, segir komrækt hafa verið í mikilli sókn hérlendis á síðastliðnum árum og ekkert sé til fyrirstöðu að nota íslenskt bygg við bruggun bjórs. Bruggmeistarar Ólgerðarinnar hafa unnið að gerð bjórs úr íslensku byggi síðan í haust. Í byrjun árs var Egils Þorrabjór tilbúinn og var honum tappað á flöskur í liðinni viku. Egils Þorrabjór er bragðmikill lagerbjór með mikilli fyllingu og 5,6% að styrkleika.



Verð í Vínbúðum, 33cl flaska á 189 krónur.

## Góð hugmynd að rétti dagsins!

### Spaghettikjötréttur með RINALDO sósu frá E.Finnsson.

- 450 g nautahakk
- 100 g E.Finnsson tómatsósa
- 175 g spaghettí
- 1 krukka RINALDO spaghettisósa frá E. Finnsson
- örlítið salt

Þurrsteikið nautahakkið á pönnu. Sjóðið spaghettí í saltvatni í potti í ca 10 mín. eða eftir leiðbeiningum á umbúðum. Hellið E.Finnsson tómatsósu og RINALDO spaghettisósu út í hakkið á pönnunni og látið malla í 10 mín. Hellið spaghettíinu í sigti og síðan í kjötsósuna. Berið fram með hvítlauksbrauði og fersku grænmeti ásamt E.Finnsson grænmetissósu sem salatdressingu. Verði ykkur að góðu!

AUGLÝSINGASTOFA GJAFRÚNAR ÖNNU



**VOGABÆR**  
Sími 424 6525 [www.vogaer.is](http://www.vogaer.is)

## TABISO CHARDONNAY: 5 stjörnur í Vínavisen

Rauða shiraz-vínið frá Tabiso hefur notið vinsælda og nú hefur hvítvinið úr chardonnay-þrúgunni fylgt í kjölfarið og söluaukning á því orðið til þess að það er nú boðið til sölu í öllum Vínbúðunum. Þetta suður-afríska vín er ræktað austan við Höfðaborg í Suður-Afríku af Marais-fjölskyldunni sem er sjöunda kynslóð vínættenda, afkomendur frönsku húgenottanna. Vínið ilmar af suðrænum ávöxtum, er frísklegt með þægilegu eftirbragði.

Hentar vel með fiski og léttum réttum auk þess að vera hentugt eitt og sér í veislum. Vínið þykir með albestu kassavínunum og fékk t.a.m. heilar fimm stjörnur í danska vintímaritinu Vínavisen sem sagði vínið kraftmikið og ilmríkt, kjörið fyrir kvöld með vinunum og eitt af bestu hvítvínunum í kössum sem smakkendur tímaritsins hefðu bragðað.

Verð í Vínbúðum. 3L í kassa á 3.590.



### Til hnífs og skeiðar

GUÐRÚN JÓHANNSDÓTTIR ELÐAR HANDA  
MINNST FJÓRUM FYRIR 1000 KR. EÐA MINNA.

### Skoskt reykfiskgratín

Það er alltaf gaman að brjóta upp og fara nýjar leiðir í matreiðslunni. Á Íslandi snæðum við reyktan fisk yfirleitt soðinn með góðri kartöflustöppu. Hér er hins vegar notast við skoska hefð og til verður reyktur fiskur eins og við höfum aldrei smakkað hann áður.

500 g reykfiskur	470 kr.
200 ml mjólk	
1 msk. smjör	
250 g konfektótómatar (skornir í tvennt)	250 kr.
150 ml rjómi	160 kr.
100 g rifinn ostur	



Setjið ýsuna á pönnu ásamt mjólkinni og látið suðuna koma upp. Lækkið þá hitann, setjið lokið á og sjóðið fiskinn í 5 mínútur. Færið þá fiskinn upp, flettið roðinu af og hlutið hvert flak í stórar flögur. Setjið til hliðar. Bræðið næst smjör á pönnu og steikið tómata, saltið og piprið. Hækkið hitann og sjóðið sem mest af tómatsafanum burtu. Takið nú fiskbitana og látið í ofnfasta skál (1 stóra eða 4 smáar) setjið tómata ofan á og hellið rjómanum yfir allt. Stráðið að síðustu rífa ostinum yfir. Bakið í 190 gráðu heitum ofni í um 20 mínútur eða þangað til rétturinn kraumar vel og osturinn er gullinn og girmilegur. Borðið með góðu salati og brauði sem hentar vel til að fiska upp ljúfar sósudreggjjar.

Kostnaður samtals um 1000 kr.

## metasys

Byltning í þyngdarstjórnun

### Öflugt grænt te í hylkjum frá Metasys



Fyrir konur og karla

Eykur orku og brennslu á við 30 mínútna skokk á dag. Jafnar blóðsykur er vatnslosandi, andoxunarrikt og hressandi.

Fæst í apótekum og heilsubúðum [metasys@simnet.is](mailto:metasys@simnet.is) • [www.metasys.is](http://www.metasys.is) sími 5517020

# FJÖLSKYLDUTILBOÐ

# NING'S

Stórhöfða 17 • Suðurlandsbraut 6 • Hlíðasmára 12  
Pöntunarsími 588 9899



Vinsælt tilboð

Djúpsteyktar rækjur með súrsætri sósu  
Svínakjöt og grænmeti í Dreka sósu  
Kjúklingur og grænmeti í Satay hnetusósu  
Eggjanúðlur með eggjum og grænmeti  
Hrísgrjón og soya sósa

á mann **kr. 1245** fyrir tvo **kr. 2490**

Ath! Tilboðin eru eingöngu afgreidd fyrir 2 eða fleiri

Ef þú hringir og sækir fylgir 2l. Coke með tilboðinu



# allt - sem þig vantar

[ ALLAR SMÁUGLÝSINGAR VIKUNNAR Á [visir.is](http://visir.is) ]

SMÁUGLÝSINGA-  
SÍMINN ER OPINN  
ALLA DAGA KL. 8-22

TIL BIRTINGAR NÆSTA  
DAG ÞARF AÐ PANTA  
FYRIR KL. 15

SMÁUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000  
[smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is) / [visir.is](http://visir.is)

AFGREIÐSLAN ER  
OPIN ALLA VIRKA  
DAGA KL. 8-19

AFGREIÐSLAN ER  
OPIN UM HELGAR  
KL. 9-17

## BÍLAR & FARARTÆKI

**Bilabúð Benna**  
NOTADIR BÍLAR



Opel Astra G CC 1200, 09/2000, ek. 49 þús. 5 dyra, 5 gir, álf, abs, spoiler, CD, þjónustubók, fállegur bill. Ahv. 555 þús. 29 pr. mán. Verð 890 þús.



Alfa Romeo, 156 2.0, 05/98, ek. 70 þús. Abs, álf, CD, þjónustubók, sumar og vetrardekk, ný tímareim, mikið yfirfarinn. Glæsilegur bill. Ath. skipti á ódyrari. Verð 890 þús.



Dodge Dakota, LE 4X4, 05/94, ek. 110 þús. km. 5,2 ssk. álf, dráttarkrókur, rafm. í rúðum, fjarstýrðar samlæsingar, CD. Ath. skipti á ódyrari. Verð 690 þús.



Daewoo Musso TDI grand luxe II, 08/01, ek. 119 þús. ssk, abs, rafm. í rúðum og speglum, toppluga, álf spól-vörn og fl. Ath. skipti á ódyrari. Verð 2.290 þús.



Daewoo Musso TDI grand luxe, árg. 02/99, ek. 150 þús. 33" álf. rafmagn í rúðum og speglum, toppluga, CD, fjarstýrðar samlæsingar, þjónustubók, 1 eigandi. Ath. skipti á ódyrari. Verð 1.690 þús.



Renault Laguna 2.0L STW árg 6/98, ekinn 130 þús. km, beinskíptur sumar-dekk á álflegum og vetrardekk á stálfelgum, dráttarbeisli og m/fl. Verð 790 þús.



Arti-cat ZRT 600 Triple árg. 1995, ekinn aðeins 1,600 mílur, allar legur nýjar í búkka og kúplingu, gott beltí, topp sleði. Verð 320,000.



Daewoo Nubira CDX 2.0 polar wagon, árg. 02/2000, ek. 70 þús. 5 dyra, 5 gir, abs, rafmagn í rúðum og speglum, CD, fjarstýrðar samlæsingar, spoiler, þjónustubók. Ath. skipti á ódyrari. Verð 820 þús.



Daewoo Kalos SE 1400, 06/2003, ek. 28 þús. 5 dyra, 5 gir, abs, rafmagn í rúðum, 4 líknarbelgir og fl. Frábær, rúmgóður, sparneytinn bill! Ath. skipti á ódyrari. Verð 1.090 þús.



Dodge Caravan SE 3.3L árg. 2001, ek. 140 þús. km, 7 manna eðlavagn, sjálfsk., abs, armpúðar, fjarstýrðar samlæsingar, crus control, líknarbelgir, loftkæling, lítað gler, rafm. í rúðum, renni-hurð báðu megin, gríðarlega gott ástand, allt langkeyrsla. Verð 1.890.000.

**Bilabúð Benna ehf. Notaðir bílar**  
Bíldshöfði 10, 110 Rvk.  
Sími: 587 1000  
[www.benni.is](http://www.benni.is)

**Bílalíf.is**  
Bílasala Matthíasar



Ford Explorer E.B 4.0L, árg. 1991, sjálfsk. Leðurinnrétting, sólluga, ofl. Ek. 146 þ. míl. V. 380 þús. Möguleiki á allt að 100% láni. Visa - Euro. Til sýnis og sölu hjá Bílalíf, ATH við erum flutt á Klettháls (110 rvk). S. 562 1717 sjá fleiri myndir á bilalif.is

**Bílasala Matthíasar - Bílalíf**  
Klettháls 2, 110 Reykjavík  
Sími: 562 1717  
[www.bilalif.is](http://www.bilalif.is)

**LITLA** [www.litla.is](http://www.litla.is)  
Bílasalan 5. 587 7777



Nissan Terrano II 3.0 tdi 2003, nokkrir bílar til, frekari uppl. hjá sölum.



Vw Bora 1.6 Comfortline 2002, ssk, ek 20 þkm. Verð 1690 þús., lán 1250 þús.



Jeep Cherokee laredo 4.0 1993, verð 690 þús.



Landrover Defender diesel turbo 1999, 5g, ek 149 þkm. Verð 1450 þús, lán 800.



Subaru Impreza 1.6 4x4 wagon 12/1998, 5g, álflegur, ek 130 þkm, verð 740 þús. lán 400 skipti á sleða! ód/svip

**Litla bílasalan**  
Funahöfða 1, 112 Rvk.  
Sími: 587 7777  
[www.litla.is](http://www.litla.is)

**567 2277**  
NÝJA BÍLAHÖLLIN



Nissan Micra Visia 1.2l, nýr bill, 5D, 5G. Verð 1.440.000. Tilboð 1.240.000.



Toyota Avensis 1800 S/D SOL nýsk., 4/2003 ekinn 28. þ., ssk., og fl. Verð 2.190 þ.



Toyota Avensis 1800 S/D Terra, nýsk, 5/1998, ekinn 114þ, ssk. Verð 850 þ.



Nissan Terrano II SE TDI árg '99, ekinn 189þ, 5g, 31" dekk. Verð 1.350þ.



Subaru Legacy STW 2.0, nýsk., 11/98 ekinn 107þ, ssk, álfe., og fl. Verð 980þ.

**Viðskiptavinir ath.**  
Opíó alla daga vikunnar.

**Nýja bílahöllin**  
Funahöfða 1, 112 Rvk.  
Sími: 567 2277  
[www.notadirbilar.is](http://www.notadirbilar.is)



Nýr '05 M.Benz Vaneo. Fjölskyldubíll af bestugerð. Nokkrir litir og útfærslur. Beinskíptir og sjálfskiptir. Með eða án leðurinnréttingar. Verð frá aðeins 2.356 þús.

**Sparibill ehf**  
Skúlagötu 17, 101 Reykjavík  
Sími: 577 3344  
[www.sparibill.is](http://www.sparibill.is)



Jeep Cherokee 8/01 ek:72 þús. Einn með öllu. Gott verð. Uppl. í s. 896 9616.

**12 Volt**  
Malarhöfða 2, 110 Reykjavík  
Sími: 565 2500

**Bílar til sölu**



Ford Transit 150L Diesel Turbo. Ekinn 182 þ. Sími 899 5706.



Opel Astra stw, ssk., 1995, ek. 132 þús., fállegur og góður bill. Ný tekinn í gegn, skodaður '06, mikið yfirfarinn. Verð aðeins 290 þús. S. 691 4441.



Nissan Patrol 91" breyttur. Verð 1 milljón, ath. skipti. Uppl. í síma 862 3170.



M. BENZ ML 320, árg. 2001. Ek. 46 þ. km. Geisladiskamagasín, glerþoppluga, leðuráklæði o.fl. Verð kr. 3950.000. Skipti ódyrari. Til sýnis og sölu á Bílasala Reykjavíkur. Bíldshöfði 10. Sími 587 8888, [www.bris](http://www.bris)

## BÍLAR TIL SÖLU/ ÞJÓNUSTA

Trésmiðarvélur & verkfæri:

**IDNVÉLAR** [www.idnvelar.is](http://www.idnvelar.is)

Hvalyrarbrú 15-20 220 Hafnarfjörður. Sí: 965-9055

**Adalslipun**

Parketslipun - Parketlagningir

Slipun - Lökkun - Öliu meðferð  
Vax - Lütun - Viðgerðir  
Og allt almennt viðhald

8215880  
8212580  
info@adalslipun.is

[www.adalslipun.is](http://www.adalslipun.is)

**Sími 540 2200**  
Álfheimar 74  
Glæsibær

**TILBOÐSBÍLAR FRÁ MASTER!**

Grand Cherokee LMT árg. 2003, ekinn 27 þús. km.  
Tilboðsverð kr. 3.790.000.-

Volvo XC 90 árg. 2004, ssk, leður og fl. Ek. 25 þ. km  
Tilboðsverð kr. 4790.000.-

BMW X5 sport árg. 2003 ek. 20 þús. km.  
Tilboðsverð kr. 6390.000.-

BMW 745i árg 2002 ek. 50 þús. km.  
Tilboðsverð kr. 7790.000.-

MMC Pajero 3.2cdi árg. 2000, ssk, ek. 137þ ús. km.  
Tilboðsverð kr. 2.790.000.-

**Master, sími 540 2200.**

Elsku Þórir minn  
Þú ert besti bóndi  
í öllum heiminum.


Þín  
kossar & knús  
XXXX

**Viltu kaupa bifreið beint frá Bandaríkjunum?**

Við erum bandarískt útlutningsfyrirtæki sem býður þjónustu í að kaupa bifreiðar og flytja til Íslands hvaðan sem er í Bandaríkjunum. Óháð tryggingafyrirtæki ábyrgjast öll kaup. Meðmæli frá íslenskum aðilum ertu til reiðu ef þess er óskað. Hafðu samband og fáið ítarlegan upplýsingabækling. Vörubifreiðar, fólkubílar, þungavagnvæðing og hvað sem hugurinn gírnist.

International Ventures LLC, Suffolk, Virginia, USA.  
Sími: 1-757-966-3800 Fax: 1-757-966-3801. E-mail: [rv@ivanusa.com](mailto:rv@ivanusa.com)  
Meðlimur í Íslensku American Chamber of Commerce.  
Skrifað hjá Dun & Bradstreet





# Heilsudagar í Hagkaupum



**Törg hundruð heilsuvörur á frábæru verði um helgina!**



Sólveig Eiríksdóttir kynnir buffin sín og Laselva tómátvörur ásamt því að veita faglega ráðgjöf um heilsusamlegt mataræði í Hagkaupum:


Kringlunni föstudag kl.15-18  
Smáralind laugardag kl. 14-17

## Sölvi Fannar

framkvæmdarstjóri Heilsuráðgjafar og einkabjálfi verður ráðgjafi á fyrsta námskeiði Matreiðsluskóla Hagkaupa undir yfirskriftinni BREYTTUR LÍFSSTÍLL ásamt Jóhanni Hannessyni, mannfræðingi og einkabjálfa og Massimo Rugolo einkabjálfa frá Ítalíu.

Óska eftir starfskrafti á sólbaðstofu frá kl. 10 til 16. Ekki yngri enn 20 ára. Uppl. í s. 698 3807 eftir kl. 18.

Óskum eftir að ráða starfskraft í almenn heimilisstörf og aðhlýningu á dvalarheimili. Starfshlutfall samkomulag. Uppl. í s. 562 1671 milli kl. 09-15.

Beitningamenn óskast á höfuðborgarsvæðinu. Uppl. gefur Guðmundur í s. 896 1275.

Au pair Svíþjóð. Íslensk fjölskylda óskar eftir að ráða au pair sem fyrst. Þarf að vera barngóð og ekki yngri en 20 ára. Uppl. í s. 0046 76211 7830 e. kl. 17 eða [siggasveins@yahoo.com](mailto:siggasveins@yahoo.com)

Óskum eftir dyrvörðum á skemmtistað í miðbænum. Uppl. í s. 868 6080.

## Hársnyrtistofa!

Óska eftir ráða hársnyrti í fullt starf. Upplýsingar í síma 861 8050.

## Atvinna óskast

Byggingarmenn frá Lettlandi óska eftir verkefni á Íslandi. S. 845 7158.

37 ára fjölskm. óskar eftir starfi. Vanur járnsmíði, trésmíði, málningavinnu o.fl. S. 894 4492.

Málameistari getur bætt við sig verkefnum. Uppl. í s. 896 6394.

Vanur meiraprófsbilstjóri óskar eftir vinnu strax. Einnig kemur til greina vörudreifing eða útkeyrsla, hef lítinn sendibil. Uppl. í s. 894 3151.

## TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

Gullhringur m. steini tapaðist 18/1, líkl. á Háskólasv. eða í Breiðh. S. 690 2280. Fundarl.

## Fundir

AA-fundur karlar, á föstudagskvöldum kl. 19.30, Seljavegi 2, Reykjavík.

## Einkamál

**TANTRA**  
EROTISK VÆRSLUN  
LANDSINS MESTA ÚRVAL AF VKS, DVD OG LEIKFÖNGUM FYRIR FULLORÐNA  
OPN MÁN - FÖS 12:00 - 20:00  
OG LAUGARD. 12:00 - 18:00  
KOMU Í VÆRSLUN OKKAR AÐ FÁKAFENI 11  
EÐA SKOÐU HERMASÍÐU OKKAR  
**WWW.TANTRAS.IS - SÍMI 562 6977**

Einmanna karlmaður um áttrétt óskar eftir að kynna konu með félagskap í huga. 70-75 ára. Áhugasamar leggi nafn og símanr. inn hjá FbI, Skafthlíð 24 eða á [smaar@frettabladid.is](mailto:smaar@frettabladid.is) merkt góður efnahagur.



**Akureyri**  
ÖLL LÍFSINS GÆÐI

## Stækkun íbúðarsvæðis við Mýrarveg

## Tillögur að deiliskipulagi og breytingu á aðalskipulagi

Bæjarstjórn Akureyrar auglýsir hér með skv. 1. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. tillögu að breytingu á aðalskipulagi. Breytingin felst í því að íbúðarsvæði vestan Mýrarvegjar og norðan Akurgerðis er stækkað til norðurs á kostnað opins svæðis um eina lóð, sem ætluð er undir 5 hæða fjölbýlishús af sömu gerð og húsin nr. 111 – 115 við Mýrarveg.

Jafnframt er auglýst skv. 25. gr. sömu laga tillaga að deiliskipulagi sama reits. Í henni er fyrirhuguðu húsi markaður byggingarreitur og lóð og gerð er grein fyrir aðkomu og bílastæðum, sem verða að hluta í bílakjallara undir húsinu. Skv. tillögunni lengist Mýrarvegur til norðurs, að hinni nýju lóð.

Tillöguupprættir þessir munu liggja frammi í þjónustuanddyri Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 1. hæð, næstu 6 vikur frá birtingu þessarar auglýsingar, þ.e. til föstudagsins 4. mars 2005, svo að þeir sem þess óska geti kynnt sér tillögurnar og gert við þær athugasemdir. Tillögurnar eru einnig birtar á heimasíðu Akureyrarbæjar: <http://www.akureyri.is> undir: *Auglýsingar og umsóknir/Skipulagstillögur*.

Frestur til að gera athugasemdir við tillögurnar rennur út kl. 16<sup>00</sup> föstudaginn 4. maí 2005 og skal athugasemdum skilað til Umhverfiseildar Akureyrarbæjar, Geislagötu 9, 3. hæð. Hver sá sem ekki gerir athugasemdir við auglýsta tillögu innan þessa frests telst vera henni samþykktur.

21. janúar 2005

Skipulags- og byggingarfulltrúi Akureyrarbæjar.

Akureyrarbær • Geislagötu 9 • 600 Akureyri  
Sími 460 1000 • Fax 460 1001 • [www.akureyri.is](http://www.akureyri.is)

## FASTEIGNIR

## REYNIMELUR - 4JA HERB.- 107 RVK VERÐ 17,4 millj.

Heimilisfang: Reynimelur  
Stærð eignar: 94,3 fm  
Fjöldi herb.: 4  
Byggingarár: 1966  
Brunab.mat: 11,2 millj  
Bílskúr: Nei



Alveg endurnýjuð 4ja herbergja enda íbúð á fjórðu hæð í vesturbænum. Forstofa/hol, náttúrusteinn og parket á gólf, stofa, parket á gólf, eldhús, hvít innrétting, náttúrusteinn á gólf, baðherbergi, baðkar, hvít innrétting, náttúrusteinn á gólf. 3 góð svefnherbergi, tvö með skápum, parket á gólf.



Berglind Ósk  
Sigurjónsdóttir,  
822-2435,  
[berglind@remax.is](mailto:berglind@remax.is)

**RE/MAX** Mjódd  
Guðmundur Þórðarson légg. fasteignasali

## LOKAÐ VEGNA JARÐARFARAR



Lokað verður eftir hádegi í dag vegna jarðarfarar Járngerðar Einarsdóttur

**101 REYKJAVÍK**  
FASTEIGNASALA

Laugavegur 66 • 101 Reykjavík • Sími 511 3101 • Fax 511 3909 • [www.101.is](http://www.101.is) • 101@101.is



## Með Fréttablaðinu alla fimmtudaga

**FRÉTTABLAÐIÐ**

Við segjum fréttir





Hafnarfirði  
Fjarðargata 17  
Sími 520 2600  
Fax 520 2601  
Netfang as@as.is  
Heimasíða  
www.as.is



EIGENDUR FASTEIGNA ATHUGIÐ:

Lífleg sala  
skoðum og verðmetum  
samdægurs

Opið virka daga kl. 9–18

Sjá einnig myndir í gluggum á Fjarðargötu

**NÝTT**



**ESKIVELLIR**



## VORUM AÐ FÁ Í SÖLU GLÆSILEGT 4RA HÆÐA 24. ÍBÚÐA LYFTUHÚS Á GÓÐUM STAÐ Á VÖLLUNUM Í HAFNARFIRÐI

Fallegar 2ja, 3ja, 4ra og 5 herbergja íbúðir í nýju 24 íbúða lyftuhúsi á frábærum stað á VÖLLUNUM í Hafnarfirði. Öllum 4ra og 5 herbergja íbúðum fylgir stæði í bílageymslu. Húsið skilast fullbúið að utan, steinað með lituðum marmarasalla. Lóð og bílastæði frágengin. Íbúðirnar afhendast fullbúnar án gólfefna, nema gólf á baðherbergi verða flísalögð og veggir verða flísalagðir upp í tveggja metra hæð. Gólf á þvottahúsi verða flísalögð. Sérhannaðar innréttingar í eldhúsi sem ná upp í loft eru frá **ELDHÚSI OG BAÐI** Smáratorgi. Vönduð tæki. Öll sameignin verður fullfrágengin með máluðum geymslugólfum. Stigar og stigapallar eru teppalagðir og anddyri flísalagt.

**Góð staðsetning! Stutt í þjónustu, skóla, sund og íþróttaaðstöðu!**

**AFHENDING HAUSTIÐ 2005 • TRAUSTIR BYGGINGARVERKTAKAR**



# Ráðlegging til ómaga samfélagsins

**HERDÍS HELGADÓTTIR**  
MANNFRÆÐINGUR  
SKRIFAR UM KJÖR EFTIRLAUNAFÓLKS

„*Okkur eru flestar bjargir bannaðar – ef við fáum greitt fyrir einhverja vinnu tekur Tryggingastofnun 45% af upphæðinni og skattstjóri um 39%: samtals 84%.*“

Takið út innistæður ykkar úr bönkum ef þær eru einhverjar, geymið peningana undir koddanum eða látið krók koma á móti bragði og fáid börn ykkar, barnabörn, aðra vandamenn eða vini til að eiga innistæðuna í þykjustunni til að fá sömu vexti og aðrir.

Starfsfólki Tryggingastofnunar ríkisins er gert skylt skv. 10 grein laga nr.117/1993 að reikna okkur, sem þurfum að fá tekjutryggingu og heimilisuppbót vegna lélegra eftirlauna úr lífeyrissjóðum eftir 30-55 ár á vinnumarkaði, helming af vöxtum sem tekjur ef við eigum peninga (inneignir) í banka.

Borgarstjórn Reykjavíkur ákveður á hverju ári að veita

tekjulitlu eftirlaunafólki sem á skuldlausar íbúðir, allt að 80% afslátt af fasteigna- og holræsagjaldi. Á árinu 2004 áttu einhleypingar sem höfðu kr. 1.610.000 eða minna í árs-tekjur að fá afsláttinn. Ég er á eftirlaunum, á litla íbúð, hafði 1.566.549 kr. í tekjur 2003, fékk 49.789 kr. í vexti af inneign í banka og greiddi 307.499 kr. í skatta.

Ég fékk 50% afslátt af umræddum gjöldum vegna ómaga-stöðu minnar árið 2002 og 2003 og sendi bréf til Framtalsnefndar Reykjavíkurborgar í maí s.l. og spurði hvort ég ætti ekki rétt á 80% afslætti. Svar fékk ég dags.4. ágúst og þar með 11.027

kr. lækkun á greiðslum. En Adam var ekki lengi í Paradís. Hinn 22. nóv. bárust mér skrifleg boð um að endurgreiða þessar krónur og ég

hef ekki enn fengið svar við bréfi dags. 22.11 þar sem ég bað um skýringar, þ.e. hvort vinstri höndin vissi ekki hvað sú hægri gerði. Tuttugasta og níunda desember var upphæðin tekin út af greiðsluþjónustureikningi mínum hjá Spron.

Í dag 18.jan. fékk ég upplýsingar í símtali við starfsfólk hjá Reykjavíkurborg um að Framtalsnefndin telur vextina sem tekjur. 1. Helmingur af vöxtum lækka greiðslur til okkar sem fáum tekjutryggingu og heimilis-

uppbót vegna lélegra eftirlauna úr lífeyrissjóðum og erum talin ómagar. 2. Framtalsnefnd Reykjavíkurborgar telur alla vexti okkar beinar tekjur.

Þetta er einfalt reikningsdæmi fyrir mig: lækkun á greiðslum Tryggingastofnunar vegna vaxta er 24.899; áhrif vaxta á tekjuskatt og holræsagjald, mínus 11.027; fjármagnstekjuskattur 4.979. Samtals: 40.905 kr. Ég fæ í minn vasa kr.8.884, þ.e. um 15,5% af vöxtum þegar aðrir fá 90%.

Okkur eru flestar bjargir bannaðar – ef við fáum greitt fyrir einhverja vinnu tekur Tryggingastofnun 45% af upphæðinni og skattstjóri um 39%: samtals 84%.■



AF NETINU

## Heimilislausir á Íslandi

Miðað við allar þær bjargir sem við höfum, alla fjármunina og góðan vilja helstu ráðamanna (a.m.k. á tyllidögum) er sorglega staðreyndin sú að hér á landi finnast enn hópar sem eiga sér fáa sem enga málsvara og búa við vægast sagt ómannúðlegar aðstæður. Heimilislausir eru gott dæmi um slíkan hóp en rétt rúmlega hundrað manns eru flokkaðir heimilislausir hér á landi samkvæmt þrengstu skilgreiningu, þ.e. rúmlega hundrað einstaklingar sofa úti eða nýta sér þjónustu gistiskýla. Enn meiri fjöldi er í raun heimilislaus ef tekið er tillit til allra þeirra sem búa við ótryggt húsnæði en ná að þrauka dag frá degi með því að gista hjá vinum og kunningjum.

Auður Lilja Erlingsdóttir á vinstri.is

## Náðu að stoppa nafnið

Sjálfur hef ég aldrei áttað mig á því til hvers mannanafnanefnd er. Enda er ég mannanafna-mistöð, hef sloppið fram hjá vöklu auga nefndarinnar. Ég heiti hínu hræðilega nafni Reykjfjörð eða „Smoke-Bay“ eins og presturinn sagði. Nefndarmönnum kemur sennilega ekki dúr á auga vitandi að svo hræðilegt nafn sé skrifað á debetkortakvittanir. Hryllilegt alveg! En þeir náðu þó að stoppa þetta! Ég fékk að bera þetta nafn og systir mín er þessu marki brennd. En litli bróðir minn – honum var bjargað af mannanafnanefnd. Guði og nefndarmönnum sé lof! Enda hefði hann án efa hlotið varanlegan skaða af.

Ásgeir Helgi Reykjfjörð Gylfason

## Hatar ekki Bandaríkin

Nokkrir bloggarar hafa haldið því fram að ég hataði Bandaríkin vegna þess að ég snumra Íslendinga fyrir undirlægju-skap við þessi ríki. En það er ekki Könnunum að kenna að margir Íslendingar liggja marflatir fyrir þeim. Bandaríkin eru dýnamískt og spennandi samfélag sem hefur forystu á flestum sviðum mennta og menningar. Reyndar varði ég þessi ágætu ríki í grein í blaði hér í Lillehammer eftir innrásina í Afganistan. Ég var fylgjandi þeirri innrás en á móti innrásinni í Írak. Kannski verður maður Kanahatari ef maður fylgir ekki Bush í einu og öllu.

Stefán Snævarr á kistan.is

**HÓTEL HÓLT**

ÞINGHOLT  
...  
VEISLUSALUR FYRIR ÖLL  
TILEFNI  
...  
SPENNANDI MATSEDLAR  
OG VEITINGAR  
...  
SKOÐIÐ VERÐIÐ Á  
WWW.HOLT.IS

BERGSTAÐASTRÆTI 37 • SÍMI: 552 5700



**SUBARU**  
MEÐ HUGANN VIÐ AKSTURINN

Verð áður frá 2.710.000

Verð nú frá 2.440.000

Subaru Legacy Wagon

# = 270.000

## króna gengishagnaður

Hagstætt gengi og góðar aðstæður gera okkur kleift að bjóða takmarkað magn af Subaru bílum á verði sem er eiginlega varla viðeigandi í þessum gæðaflokki. Öflug 2.0 lítra vél og fullkomið fjór hjóladrif tryggja að þú kemst örugglega á leiðarenda og ekki spillir ríkulegur staðalbúnaður. Komdu og kynntu þér Subaru – og njóttu betra gengis!

## LEGACY

Verð á mán:  
**28.239\***



**IMPREZA**

Verð frá: 2.100.000 kr.  
**Verð á mán: 24.303 kr.\***



**OUTBACK**

Verð frá: 3.540.000 kr.  
**Verð á mán: 40.974 kr.\***



**FORESTER**

Verð frá: 2.430.000 kr.  
**Verð á mán: 28.123 kr.\***

**Ingvar Helgason**

Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is

Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 13:00–17:00

\*Bílasamningur SP-FJÁRMÖGNUN með 20% innborgun og eftirstöðvar í 84 mánuði



VLADÍMÍR ILJITSJ ULJANOV LENÍN (1870-1924)  
lést þennan dag úr hjartaslagi.



„Frelsi í kapitalískum samfélögum er svipað og tíðkaðist í Grikklandi til forna: Frelsi til handa þrælahöldurum.“

Lenín er einn þekktasti og áhrifamesti stjórnálmáður og hugsuður 20. aldarinnar. Hann var maðurinn á bak við rússnesku byltinguna og fyrsti leiðtogi Sovétríkjanna.

## tímamót

tímamot@frettabladid.is

### FÆDDUST ÞENNAÐAG

- 1337 Karl V, hinn spaki, konungur Frakklands frá 1364-80.
- 1743 John Fitch, uppfinningamaðurinn sem fyrstur var með gufubát í lagi.
- 1883 Olav Aukrust, norskt ljóðskáld.
- 1885 Huddie Ledbetter, blússöngvari þekktur sem „Leadbelly“.
- 1908 Bengt Strömgen, sænskur stjarnfræðingur.
- 1921 Todor Popov, tónskáld.
- 1921 Barney Clark, fyrsti gervihjartapeginn.
- 1924 Telly Savalas, kvikmyndaleikari.
- 1924 Benny Hill, skemmtikraftur og sjónvarpsfígúra.
- 1933 William Wrigley III, tyggjórömuður.
- 1939 Wolfman Jack (Bob Smith), amerískur útvarpsmaður.
- 1940 Jack Nicklaus, golfþróttamaður.
- 1941 Plácido Domingo, óperusöngvari.
- 1976 Emma Lee Bunton, „Baby Spice“ úr Spice Girls.

### LEIÐRÉTTING

Fritz H. Berndsen skurðlæknir var ranglega sagður eiga 58 ára afmæli í blaðinu á fimmtudag. Hið rétta er að alnafi hans í trésmíðastétt átti afmæli þann dag. Skurðlæknirinn er 39 ára og á afmæli í maí. ■



Minningarkort  
Hjartaverndar  
535 1825



Elskuleg systir okkar, mágkona og frænka,  
**Elenóra Jónsdóttir (Nóa)**  
Mjóuhlíð 8, Reykjavík,

lést þriðjudaginn 11. janúar síðastliðinn.

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

Systkinin frá Hellu og fjölskyldur þeirra.

15% afsláttur  
af legsteinum  
gegn staðgreiðslu  
í janúar og febrúar

Sendum myndalista

**MOSAÍK**

Hamarshöfði 4, 110 Reykjavík, s: 587 1960, www.mosaik.is

DAVÍÐ STEFÁNSSON: 110 ÁR FRÁ FÆÐINGU SKÁLDSINS

# Margvísleg dagskrá í boði á afmælisdaginn

Í dag eru liðin 110 ár frá fæðingu Davíðs Stefánssonar frá Fagraskógi og verður af því tilefni efnt til dagskrár honum til heiðurs bæði norðan og sunnan heiða. Opnaðar verða sýningar, haldnir tónleikar og á morgun verður haldið málþing um skáldið. Þá má búast við fleiri atburðum á afmælisárinu fyrir norðan í haust.

Í Þjóðmenningarhúsinu í Reykjavík verður opnuð sýning um Davíð í sýningarstöðinni Skáld mánaðarins. Jóhanna Bergmann í Þjóðmenningarhúsinu segir sýninguna verða með hefðbundnu sniði, en þar verður að finna ljóð Davíðs, skáldverk hans og leikrit. „Við erum í samstarfi við Landsbókasafnið um efni sýningarinnar og höfum fengið lánaða að norðan persónulega muni Davíðs, gleraugu, tóbakspontuna og ýmislegt smálegt. Þá erum við með hljómplötur með upplestri Davíðs á eigin verkum, hljómplötur með leikritum hans og sýningar-skrár Gullna hliðsins frá hinum og þessum leikfélögum um allt land.“ Jóhanna segir sýninguna í Þjóðmenningarhúsinu standa fram í miðjan mars, en hvetur sem flesta til að koma við opnun-



DAVÍÐ STEFÁNSSON Ungt skáld við upphaf ferils síns.

ina á morgun klukkan fimm. Þá flytur Guðmundur Andri Thorsson ávarp og flutt verður tónlist við ljóð Davíðs. „Það verða þeir Sigurður Flosason og Sigurður Gunnarsson sem spinna út frá

sálmi eftir Davíð,“ segir Jóhanna, en jafnframt verður opnuð vefgátt með umfjöllun um ævi og verk Davíðs á fræðsluvefnum Skólavefurinn.is. „Við höfum verið í samstarfi við vefinn um Skáld mánaðarins, en þar er að finna skemmtilega umfjöllun um skáldið, birt dæmi um ljóð og önnur rit. Þá er líka hægt að hlusta á upplestur skáldsins og svo er þar að finna verkefni, þar sem vefurinn miðar að fræðslu fyrir grunnskólabörn auk stuðnings við kennara.“

Á sama tíma og opnað er í Þjóðmenningarhúsinu í Reykjavík verður opnuð sýning á verkum, bréfum og munum úr fórum Davíðs á Amtsbókasafninu á Akureyri. Þar verða meðal annars sýnd bréf sem fóru milli Davíðs og Önnu Z. Osterman, sendikennara frá Svíþjóð, sem aldrei hafa komið fyrir sjónir almennings áður, en bréfaþakinn með þeim var lokaður og innsiglaður til ársins 2000. Einnig verða sýndir óopnaðir bréfaþakkar frá Davíð, þar á meðal þakkar sem að óbreyttu má ekki opna fyrr en eftir tvær aldir.

Sjá nánar um viðburði dagsins á síðu 34



Bóndadagurinn er í dag:

## Markar upphaf þorra

Bóndadagur er föstudagur í 13 viku vetrar, fyrsti dagur þorra. Hefð er fyrir því að konur geri eitthvað fyrir menn sína þennan dag, svo sem í mat og kaffi. Þá hafa konur gefið mönnum sínum blóm í einhverju mæli síðan um 1980. Orðið „bóndadagur“ kemur fyrst fyrir í þjóðsögum Jóns Árnasonar.

„Upphaflega virðist húsfreyja hafa boðið þorra velkominn enda er ljóst að fyrsti dagur þorra hefur verið tileinkaður húsbóndanum,“ segir Árni Björnsson um bóndadaginn í bók sinni, Sögu dagana. Þar minnst hann einnig á þann síð að bóndi hlauði í kringum bæ sinn, en segir óljóst hversu hversu almennur hann hafi verið eða hver uppruni hans sé. „Vera kann að þar sé um að ræða leifar af eldra þorrafagnaði.“ Á síðara hluta 19. aldar tóku svo

mennta- og embættismenn upp matar- og drykkjarveislur þar sem sungin voru ný og gömul kvæði og þeir kölluðu „Þorrablot“ að fornum hætti. „Þessar veislur lögðust af eftir aldamótin í kaupstöðum en þá hafði þorrablotssíðurinn borist í sveitirnar, fyrst á Austurlandi og í Eyjafirði, og hélt þar áfram. Um miðja 20. öld hófu áthugasamtök á höfuðborgarsvæðinu síðan þorrablotin aftur til vegs og virðingur í þéttbýli, og buðu þá „íslenskan“ mat sem nú var orðinn sjaldhafður í kaupstöðum. Veitingamaður í Naustinu í Reykjavík hafði síðan sérstakan þorramat á boðstólum frá þorranum 1958. Síðan hafa þorrablot ýmissa samtaka með íslenskum mat verið fastur liður í skemmtana-lífi um allt land,“ segir Árni Björnsson. ■

### MERKISATBURÐIR

- 1799 Edward Jenner kemur fram með bólusetningu við bólusótt.
- 1908 Samkvæmt reglugerð er konum í New York bannað að reykja á almannaferi.
- 1925 Fárviðri í Reykjavík, þök fuku af nokkrum húsum og eitt mesta flóð sem orðið hefur sunnanlands og vestan varð þennan dag.
- 1982 Belgíski togarinn Pelagus ferst við Heimaey. Sex var bjargað úr áhöfninni en tveir farast. Einnig fórust tveir björgunarmenn, læknir og foringi Hjálparseitar skáta í Vestmannaeyjum.
- 1989 Fyrsti Spaugstofuþátturinn „89 af stöðinni“ er sendur út.
- 1994 Lorena Bobbitt sögð hafa þjáðst af stundarþjálæði þegar hún skar af lim eiginmanns síns.

### AFMÆLI

Halldór Jónatansson, fyrrum forstjóri Landsvirkjunar, er 73 ára í dag.



Arnar Jónsson leikari er 62 ára í dag.




Kristín Marja Baldursdóttir rithöfundur er 56 ára í dag.

Eypór Örn Óskarsson reikimeistari er 56 ára í dag.

Ragneiður Sigurjónsdóttir forstöðumaður er 56 ára í dag.



Einar Pálsson, framkvæmdastjóri og bæjarfulltrúi Árborgar, tekur á móti gestum frá kl. 20 í kvöld en hann er fimmtugur í dag.



Svanhvit Moritz Sigurðardóttir á Akureyri er fimmtug í dag.



Aldís Baldvinsdóttir leikona er 46 ára í dag.

Jón Axel Pétursson, framkvæmdastjóri Emmessiss, er 43 ára í dag.

Hafsteinn Þór Hilmarsson þýðandi er 38 ára í dag.

### ANDLÁT

Kristín Ingimundardóttir, Hvassaleiti 58, Reykjavík, lést miðvikudaginn 5. janúar.

Halldór Kristinn Bjarnason, dvalarheimilinu Hornbrekku, Ólafsfirði, lést mánudaginn 10. janúar.

Ríkharður Jónsson, Ólafsbraut 38, Ólafsvík, lést laugardaginn 15. janúar.

Björn Kristjánsson, frá Miklaholtsseli, lést þriðjudaginn 18. janúar.

Guðjón Skarphéðinsson lést á Landspítala Hringbraut, þriðjudaginn 18. janúar.

Tryggvi Jónatansson, Litla-Hamri, lést þriðjudaginn 18. janúar.

### JARÐARFARIR

13.00 Járngerður Einarsdóttir, frá Tjörnum, Vestur-Eyjafjöllum, verður jarðsungen frá Dómkirkjunni.

13.00 Sigrún Gísladóttir, Álfrólsvogi 70, Kópavogi, verður jarðsungen frá Digraneskirkju.

13.30 Hjörleifur Tryggvason, bóndi á Ytra-Laugalandi, verður jarðsungen frá Akureyrarkirkju.

14.00 Guðrún Brynjólfssdóttir, dvalarheimilinu Höfða, áður Skólabraut 31, Akranesi, verður jarðsungen frá Akraneskirkju.

14.00 Guðrún Guðmundsdóttir, Lyngholt 22, Keflavík, verður jarðsungen frá Keflavíkurkirkju.

15.00 Dórothea Fr. Ólafsdóttir, áður til heimilis í Lönguhlíð 3, Reykjavík, verður jarðsungen frá Dómkirkjunni.

15.00 Sigríður Johnsen Marklandi, Löngufit 40, Garðabæ, verður jarðsungen frá Garðakirkju.

## Þorratunglið

Þá þorratunglið tinnett er tel ég það lítinn háska: næsta sunnudag nefna ber niú vikur til páska.

Á vef Almanaks Háskólans greinir Þorsteinn Sæmundsson frá því að vísan hér að ofan sé ein af mörgum sem dr. Jón Þorkeðsson hafi látið prenta í Almanaki Þjóðvinafélagsins árið 1914 en um höfund hennar sé ekki vitað. „Reglan sem vísan gæmir, um samband þorratungls og páska, hefur þótt býna áreiðanleg,“ segir hann, þó á henni geti verið undantekningar svo sem árið 1977. „Þá átti þorratunglið að kvikna 19. janúar samkvæmt almanaknu; tíu dögum síðar var laugardagur, en sunnudaginn þar á eftir voru tíu vikur til páska en ekki níu.“



**AYALA**

„TÖFRAMAÐUR ÁRSINS“  
THE ACADEMY OF MAGICAL ARTS, HOLLYWOOD

**DEAN  
GUNNARSON**

BESTI HVERFILISTAMAÐUR  
HEIMS UM ÞESSAR MUNDIR

**ÓLAFUR  
DARRI**

SEM SIRKUSSTJÓRINN

MATTURINN & DÝÐIN

# THE RETURN OF HOUDINI

## • HOUDINI SNÝR AFTUR • Í BORGARLEIKHÚSINU UM ÞÁSKANA

Forsala er hafin á „THE RETURN OF HOUDINI“, magnaðri sýningu sem sameinar LEIKHÚS, SIRKÚS OG TÖFRABRÖGÐ. Aldrei áður hafa sést önnur eins töfrabrögð og sjónhverfingar á Íslandi. Sýningin er byggð á brellum töframansins HARRY HOUDINI. Stórkostleg spennuatriði, trúðar, leikur að eldi, sprengingar, gaman og galdrar sem fá þig til að standa á öndinni.

**THE RETURN OF HOUDINI ER MÖGNUM FJÖLSKYLDUSÝNING SEM Á SÉR ENGA LÍKA, EINSTAKT SJÓNARSPIL SEM ÞÚ MUNT ALDREI GLEYMA**

**TAKMARKAÐUR FJÖLDI SÝNINGA - FORSALA HAFIN**

SÝNINGAR: 23. MARS KL. 20.00 • 24. MARS KL. 15.00 • 24. MARS KL. 20.00 • 26. MARS KL. 15.00 • 26. MARS KL. 20.00

• MIÐASALA Í SÍMA 568 8000 • WWW.BORGARLEIKHUS.IS • NÁNARI UPPLÝSINGAR: WWW.HOUDINI.IS •

**VARÚÐ! ATRIÐI Í SÝNINGUNNI GETA VAKIÐ SKELFINGU HJÁ UNGUM BÖRNUM**

The mogul BORGARLEIKHÚSIÐ



# KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF] Peningaskápurinn...

ICEX-15 3.546 +0,15%

Fjöldi viðskipta: 201  
Velta: 1.808 milljónir

## MESTA HÆKKUN

↑ Flugleiðir 3,46%  
Bakkavör 2,01%  
Jarðboranir 1,49%

## MESTA LÆKKUN

↓ Síminn -2,41%  
SÍF -1,24%  
KB banki -0,62%

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 40,80 +0,99% ... Atorka 5,79 +0,52% ... Bakkavör 25,40 +2,01% ... Burðarás 12,45 -0,40% ... Flugleiðir 11,95 +3,46% ... Íslandsbanki 11,25 +0,45% ... KB banki 481,00 -0,62% ... Kögun 47,00 - ... Landsbankinn 12,55 +0,80% ... Marel 52,40 - ... Medicare 5,90 - ... Og fjarskipti 3,42 -0,29% ... Samherji 11,40 +0,44% ... Straumur 10,00 - ... Össur 82,00 +0,61%

# viðskipti

vidskipti@frettabladid.is nánar á visir.is

**Kraftmiklar athafnakonur** Óhætt er að segja að mikil stemning hafi verið í Súlnasal á Hótel Sögu í gær þegar Félag kvenna í atvinnurekstri veitti árlegar viðurkenningar. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir var veislustjóri og fjallaði meðal annars á gamansaman hátt um þær ólíku kröfur sem gerðar eru til karla og kvenna í viðskiptalífnum og hitti vel í mark. Það var hins vegar aðalverðlaunahafinn sem stal senunni í ræðu sinni. Hún byrjaði á því að segja frá því að henni væru viðskipti í blóð borin og þetta hefði komið snemma í ljós. Hún byrjaði á sínu fyrsta fyrirtæki sex ára gömul eftir að hafa staðið eldri systkini sín af launreykingum. Hún kom vitaskuld auga á viðskiptatækifærið og hófst þegar handa við umfangsmikla fjárhúgungarstarfsemi og rúkaði systkini sín gegn loforði um að upplýsa ekki foreldrana um þessa launiðju. Þessi starfsemi var þó ekki lífvænleg og telur Katrín að hugsanlega hafi hún verið of frek til fjáris.

**Vinstri umferð fyrir örvhenta** Katrín sagðist eiga móður sinni mikið að þakka því í gegnum hana hefði hún kynnst rekstri fyrirtækja. Katrín

var ungrri treyst fyrir ýmiss konar ábyrgð og rifjaði hún meðal annars upp að hafa farið með móður sinni, Erlu Tryggvadóttur, til Lundúna skómmu eftir að hafa fengið bílprófið. Mamma leigði bíl á flugvellinum og ætlaðist til að dóttirin settist undir stýri. Katrín leist ekki á blikuna og fannst það ekki góð hugmynd að setjast undir stýri, nýkomin með bílpróf í stórborg þar sem bílarnir aka öfugu megin á veginum. „Hvað er þetta, þú ert örvhent,“ sagði mamma hennar. Og Katrín segir að það hafi komið á daginn að þetta hafi bara gengið þrýðilega. „Þetta gekk svo vel að ég var tekin föst fyrir hraðakstur á strætóakreini á Oxfordstræti,“ sagði hún.

## MARKAÐSFRÉTTIR...

Vísitala byggingarkostnaðar hækkaði um 2,82 prósent í janúar. Vísitalan gildir fyrir febrúar. Síðastliðna tólf mánuði hefur vísitala byggingarkostnaðar hækkað um 8,6 prósent. **Hagstofan** segir hækkunina skýrast að mestum hluta af samningsbundnum launahækkunum.

Gengi krónunnar lækkaði um 0,36 prósent í dag. Gengisvísitalan byrjaði í 111,60 stigum en endaði í 112 stigum.

Nýskráningar atvinnuleysis í Bandaríkjunum drögust saman um 48.000 í síðustu viku, en þá sóttu alls 319 þúsund einstaklingar um bætur í fyrsta skipti. Nýskráningar atvinnuleysis hafa ekki verið færri að meðaltali frá árinu 2000.

## Big Food fundur í dag

Hluthafafundur í Big Food mun í dag taka afstöðu til yfirtökutilboðs í félagið.

Hluthafafundur Big Food Group verður haldinn í dag. Fyrir fundinum liggur að samþykka eða hafna yfirtökutilboði íslenskra fjárfesta undir forystu Baugs í fyrirtækið.

Ekki er búist við öðru en að tilboðið verði samþykkt. Samkvæmt heimildum hefur stjórn Big Food að undanfögnu borist afstaða hlut-

hafa sem munu nær allir vera hlynntir yfirtökutilboðinu.

Tvær leiðir eru að yfirtöku fyrirtækis í Bretlandi. Annars vegar að gera tilboð og innleysa til sín hluti á markaði þar til 90 prósent mark er náð. Hin leiðin er að gera tilboðið og fá það samþykkt, líkt og á hluthafafundinum sem er í dag.

Verði tilboðið samþykkt má búast við að síðasti viðskiptadagur á markaði með bréf Big Food verði í annarri viku febrúar og að nýir eigendur taki við stjórnartumum í fyrirtækinu í kjölfar þess. - h h



**VERÐLAUNAÐAR FYRIR GÓÐAN ÁRANGUR** Katrín S. Óladóttir, formaður FKA; Vigdís Finnbogadóttir, fyrrum forseti Íslands; Edda Jónsdóttir, handhafi Hvatningarverðlauna FKA; Katrín Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Lýsis og handhafi viðurkenningar FKA; Guðrún Steingrimsdóttir, eigandi Lífstykkiþjálfunarinnar og handhafi Þakkarviðurkenninga; Einar Sveinsson, stjórnarformaður Íslandsbanka og Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, varaformaður Samfylkingarinnar.

## Segir tækifærum kvenna hafa fjölgað

**Katrín Pétursdóttir, framkvæmdastjóri Lýsis, hlaut viðurkenningu Félags kvenna í atvinnurekstri. Hún hefur náð afbragðsárangri í rekstri Lýsis síðan hún keypti félagið og tók við framkvæmdastjórnastarfinu árið 1999.**

Félag kvenna í atvinnurekstri (FKA) veitti í gær Katrínu Pétursdóttur, framkvæmdastjóra Lýsis, viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í rekstri. Katrín S. Óladóttir, formaður félagsins, sagði Katrínu vera í senn fyrirmynd og hvatningu fyrir félagsmenn.

Þetta var í sjötta sinn sem FKA veitir viðurkenningar en ásamt því

að heiðra Katrínu fékk Edda Jónsdóttir í i8 gallerí Hvatningarviðurkenningu og Guðrún Steingrimsdóttir, eigandi Lífstykkiþjálfunarinnar, fékk Þakkarviðurkenningu félagsins. Þau Vigdís Finnbogadóttir, fyrrum forseti, og Einar Sveinsson, stjórnarformaður Íslandsbanka, afhentu verðlaunin.

Katrín Pétursdóttir hefur gegnt starfi framkvæmdastjóra Lýsis frá árinu 1999 en þá keypti hún fyrirtækið og sameinaði það þeim rekstri sem hún stóð þá þegar fyrir. Rekstur Lýsis hefur tekið stakka-skiptum á þeim fimm árum sem Katrín hefur veitt því forystu. Velta félagsins er um einn og hálfur milljarður og um níutíu prósent af framleiðslu fyrirtækisins fara á erlendan markað. Lýsi festi í ársbyrjun 2003 kaup á Föðurböndunni og er veltan í þeim rekstri um tveir og hálfur milljarður króna.

Katrín hefur staðið í eigin atvinnurekstri í hartnær tuttugu ár

og segir að viðurkenning FKA sé hvatning fyrir sig. „Þetta er viðurkenning á starfinu og þetta er góður félagsskapur sem gaman er að fá að vera hluti af,“ segir hún.

Um árangur sinn í rekstri segir hún hvorki töfrabróð né galdra- verk búa þar að baki. „Þetta er fyrst og fremst vinna og góð verk sem eru unnin af mörgum góðum manneskjum. Það eru margir sem hafa lagt hönd á plóginn,“ segir hún.

Spurð hvort hún telji að aðstæður kvenna í atvinnurekstri hafi breyst á þeim tíma sem hún hefur staðið í eigin rekstri segir Katrín að nú sé það orðið eðlilegra að konur taki þátt í atvinnurekstri og tækifærunum hafi fjölgað.

Um það hvort það hafi háð henni að vera kona í þeim karlabransa sem sjávarútvegurinn er segir Katrín: „Ég held að ég hafi frekar notið góðs af því að vera kona í þessum karlabransa.“

thkjart@frettabladid.is



**ÁFANGI Í YFIRTÖKU** Pálmi Haraldsson og Jón Ásgeir Jóhannesson fara fyrir hópi fjárfesta í kaupnum á Big Food Group. Hluthafafundur tekur afstöðu til tilboðs þeirra í dag.

## Ríkisskuldarnar lækka

Skuldir ríkissjóðs sem hlutfall af vergri landsframleiðslu hafa farið lækkanði á undanföllum árum að því er fram kemur í vefriti fjármálaráðuneytisins. Sé tekið mið af seinustu fjórum árum þá

hefur hlutfallið lækkað úr rúmlega 38 prósent í lok árs 2001 í rúmlega 28% í lok árs 2004. Áætlað er að skuldir ríkissjóðs hafi í lok árs 2004 numið 254 milljörðum króna. ■

# LAGERÚTSALA LUMEX

RÝMUM FYRIR NÝJUM LJÓSUM

LAGERÚTSALAN FER FRAM Á LAGER OKKAR AFTAN VIÐ LUMEX BÚÐINA SKIPHOLTI 37, GENGID INN FRÁ BOLHOLTI

OPÍÐ: FÖSTUDAG 12-20 / LAUGARDAG 10-18 / SUNNDAG 13-18 / MÁNUDAG 12-20

LUMEX



## Vöxtur hjá Flugleiðum

Farþegum Flugleiða fjölgaði um 17,8 prósent í fyrra og voru þeir 1,3 milljónir. Sætanyting félagsins batnaði einnig og jókst um 5,3 prósentustig.

Sætaframboð Flugleiða var aukð í fyrra um 12,5 prósent en sala sæta jókst um 21,2 prósent. „Þessi mikla fjölgun og aukin sætanyting er mjög góður árangur og nauðsynlegt mótvægi við almennt lækkandi verð flugfaragjalda og miklar eldsneytishækkunar á árinu,“ segir Sigurður Helgason, forstjóri Flugleiða.

Farþegum í innanlandsflugi Flugfélags Íslands fjölgaði um 9,3 prósent í desember og um 13,7 prósent á árinu í heild. Tonnafjöldi í fraktflugi jókst verulega eða um ríflega fjórðung. Mesta



**GÓÐUR ÁRANGUR** Síðasta heila starfsár Sigurðar Helgasonar sem forstjóri Flugleiða reyndist farsælt, en vöxtur er í öllum meginþáttum í starfsemi félagsins

aukningin er þó í leiguflugi þar sem fjöldi fartíma jókst um rúm 62 prósent. ■

# 4x4 x frumsýning

Tilboð fyrir hjólaþrútu



**ÚTÍBÚSSTJÓRI Í LONDON** Lárus Welding mun stýra starfsemi nýs útíbús Landsbankans í London.

## Sjálfstætt útíbú í London

Starfsemi Landsbankans í London hefur vaxið og nú á að stofna útíbú í borginni.

Landsbankinn hefur sent tilkynningu til Fjármálaeftirlitsins þess efnis að bankinn hafi ákveðið að stofna útíbú á Englandi.

Landsbankinn tók þessa ákvörðun þar sem bein þjónusta Landsbankans á Englandi hefur stóraukist og gert er ráð fyrir að sú þróun haldi áfram. Lárus Welding, sem starfað hefur á fyrirtækjasviði Landsbankans, verður útíbússtjóri.

Starfsemi útíbúsins verður tvíþætt: annars vegar útlánastarfsemi í formi sambankalána þar sem Landsbankinn er annaðhvort þátttakandi eða leiðandi lánveitandi og hins vegar fyrirtækjaráðgjöf.

„Þetta er er engin eðlisbreyting á starfsemi hér í London. Þetta er rökrétt framhald af vexti starfseminnar,“ segir Lárus Welding. Starfsemi Landsbankans í London hefur verið í húsakynnum bankans Heritable sem er í eigu Landsbankans. Heritable stundar fasteignalánastarfsemi. Landsbankinn mun leita sér að nýju húsneði fyrir starfsemi sína.

- hh

## Fyrstu ársuppgjörin

Tími ársuppgjóra fyrirtækja í Kauphöll Íslands fer í hönd.

Að venju eru það Nýherji og Straumur sem eru fyrstu félögin sem birta niðurstöðu rekstrarins. Uppgjör félaganna birtast í fréttakerfi Kauphallar Íslands í dag. Fyrirliggjandi er að árið í fyrra er metár í afkomu skráðra félaga. Þar fara fremst í flokki fjármálafyrirtækini og má búast við því að uppgjör Straums slái tóninn fyrir góð uppgjör fjármálafyrirtækja. ■

Gildir aðeins á föstudag og laugardag

**TILBOÐSVERÐ**  
**kr. 29.900,-**  
Listaverð: 34.900,-

17" TFT flatskjár  
729A-LCD  
17" skjáflötur  
1280 x 1024 upplausn  
Birta 400 cd/m<sup>2</sup>  
Skerpa 450:1  
16ms viðbragðstími  
HD15 (VGA) tengi  
2 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum

Gildir aðeins á föstudag og laugardag

**TILBOÐSVERÐ**  
**kr. 49.900,-**  
Listaverð: 59.900,-

**5000**  
síður af gæða Xerox Business pappír fylgja með

Xerox WorkCentre PE16 MFP  
16 síður á mínútu  
Fyrsta síða innan við 13 sek.  
16MB minni  
3 sek. á síðu á 33.6Kbps  
10.000 bls/mánuð prentþol  
600 dpi upplausn  
Parallel og USB 1.1  
Ljósritun, prentun, fax, myndlesari

Gildir aðeins á föstudag og laugardag

**TILBOÐSVERÐ**  
**kr. 8.700,-**  
Listaverð: 10.900,-

**WD Western Digital**  
Western Digital harðdiskur  
160GB 7200 RPM 8 MB

Opíó laugardag frá 11 - 16

# Gerðu góð kaup

Heyrnartól með hljóðnema og vefmyndavél fylgja tölvutilboðum föstudag og laugardag!

TILBOÐSVERÐ

kr. 84.900,-

Fujitsu-Siemens SCALEO P Cel-D330 2.66 GHz

Vörunúmer: LKN:DAN-889210-008  
Intel i865G kubbasett  
Intel® Celeron® D 330 2.66 GHz  
Front Side Bus 533 MHz, 256 KB  
512MB DDR minni (Mest 3GB)  
160GB 7200sn. diskur  
ATI RADEON 9200 SE 128MB TV-Out  
DVD ± R/RW Dual Layer skrifari  
DVD-ROM, tvö aðskilin drif  
MediaBay kortalesari  
10/100 netkort, 56K mótal

AGP, 3x PCI, 2 minnisraufar (1 laus)  
6x USB 2.0 (2 að framan), Firewire  
Parallel, Serial, PS/2  
6 rása hljóðstýring, Line in/out, Mic, SP/DIF  
Nettír hátalarar  
Íslenskt lykklaborð og geislamús  
Windows XP Home SP2  
Microsoft Works Suite 2004  
Photoshop Elements og Album, WinDVD  
Norman Antivirus, Nero Express 6  
2 ára ábyrgð á vinnu og varahlutum

Öflug heimilisvél

Fylgir með!

Heyrnartól með hljóðnema og vefmyndavél að verðmæti kr. 10.000,-

TILBOÐSVERÐ

kr. 109.900,-

Fujitsu-Siemens AMILO Pro V2000 C 1.5 GHz

Vörunúmer: FAP:DAN-148251-002  
Intel® Centrino™ mobile tækni  
Intel® Celeron® M processor 340 1.5 GHz  
Front Side Bus 400 MHz, 512KB  
512MB DDR minni (Mest 2048MB)  
40GB S.M.A.R.T. drif  
15" TFT XGA  
Intel® Extreme Graphics 2 skjástýring  
24x CD-RW / 8x DVD-ROM sambyggt drif  
10/100 Ethernet og V.92 mótal  
VGA, TV-OUT, Parallel, InfraRed, kortalesari

i.LINK® (IEEE 1394), 3x USB 2.0, hljóð inn/út  
PC Card Type II rauf, 2 minnisraufar  
Cirrus Logic hljóðkerfi  
Snertimús og margmiðunarhnappar  
326 x 270 x 34 mm, 2.9 kg  
Lithium-ion, Allt að 3.0 klst.  
Intel® PRO/Wireless 2200 b/g 54Mbps  
Windows XP Pro  
2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum  
Nero 5.5 CD Creator

Frábær fyrir heimilið og í skólann

Fylgir með!

Heyrnartól með hljóðnema og vefmyndavél að verðmæti kr. 10.000,-

Stefna ehf.  
Dalsbraut 1 - 600 Akureyri  
www.stefna.is

Tölvuþjónusta Vesturlands ehf.  
Brúartorg 4 - 310 Borgarnes  
tvest@simnet.is

Netheimar  
Aðalstræti 27 - 400 Ísafjörður  
www.netheimar.com

Ejratölvur ehf  
Vestm.br. 38 - Vestm.eyjum  
www.ejratolvur.com

ÞJÓNUSTA Í ÖÐRU VELDI



## Við hrósum...

... kvennaliði KR í körfunni og kvennaliði Fram í handboltanum. Bæði lið hafa átt erfitt uppráttar í vetur en sýndu á miðvikudaginn að þau eru ekki dauð úr öllum æðum. Framstúlkur unnu Stjórnuna óvænt en KR-liðið vann sinn fyrsta leik á tímabilinu gegn Njarðvík.



## Vissir þú...

... að íslenska landsliðið í fótbolta hefur fallið um 38 sæti á undanförmum átta mánuðum á styrkleikalista Alþjóðaknattspyrnusambandsins. Íslenska liðið ber höfuð og herðar yfir aðrar þjóðir í hrap á listanum enda var gengi liðsins á síðasta ári skelfilegt. Aðeins einn sigur leit dagsins ljós í níu leikjum.



## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

19 20 21 22 23 24 25

### Laugardagur

#### LEIKIR

19.15 Grindavík og Skallagrímur mætast í Grindavík í Intersport-deildinni í körfuknattleik.

#### SJÓNVARP

16.20 Körfuboltakvöld á Rúv.

17.45 Ólífspor á Sýn. Fjallað um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis.

18.00 Upphitun á Skjá einum. Spáð í leiki helgarinnar í enska boltanum.

19.00 Gillette-sportpakinn á Sýn.

19.30 Motorworld á Sýn. Allt það nýjasta í heimi akstursíþróttar.

20.00 World Supercross á Sýn. Sýnt frá heimsmeistararnótinu í Supercross.

21.00 World Series of Poker á Sýn. Sýngustu pókerspilarar heims leika listir sínar.

## LEIKIR GÆRDAGSINS

### Intetsportdeild karla í körfu

KR-NJARÐVÍK 99-80

KR: Aaron Harper 41 (8 stoðs., 6 stolnir, 6 fráköst, hitti úr 13 af 18 skotum sínum, 5 af 6 í 3ja), Cameron Echols 31 (14 fráköst), Steinar Kaldal 10 (5 stolnir, 4 stoðs.), Lárus Jónsson 6 (12 stoðs.), Jón Ólafur Jónsson 4, Niels Páll Dungal 4.

Njarðvík: Anthony Lackey 19 (öll í fyrri hálfleik), Brenton Birmingham 18, Páll Kristinsson 13, Friðrik Stefánsson 12, Matt Sayman 11 (7 frák., 7 stoðs.), Halldór Rúnar Karlsson 7.

Njarðvík hafði 43-51 yfir í hálfleik en KR vann þriðja leikhlutann 22-6 og seinni hálfleikinn alls með 28 stigum.

ÍR-FJÖLNIR 95-78

ÍR: Theo Dixon 21, Eiríkur Ónundarson 17, Ómar Sævarsson 16, Ólafur Jónas Sigurðsson 15, Gunnlaugur Hafsteinn 9, Sveinbjörn Claesen 7, Fannar Freyr Helgason 6.

Fjölínir: Jeb Ivery 26, Darrel Flake 24, Nemanja Sovic 17, Hjalti Þór Vilhjálmsson 17.

SN/EFELL-HAMAR/SELFOSS 83-82

Snæfell: Michael Ames 24, Hlynur Bæringsson 20 (8 frák., hitti úr 8 af 10 skotum), Sigurður Þorvaldsson 13, Calvin Clemmons 11 (7 frák.), Magni Hafsteinnsson 9.

Hamar/Selfoss: Damon Bailey 33 (10 frák.), Chris Woods 18 (11 frák., 5 stoðs.), Marvin Valdimarsson 9, Ragnar Gylfason 9.

KFÍ-TINDASTÖLL 84-82

KFÍ: Joshua Helm 32 (17 fráköst, 11 varin), Tom Hull 18 (7 stoðs.), Sigurður G. Þorsteinsson 13 (12 frák.), Baldur Ingi Jónsson 13.

Tindastöll: Svavar Birgisson 26 (11 frák.), Brian Thompson 19 (10 frák.), Axel Káráson 13, Berthuel Fletcher 12 (9 frák., 8 stoðs.).

### STAÐAN

KEFLAVÍK 13 10 3 1157-1012 20

Snæfell 14 10 4 1228-1144 20

NJARÐVÍK 14 9 5 1295-1125 18

Fjölínir 14 9 5 1309-1256 18

SKALLAGR. 13 8 5 1130-1086 16

ÍR 14 8 6 1275-1241 16

KR 14 7 7 1231-1207 14

Hamar/Self. 14 6 8 1274-1330 12

GRINDAVÍK 13 6 7 1179-1199 12

Haukar 13 4 9 1097-1108 8

TINDASTÖLL 14 4 10 1158-1303 8

KFÍ 14 1 13 1156-1478 2

### 1. deild kvenna í körfu

HAUKAR-GRINDAVÍK 62-44

Haukar: Ebony Shaw 27 (16 fráköst), Helena Sverrisdóttir 11 (11 frák., 5 stoðs.), Kristrún Sigurjónsdóttir 8 (7 frák.), Pálína Gunnlaugsdóttir 6, Hanna Hálfánardóttir 6 (10 fráköst).

Grindavík: Myriah Spence 16, Sólvéig Gunnlaugsdóttir 7, María Anna Guðmundsdóttir 5, Ólöf Helga Pálsdóttir 5, Erla Reynisdóttir 4, Erla Þorsteinsdóttir 3.

### STAÐAN

KEFLAVÍK 12 12 0 1025-715 24

Grindavík 13 8 5 797-784 16

ÍS 12 7 5 772-723 14

Haukar 13 6 7 838-902 12

NJARÐVÍK 13 4 9 784-850 8

KR 13 1 12 687-929 2

# Læknirinn játaði mistök í aðgerð á Hauki Inga

Haukur Ingi Guðnason ber engan kala til læknisins sem gerði mistök í aðgerð á honum í maí. Hann segist ekki hafa áhuga á að fara í hart og vill leysa málið í bróðerni.

**FÓTBOLTI** Sjúkrasaga knattspyrnumannsins Hauks Inga Guðnasonar er í meira lagi sorgleg. Hann sleit krossband í hné 2. apríl á síðasta ári, lagðist undir hnífinn 14. maí og missti þar af leiðandi af öllu síðasta tímabili. Undir lok ársins kom síðan í ljós að mistök höfðu verið gerð í aðgerðinni. Krossbandið hafði verið fest vitlaust og því varð að skera Hauk Inga upp aftur. Hann lagðist því undir hnífinn á nýjan leik 16. desember og fyrir vikið getur hann ekki leikið knattspyrnu í heilt ár.

„Ástæðan fyrir þessari löngu hvíld er sú að ég fer í tvær aðgerðir með skömmu millibili og svo voru smá aukaskemmdir í hnénu út af mistökunum í fyrri aðgerðinni,“ sagði Haukur Ingi í samtali við Fréttablaðið í gær.

Læknirinn sem skar hann upp í maí hefur játað mistök sín og Haukur hefur fengið staðfestingu á því að mistökin hafi átt sér stað. Þótt Haukur Ingi sé leiður yfir því að missa af tveim tímabilum hefur hann engan áhuga á því að fara í hart við lækninn.

„Auðvitað er ég hundfúll enda vilja knattspyrnumenn spila en ekki horfa á leikina ofan úr stúku. Ég vil samt ekkert gera stórmál úr þessu og ég trúi ekki öðru en að hægt sé að leysa þetta mál í bróðerni,“ sagði Haukur Ingi, sem ber engan kala til læknisins sem gerði fyrri aðgerðina.

„Það eru allir mannlegir og gera sín mistök. Ég veit vel að hann gerði þetta ekki viljandi. Það er ekkert við þessu að gera og ég tek hatt minn ofan fyrir honum að játa mistök sín. Ég hef fulla trú á því að við munum leysa þetta mál heiðarlega og á sanngjörnum notum.“

Haukur Ingi og félag hans, Fylkir, telja sig eiga rétt á skaðabótum en ekki liggur fyrir hversu miklar bætur verður farið fram á enda hefur sú vinna ekki verið hafin.

Línumaðurinn Sigfús Sigurðsson gekkst undir aðra skurðaðgerð vegna brjósksloss:

## Ætlar að vera klár eftir átta vikur

**HANDBOLTI** Línumaðurinn sterki Sigfús Sigurðsson gekkst undir aðra aðgerð vegna brjósksloss á sjúkrahúsi í Berlín og ljóst að hann verður ekki með Magdeburg næstu sex til átta vikurnar.

Sigfús sagði í samtali við Fréttablaðið í gær að hann hefði fengið í bakið strax á fyrstu hlaupæfingunni hjá sjúkrahjálfaara Magdeburg og því hefði lítið annað verið hægt að gera en að fara í aðgerð á nýjan leik, en Sigfús var skorinn upp fyrir í vetur. Hann kvaddist vera bjartsýnn á fljótan bata og stefnir að því að byrja að æfa eftir þrjár vikur. „Ég ætla mér að vera klár í leik eftir átta vikur,“ sagði Sigfús sem verður á sjúkrahúsi í Berlín næstu vikuna.

„Það þýðir ekkert að leggja árar í bát. Ég ligg hérna uppi í rúmi með súkkulaði og að er spila „Football Manager“ í tölvunni. Ég keypti nýja leikinn heima um jólin og það er allt annað líf. Ég er að stýra Juventus núna og hef unnið 23 leiki í röð, flesta 1-0,“ sagði Sigfús og hló dái.

Alfred Gíslason, þjálfari Magdeburgar, sagðist ekki reikna með Sigfúsi fyrir en í maí. „Ég er núna á fullu að leita að manni til að



UTAN VALLAR Haukur Ingi Guðnason sést hér brosmildur á hliðarlínunni ásamt Sævari Þór Gíslasyni. Haukur mun ekkert leika með Fylki annað sumarið í röð.

Mál Hauks Inga er fyrir marga hluta sakir mjög athyglisvert enda mun niðurstaðan í því vafalítið hafa fordæmisgildi. Hún mun hreinlega skera úr um það hvaða rétt íþróttamenn hafa sem verða fyrir læknastökum.

henry@frettabladid.is



SIGFÚS SIGURÐSSON Fór í aðra aðgerð á miðvikudaginn en ætlar að vera kominn til baka á völinn eftir átta vikur.

leysa Sigfús af fram á vorið en það gengur lítið. Við höfum sakað hans í varnarleiknum en það verður ekki auðvelt fyrir hann að koma til baka eftir tvær aðgerðir á baki,“ sagði Alfred sem getur þó glaðst yfir því að hafa náð að tryggja sér einn besta línumann heims, Frakkann Gueric Kervadec, næstu þrjú árin. Kervadec hefur áður leikið undir stjórn Alfreds hjá Magdeburg en Alfred

sagði að Kervadec væri einfaldlega besti varnarmaður sem völd væri ás. Með komu Kervadecs mun Sigfús Sigurðsson fá aukna samkeppni en aðspurður sagðist Sigfús fagna henni. „Hann er frábær leikmaður, bæði í vörn og sókn, og ég er viss um að við eigum eftir að skipta þessu bróðurlega á milli okkar,“ sagði Sigfús.

-ósk

## ÚR ÍPRÓTTAHEIMINUM

**S**venska landsliðsins í knattspyrnu, blæs á gagnrýnina sem **David Beckham** hefur

hlotið hjá Real Madrid. „Ég er engan veginn sammála því að hann hafi ekki staðið fyrir sínu,“ sagði **Eriksson**. „David hefur leikið ágætlega á Spáni, hann er fyrirliðinn okkar og á því verður engin breyting.“ Uppi voru vangaveltur um að staða **Beckhams** í landsliðinu væri í hættu vegna **Shaun Wright-Phillips** en **Eriksson** fullyrti að **Beckham** myndi leika sína vanalegu stöðu þegar Englendir leika gegn Hollendingum í næsta mánuði. Þetta eru góðar fréttir fyrir **Beckham** sem hefur átt töluvert undir högg að sækja á Spáni á þessu tímabili.

**P**hoenix Suns tapaði fimmta leik sínum í röð í NBA-körfuboltanum í fyrrið og þegar

liðið tók á móti Memphis Grizzlies. Lokatölur urðu 88-79 og var **Bonzi Wells** stigahæstur í liði gestanna með 16 stig og tók 9 fráköst. **Steve Nash**, aðalleikstjórnandi

Suns, hefur ekki getað leikið með liðinu í síðustu þremur leikjum vegna meiðsla í baki. **Mike Fratello**, þjálfari Grizzlies, sýndi Suns fullan skilning á fjarveru **Nash**. „Ef þú missir stjórnleikmann á borð við **Steve** geturðu ekki búist við að leika eins og liðið gerir best,“ sagði **Fratello**.

**M**eiðsli **Nicky Butt** hjá Newcastle tókú sig upp að nýju á æfingu í fyrradag. **Butt**, sem hefur misst af síðustu 11 leikjum liðsins, hneig niður á æfingu og gæti þurft að hvíla sig næstu mánuði til að ná sér að fullu. Að sögn **Graeme Souness**, knattspyrnu-

stjóra Newcastle, er áfallið mikið fyrir **Butt** og liðið í heild. „Hann er náttúrlega gríðarlega svekkur eftir að hafa verið hársbreidd frá því að snúa til baka á völinn,“ sagði **Souness**. **Butt** mun hitta sérfræðing í næstu viku til að rannsaka meiðslin til hlítar.

**L**eBron **James** hjá Cleveland Cavaliers í NBA-körfuboltanum setti met í leik gegn Portland Trailblazers í fyrrið og þegar hann varð yngsti leikmaðurinn í sögu NBA til að ná sér í þrefalda tvennu.

**James**, sem er nýorðinn títulgur, skoraði 27 stig, tók 11 fráköst og gaf 10 stoðsendingar. Hann hirti þar með metið af **Lamar Odom** hjá Los Angeles Lakers. „**LeBron** gæti náð sér í þrefalda tvennu á hverju kvöld en hann er ekki í boltanum til þess og fær stórt þrik í kladdann fyrir það hugarfar,“ sagði **Jeff McInnis**, samherji **James**. Cleveland vann leikinn, 107-101.

**R**eal Madrid varð fyrir miklu áfalli þegar liðið var slegið út úr spænsku bikarkeppninni af Real Valladolid á heimavelli. Leiknum lyktaði með jafntefli, 1-1, og komst Valladolid áfram á skoruðu úti-vallarmarki.

**Michael Owen** kom Madrid yfir á 66. mínútu en **Xavi More** jafnaði metin 11 mínútum síðar. Fleiri urðu mörkin ekki og Valladolid því komið í 8 liða úrslit í bikarnum en stórlíðið Real Madrid er óvænt úr leik í bikarkeppninni þetta árið.

**R**eal Madrid varð fyrir miklu áfalli þegar liðið var slegið út úr spænsku bikarkeppninni af Real Valladolid á heimavelli.

Leiknum lyktaði með jafntefli, 1-1, og komst Valladolid áfram á skoruðu úti-vallarmarki. **Michael Owen** kom Madrid yfir á 66. mínútu en **Xavi More** jafnaði metin 11 mínútum síðar. Fleiri urðu mörkin ekki og Valladolid því komið í 8 liða úrslit í bikarnum en stórlíðið Real Madrid er óvænt úr leik í bikarkeppninni þetta árið.




# Matt Damon

er mættur aftur sem

# Jason Bourne

í hasar og spennumynd ársins!



## The Bourne Supremacy

Óskarsverðlaunahafinn Matt Damon er aftur á flóttu sem Jason Bourne, hinn fullkomni, fyrrverandi CIA þjálfaði launmorðingi, í þessari spennandi hasarmynd. Bourne, sem þjáist af minnisleysi, hefur snúið baki við sinni ofbeldisfullu fortið og lifir venjulegu lífi með kærustu sinni, Marie (Franka Potente).


En áætlanir hans um rólegt og þægilegt líf eru gerðar að engu þegar hann sleppur naumlega þegar reynt er að ráða hann af dögum.



## Komin á DVD

### Aukaefni

- Explosive Deleted Scenes
- Matching Identities; Casting
- Keeping it Real
- Blowing Things Up
- On the Move with Jason Bourne
- Bourne to be wild: Fight Training
- Crash Cam; Racing Through the Streets of Moscow
- The Go-Mobile Revs Up the Action
- Anatomy of a Scene: The Explosive Bridge Chase Scene
- Scoring with John Powell



**Tilboð!**  
Kauptu báðar á  
**2.999 kr.**

**• 1.999**

**1.499**

**Both  
verð**

# BT





**Áður Nú**  
**Náttföt 4490 kr. 1990 kr.**  
**Flísgalli 6990 kr. 3990 kr.**

**CHANGE**  
 SMÁRALIND  
 Sími 517 7007

**Viltu vinnna?**

Sendu SMS skeytið **BT UTS** á númerið **1900** og þú gætir unnið. Við sendum þér spurningu. Þú svarar með því að senda SMS skeytið **BT A, B** eða **C** á númerið **1900**.

Aðalvinningur er **MEDION XXL** tölva með 17" flatskjá!

99 kótskeytið

## Útsölulok

Föstudag – laugardag – sunnudagur  
 Eigum nokkra Simo Kombi vagna á 15% afslætti

**Nú 64.500,-**  
**Áður 75.900,-**



**Fifa** 10% aukaafsláttur á ýmsum útsöluvörum  
 ALLT FYRIR BÖRNIN

Bíldshöfða 20 / 552-2522

## HERRA HAFNARFJÖRÐUR

# 50% - 80%

## AFSLÁTTUR AF VÖLDUM VÖRUM!

# Herra

## hafnarfjörður

Firði Hafnarfirði • Sími 565 0073

## STUÐ MILLI STRÍÐA : Idol er hinn gullni vegur meðalmannsins

BIRGIR ÖRN STEINARSSON HEFUR ENGA TRÚ Á ÞVI AÐ IDOL-ÍÐ SKAFFI ÞJÓÐINI GÓÐA SÖNGVARA



Simmi: „Næsti keppandi kemur alla leið frá New Orleans, honum finnst gott að borða og skammast sín ekkert fyrir það! Hann var svolitill vandræðagæmlingur sem krakki og var rekinn úr skóla 11 ára gamall fyrir að skjóta úr skambyssu á gamlaársmorgun. Herrar mínir og frúr, takið vel á móti Louis Armstrong sem ætlar að syngja fyrir okkur lagið *What a Wonderful World*“.

Louis haltrar upp á sviði í eldrauðri peysu úr Retro og tekur lagið sem búið er að útsetja

í FM957-legru poppútssetningu.

Porvaldur: „Já, veistu. Ég held að raddböndin í þér séu bara ónýt! Svei mér þá. Og þú hefur ekki útlit með þér.“

Sigga: „Þú rennur svona upp á tóninn, heldur honum rétt svo, og svo þegar tóninn deyr út er eins og þú sért að kafna. Hluta af mér langaði til þess að vera tilbúinn með gamsann til að hringja á sjúkrahúsi ef þú skyldir fá slag! Ekki nógu gott!“

Bubbi: „Þetta var eitthvað það hræðileihazta zem ég hef heyrt, zko. Þú býrð ekki yfir neinum zjarma zem þrýðiá popptjörnu og þessi danzzpor voru alveg út í hött! Og þú ert of gamall... þú dettur út í kvöld, bókað mál. Þjóðin gefur þér rot-högg.“

Simmi: „Úff, þungur hnifur. En ekki fara langt elskurnar mínar, því það eru þrír keppendur eftir eftir þessi mikilvægu skilaboð. Björk Guðmundsdóttir, Billie Holiday og Jón Sigurðsson. Snakk er gott, kók líka og það er kúl að vera rauðhærður!“

Keppnin heldur áfram og þjóðin velur hverjir eigi að komast áfram. Jón Sigurðsson vinnur, enda gátu dómarnir ekkert sett út á flutning hans af Sálárlaginu *Hjá þér*, þrátt fyrir að þau hafi ekki verið heilluð af flutningi hans. Sigga var hrifin af Björk, en Bubba fannst hún bara vera öskurapi með „zmáztelpu ztæla“. Allir voru dómarnir sammála um að Billie Holiday væri fólksk, og hún fyndi tóninn allt of seint. ■

## myndasögur

### ■ PONDUS

Eftir Frode Överli



### ■ GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



### ■ PÚ OG PA

Eftir SÖB



### ■ KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell



### ■ BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott






# 3 fyrir 2

Kauptu þrjár vörur  
en borgaðu fyrir tvær!\*

Barnaflíspeysa

KR. 1.900



Svefnpoki  
unglingastærð

KR. 2.900



Svefnpoki / barna

KR. 1.500



Barnaflíspeysa

KR. 1.900



Kuldagalli  
fulloröfina

KR. 5.900



Öndunarúlpa

KR. 8.900



Öndunarbuxur

KR. 6.900



Flíspeysa

KR. 3.900



## ALLT AÐ 70% AFSLÁTTUR!!!!

\*Hámark 12 vörur á mann! Gildir til laugardagsins 29. janúar.

# ÚTSÖLUMARKAÐUR



NORÐUR

Faxafeni 12

Reykjavík, Opið 10 - 18 virka daga og 10 - 16 laugardaga. Opið þennan eina sunnudag, 21. janúar, frá 13 - 17



# bíó

Ómissandi á DVD Scream eftir Wes Craven hristi heldur betur upp í stöðnuðum hryllingsmyndageiranum og sló svo hressilega í gegn að tvær framhaldsmyndir fylgdu í kjölfarið. Þær eru nú allar fánlegar saman í pakka sem er ómissandi á öll betri menningarheimili. Íslandsvinurinn Jamie Kennedy er meðal þeirra sem sýna snilldartahta í Scream en hann leikur kvikmyndanörðinn Randy sem veit hvaða reglum þarf að fylgja til að lifa hryllingsmyndir af.



„Now Sid, don't you blame the movies, movies don't create psychos, movies make psychos more creative!“

- Geðveiki morðinginn Billy kastaði draugagrímuni þegar hann sýndi kærstunni sinni sitt rétta andlit og hreinsaði um leið kvikmyndirnar af öllum áburði um að þær gætu af sér geðsjúklinga.

## FRUMSÝNDAR UM HELGINA (DÓMAR Í ERLENDUM MIÐLUM)



### Alexander

Internet Movie Database 5,6 / 10  
Rottentomatoes.com 14% = Rotin  
Metacritic.com 39/100



### Birth

Internet Movie Database 6,1 / 10  
Rottentomatoes.com 37% = Rotin  
Metacritic.com 50/100



### Sideways

Internet Movie Database 8,2 / 10  
Rottentomatoes.com 96% = Fersk  
Metacritic.com 94/100



### One Point O

Internet Movie Database 5,7/10

# Netið veit meira um mig en ég sjálfur

Dýski leikarinn Udo Kier fer með veigamiklu hlutverk í One Point O eftir Marteini Þórsson og Jeff Renfroe, sem er frumsýnd í dag. Marteinn og Jeff skrifuðu hlutverk Udos með hann í huga og lögðu mikið upp úr því að fá hann til liðs við sig. Það var auðsótt mál og Udo var fyrsti leikarinn sem samþykkti að leika í One Point O en á eftir fylgdi edalfólk á borð við Deborah Unger, Jeremy Sisto, Bruce Payne og Lance Henriksen.


## Tíu dagar í Rúmeníu

„Lars Von Trier kynnti mig fyrir Marteini og Jeff fyrir nokkrum árum og mér leist mjög vel á handritið þeirra frá upphafi þannig að um leið og fjármagn fékkst til að gera One Point O sló ég til,“ sagði Udo þegar Fréttablaðið náði sambandi við hann þar sem hann var staddur í Los Angeles. „Ég er mjög hrifinn af myrkum viðfangsefnum í kvikmyndum og One Point O höfðaði því strax til mín. Við tókum myndina í Rúmeníu og það var æðislegt en ég hafði aldrei komið þangað áður og var þar við tókur í tíu daga.“

Udo er alvanur því að leika í ódýrum kvikmyndum og telur peninga síður en svo ráða úrslitum um gæði. „Það er hægt að gera ótrúlega hluti ef maður er með rétta tókumanninn og þessi mynd er ofboðslega flott. Það er alveg ótrúlegt hversu miklum áhrifum tókumaðurinn nær fram.“

## Blóðugur ferill

Udo er gamall reynslubolti sem hefur komið víða við á litskrúðugum ferli og unnið með nokkrum athyglisverðustu leikstjórum síðustu áratuga. Hann fæddist í Þýskalandi árið 1944 og er því 61 árs. Hann lék í myndum sérvitringsins og listamannsins Andy Warhol um Frankenstein og Dracula 1973 og 1974. Þá var hann í Suspiria eftir Dario Argento og hefur unnið með sérvitrungum eins og Rainer Werner Fassbinder (Lili Marleen), Lars Von Trier



**UDO KIER** Lék á móti Björk Guðmundsdóttur í *Dancer in the Dark* og hreifst af söngkonunni. „Hún var frábær og innlifun hennar var svo sterk að hún rann alveg saman við persónuna og ég gat aldrei talað við hana sjálfa. Hún var alltaf í karakter,“ segir Udo og bætir því við að hann kunni ákaflega vel við Friðrik Þór Friðriksson, sem sé svo sannarlega mikill sögumaður.

(*Dancer in the Dark*, *Dogville*) og Gus Van Sant (*My Own Private Idaho*). Þá kom Kier við sögu í *Shadow of the Vampire* frá árinu 2000 en hann bindur sig þó síður en svo eingöngu við listrænar, alvarlegar og óháðar myndir og hefur skotið upp kollinum í jafn ólíkum myndum og *Ace Ventura: Pet Detective*, *Barb Wire*, *Blade*, *Armageddon* og *End of Days* með Arnold Schwarzenegger.

## Gaman að vinna með nýliðum

„Netið veit nú meira um mig en ég sjálfur en mér skilst að því sé haldið fram að ég hafi leikið í um það bil 160 kvikmyndum. Það er ekki fjarri lagi og ég hef verið mjög heppinn í gegnum árin og notið þess að vinna með frábærum leikstjórum eins og Fassbinder, Gus Van Sant og Von Trier. En ég gæti þess samt líka alltaf að vinna reglulega með nýjum leik-

stjórum. Mér finnst það mjög skemmtilegt, sérstaklega ef þeir eru að gera sína fyrstu mynd. Það er svo mikil óbeisluð orka í fólki sem er að byrja. Væntingarnar og vonirnar eru líka svo miklar og stórar og það er svo mikið í húfi vegna þess að ef myndin gengur vel ertu í góðum málum en ef hún klikkar ertu í verulega vondum málum og gætir lent í meiriháttar vandræðum með að koma næstu mynd þinni á koppinn.“

## 10 ár að rukka Fassbinder

Udo sparar ekki hrósið þegar talið berst að Marteini og Jeff. „Þeir eru mjög hæfileikaríkir og söfnuðu saman frábærum hópi. Deborah er til dæmis að gera frábæra hluti í myndinni.“ Allir þeir úrvalsleikarar sem komu að *One Point O* þáðu lágmarkslaun fyrir vinnu sína en Udo finnst

alveg sjálfsgat að slaka á kröfunum og fá í staðinn að vinna með nýju og fersku fólki. „Þetta snýst ekki bara um peninga. Ég fékk einungis borgað fyrir leik í einni Fassbinder-mynd og það tók mig 10 ár að kreista þann pening út. Ég hef verið svo heppinn hérna í Ameríku að ég hef fengið að vinna með Spielberg og fleirum verið í stórum stúdíómyndum myndum eins og *Blade* og *Surviving Christmas*. Það eru svona myndir sem gera mér kleift að taka að mér hlutverk í óháðum myndum, sem mér finnst miklu skemmtilegra. Eftir því sem myndirnar verða stærri og dýrari ferist stjórnan meira yfir á peningaöflin. Maður hefur ekkert að segja. Meira að segja leikstjórnarnir ráða engu og peningamennirnir taka allar úrslitaákvörðanir.“

thorarin@frettabladid.is

VINNINGAR VERÐA AÐFARDIR HVAÐ BT SÍÐARLUNDIN ER PÓPUVA. MIÐ PVI ÁÐ TÁKA ÞÁTT ERTU KONNIN Í SMS KLUBB. 99 KR/SKEYTID

FRUMSÝND 28.01.04

**SMS\*LEIKUR**

**2 STK BÍÓMIÐAR Á 99KR?**

SENDU SMS SKEYTID JA EKF Á NÚMERIÐ 1900 OG ÞÚ GÆTIR UNNIÐ!

**9. HVER VINNUR!**

VINNINGAR ERU:

- MIÐAR FYRIR 2 Á MYNDINA Í BÍÓ
- ELEKTRA MYNDAVÉL
- BOLIR
- ARMBÖND
- HÚFUR
- LYKLAKIPPUR OG MARGT FLEIRA

**ELEKTRA**

FM 95.7

# Látinn eiginmaður snýr aftur sem barn

Leikstjórinn Jonathan Glazer, sem vakti verðskuldaða athygli með byrjendaverki sínu *Sexy Beast* fyrir nokkrum árum, fléttar saman ástarsögu, ráðgátu og fjölskyldudrama í myndinni *Birth* sem er frumsýnd í dag.

Það eru engar smáspurningar sem Glazer glímur við í *Birth* þar sem hann veltir því fyrir sér hvort dauði eins einstaklings geti verið í beinu sambandi við fæðingu annars.

*Birth* hefst á því að ungur maður, Sean, hnígur látinn niður þegar hann er að skokka á köldum vetrardegi. Á sama augnabliki fæðist drengur sem kemur til fundar við Önnu, ekkju Seans, tíu árum síðar og heldur því stöðugt fram að hann sé Sean endurfæddur.

Það er Óskarsverðlaunaleiknonan Nicole Kidman sem leikur Önnu en hún er rétt að jafna sig á fráfalli eiginmannsins og búa sig undir að hefja nýtt líf þegar atburðarásin tekur þessa undarlegu stefnu. Hún hefur fallist á að trúlofast Joseph, sem er búinn að ganga þolinmóður á eftir henni með grasið í skónum í þrjú ár. Þessi ákvörðun Önnu fellur sérstaklega vel í kramið hjá móður hennar, sem skörungurinn Lauren Bacall leikur með bravúr, þannig að það vekur litla kátínu í stórfjö-



**NICOLE KIDMAN** leikur ekkjuna Önnu. Hún kynnist 10 ára dreng sem segist vera eiginmaður hennar endurfæddur.

skyldunni þegar Cameron Bright birtist og segir Önnu að hann sé Sean endurfæddur og varar hana við að giftast Joseph.

Krakkinn er vitaskuld ekki tekinn alvarlega en hann gefur sig ekki og skrifar Önnu bréf og ítrekar skilaboð sín ákaft. Drengur er bannað að umgangast Önnu en hún fer svo að sækja í félagsskap hans þegar hún fer að trúa honum. Fjölskylda hennar er að sjálfsögðu mótfallin því að hún leiti að látnum eiginmanni sínum í 10 ára dreng en sjálf verður hún að komast til botns í því hvort Sean sé kominn til hennar aftur og hvort hún geti endurupplifað ást þeirra. ■



# Magnaðasti leiðtogi allra tíma

Alexander mikli er ein stórbrotasta persóna samanlagðrar mannkynssögunnar en þessum konungssyni frá Makedóníu tókst að leggja undir sig nánast allan hinn þekktu heim þegar hann var 25 ára gamall. Herkænskan og botnlaus metnaðurinn var honum í blóð borinn og enginn andstæðingur stóðst honum snúning. Hann fór með herjum sínum gegn ofurefli Persa og hafði sigur og það er ekki vitað til þess að hann hafi nokkru sinni tapað orrustu.

Það ætti vart að koma nokkrum á óvart að saga Alexanders hefði verið stórhuganum Oliver Stone hugleikin síðan í æsku en þessi umdeildi og ofsafengi leikstjóri barðist í 15 ár fyrir því að koma sögu Alexanders á hvíta tjaldid. Honum hefur loks tekist ætlunarverkið og afraksturinn verður frumsýndur á Íslandi í dag.

Stone tjalðar öllu sem hann á til og það er nostrað við hvert smáatriði og djöfulgangurinn er yfiringilegur þegar hann setur upp nokkrar af frægustu orrustum mannkynssögunnar. Leikaraliðið sem Stone teflir fram er ekki heldur af verri endanum. Hinn funheiti Colin Farrell leikur Alexander, Val Kilmer fer með hlutverk Filippusar föður hans og ofurskutlan Angelina Jolie leikur móður hans. Anthony Hopkins og Jared Leto leika nána vini hans og vopnabræður og Christopher Plummer bregður sér í líki Aristótelesar en Alexander nam við fótiskör þess mikla meistara.

Það vita sjálfsgagt allir eitthvað um Alexander og þótt hann sé ein nafntogaðasta persóna mannkynssögunnar verður að hafa í huga að hér birtist hann eins og Oliver Stone sér hann fyrir sér en leikstjórinn hefur áður fengið á



**ALEXANDER MIKLI** Oliver Stone valdi Írann Colin Farrell til að túlka þennan mesta stríðsherra mannkynssögunnar enda telur hann Farrell eiga ýmislegt sameiginlegt með hetjunni fornu. „Colin er fullur af uppreisnaranda, rétt eins og Alexander,“ segir Stone og bætir því við að Farrell búi einnig yfir þeim hæfileikum sem þurfa að prýða stríðsherra og leiðtoga.

sig gagnrýni fyrir túlkanir sínar á persónum Jims Morrison, Richards Nixon og morðsins á John F. Kennedy.

Stone fékk Robin Lane Fox, sem skrifaði ævisögu Alexanders

árið 1972, til þess að hjálpa sér við að skilja Alexander en bók Fox hefur selst í yfir milljón eintaka og þykir með því betra sem skrifað hefur verið um þennan dauðlega guð. ■

**HVER ER SÆTUR?**



**EKKI ÆG!**

**ALVÖRU BRAGÐ ENGINN SYKUR**

Gegnheil gæði og gott verð



Mazda er japanskur bíll, framleiddur í Japan sem vermir nú toppsætið samkvæmt stærstu gæðakönnun Evrópu og skarar fram úr hvað varðar endingu og lága bilanotíðni.

Mazda3 er sérstaklega ríkulega búinn bíll þar sem saman fara falleg hönnun, frábærir eiginleikar og einstakt verð.

**Mazda3 T 5 dyra 1.6 l kostar aðeins 1.795.000 kr.**

Rúkahtutir á mynd: álfelgur

Kynntu þér fjölda freistandi tilboða! Sími 540 5400

Komdu, reynsluaktu og gerðu verðsamanburð. Gæðin eru augljós.

Opið frá kl. 12-16 laugardaga

Söluumboð: Bílús sf., Akranesi - BSA, Akureyri - Betri bílasalan, Selfossi - SG Bílar, Reykjanesbæ

Hinn og haf / SIA

**RÆSIR HF**  
Skúlagötu 59, sími 540 5400 www.raesir.is







**Kl. 20.00**

Frumssýning **Nemendaleikhúss Listaháskóla Íslands á Spítalaskipinu Voninni** eftir **Kristínu Ómarsdóttur í Smiðjunni**, Sölvhólsgötu 13. Leikstjóri er **María Reyndal**.

# menning

menning@frettabladid.is

## Jesús Kristur sleginn af

Uppfærsla á söngleiknum **Jesús Kristur ofurstjarna** hefur verið slegin af verkefnaskrá vetrarins í **Þjóðleikhúsinu**, ýmsum til gleði, öðrum til gremju, eins og gengur. Frumsýning var áætluð undir vorið en að sögn **Tinnu Gunnlaugsdóttur** þjóðleikhússtjóra eru ýmsar ástæður fyrir því að af henni verður ekki. „Prógramið er mjög þétt hjá okkur,” segir Tinna. „Við erum með mikið af verkum í sýningu og vinnslu. Það verður frumsýning hér 10. febrúar, sem þýðir að við verðum að taka út „Þetta er allt að koma“, auk þess sem stutt er í frumsýningu á nýju barnaleikriti. Það er einfaldlega ekki gerlegt að vera með fjórar sýningar á Stóra sviðinu.“ Tinna segir ákvörðunina ekki hafa verið auðveld, en nauðsynlega til þess að mæta erfiðri fjárhagsstöðu. Þótt þeir gleðjast sem sakað hafa fyrrum þjóðleikhússtjóra um metnaðarleysi fyrir að setja Jesús Krist ofurstjörnu á verkefnaskrá er ljóst að nóg er til af fólki sem vildi gjarnan sjá



söngleikinn, til dæmis korthafar sem þegar hafa keypt sig inn á sýninguna. Þegar Tinna er spurð hvort ekki gæti óánægju meðal þeirra segir hún: „Við komum til móts við þá með því að bjóða þeim endurgreiðslu, eða gjafakort sem gildir í tvö ár og þeir geta notað sjálfir eða gefið öðrum.“ ■

## EKKI MISSA AF...

Hinni bráðskemmtilegu sýningu **Faðir vor** eftir **Hlín Agnarsdóttur** í **Iðnó**. Hægt er að kaupa kvöldverð og leikhúsmiða og víst að enginn verður svikinn af kvöldinu. Sýning í kvöld...

Sýningu **Jóns Axels Björnssonar**, **Dagar og nætur**, sem stendur yfir í **Skálholtskóla**... Írönsku kvikmyndinni **Múlrekin**, klukkan 23.40 í Sjónarvöru, um erfiða lífsbaráttu kúrdískrar



fjölskyldu í þorpi á landmærum **Íraks og Írans** eftir að fjölskyldu-faðirinn stígur á jarðsprengu og deyr í smygleiðangri.

# Davíðsperlur norðan heiða og sunnan

Menningarveisla í tilefni af því að hundrað ár eru liðin frá fæðingu eins ástsælasta skálds þjóðarinnar.

Eitt ástsælasta skáld þjóðarinnar, Davíð Stefánsson frá Fagraskógi, fæddist á þessum degi fyrir hundrað og tíu árum. Í tilefni af tímamótunum verður efnt til menningarveislu norðan heiða og sunnan í dag,

föstudaginn 21. janúar, og á morgun, laugardag.

Veislan hefst í bókasal Þjóðmenningarhússins í dag klukkan 17. Þar flytur Guðmundur Andri Thorsson ávarp og Gunnar Gunnarsson og Sigurður Flosason leika spuna í kringum sálm Davíðs, Ég kveiki á kertum mínum, lag Guðrúnar Böðvarsdóttur. Síðan verður veggátt Skólavefsins um Davíð Stefánsson opnuð. Á sýningunni í Þjóðmenning-

arhúsinu verða ljóð Davíðs, skáldverk hans og leikrit. Einnig verða sýnd handrit að verkum og munir úr hans eigu, sem fengnir voru að láni úr Davíðshúsi á Akureyri – og ljósmyndir frá ævi hans þrjú sýninguna.

Á sama tíma, klukkan 17, verður opnuð sýning á verkum, bréfum og munum úr fórum Davíðs á Amtsbókasafninu. Þar verða meðal annars sýnd bréf sem fóru milli Davíðs og Önnu Z. Osterman, sendikennara frá Svíþjóð, en þau hafa aldrei komið fyrir sjónir almennings áður. Í kvöld klukkan 20.30 verða síðan hátíðartónleikar í Glerárkirkju. Þar mun Karlaó Akureyrar – Geysir flytja allar helstu söngperlur Davíðs undir stjórn Erlu Þórólfsdóttur söngstjóra. Einsöngvarar á tónleikunum verða meðal annarra Alda Ingibergsdóttir, Hulda Garðarsdóttir og Óskar Pétursson en auk þeirra munu kórfélagar syngja einsöng og dúetta og kvartett mun einnig koma fram. Kórinn mun síðar á þessu ári




**DAVÍÐ STEFÁNSSON** Sýnd verða bréf sem fóru milli Davíðs og Önnu Z. Osterman, sendikennara frá Svíþjóð, en þau hafa aldrei komið fyrir sjónir almennings áður.

gefa út geisladisk í tilefni af 110 ára afmælinu.

Á morgun, laugardag, verður haldið málþing um Davíð í Ketilshúsinu í Listagili. Fyrirlesarar verða Bjarki Sveinbjörnsson, Guðmundur Andri Thorsson, Gunnar

Stefánsson, Hjörtur Pálsson, Sigríður Albertsdóttir og Soffía Auður Birgisdóttir. Fjallað verður um Davíð frá mörgum sjónarhornum; verk hans, einstök ljóð, tónlistina við ljóðin og síðast en ekki síst persónuna sjálfa. ■



TOPSHOP TOPMAN

ZHSL

ZT ö YHSRUK'P<99'? : ? :

## Saumastofa Agga

### LEIKLIST

VALGEIR SKAGFIÖRD

Saumastofan 30 árum síðar

Borgarleikhúsið

Leikfélagið Tóbías

**Höfundur og leikstjóri:** Agnar Jón Egilsson / **Leikarar:** Alexia Björg Jóhannesdóttir/ Bjartmar Þórðarson/ Bryndis Ásmundsdóttir/ Elma Lía Gunnarsdóttir/ Guðjón Þorsteinn Pálmarsson/ Ísgerður Elfa Gunnarsdóttir/ María Pálsdóttir/ **Leikmynd:** Marta Macuga/ **Búningar:** Harpa Einarsdóttir/ **Tónlist:** Búðabandið/ **Dansar:** Elma Lía Gunnarsdóttir/ **Lýsing:** Jón Þorgeir Kristjánsson.

Þann 24. október 1975 var alþjóðlegur frídagur kvenna og voru konur hvattar til þess að taka sér frí þennan dag af kvennasamtökum ýmiss konar. Þær þustu unnvörpum út á götur og torg sem frægt er orðið og sendu meðal annars frá sér yfirlýsingu sem vakti athygli á bágum kjörum kvenna þar sem meðal sagði: „að vant starfsmenn til illa launadra og lítils metinna starfa, er auglýst eftir konu“.

Hvað hefur áunnist á þessum þrjátíu árum? Láta íslenskar konur bjóða sér laun sem þykja nógu góð fyrir fólk sem við köllum „ódyrt erlent vinnuafli“? Standa þær betur í samanburðinum við karla í launum í sömu atvinnugrein eða með sömu menntun? Er Ísland að verða eins og önnur Vesturlönd þar sem stóriðja og þrælalönd eru undirstaða hagvaxtar?

Hafi leikhópurinn með leikstjórnann í broddi fylkingar ætlað sér þá dul að bæta einhverju við jafnréttisumræðuna eða taka afstöðu til þess gildismats sem ríkir á hinum svokallaða almenna vinnumarkaði á Íslandi í dag þá hefur



**SAUMASTOFAN** Leikstillinn var áreynslukenndur og leikstjórnin miðaði að agalausum ærslum, ráðlausu handapati og hávaða.

það mistekist. Sé hins vegar meiningin að skemmta fólki með kúka-bröndurum og sniðugum uppákomum þá hefur það svo sem tekist. Yfirbragð sýningarinnar minnti fremur á menntaskólasýningu en leiksýningu í þeim gæðaflokki sem maður gerir kröfu til í atvinnuleikhúsi. Ég veit ekki hvort skrifa eigi það á reynsluleysi einstakra leikara (sem sumir hverjir ekki eiga að baki nema tveggja ára leiklistarnám í útlöndum) eða hvort leikstjórnin hafi hreinlega ekki gert upp við sig hvað hann vildi segja með verkinu. Í umfjöllun um sýninguna hefur verið vitnað til Saumastofu Kjartans Ragnarssonar, en vel að merkja gekk sú sýning (Iðnó 1975) í þrjú ár og verkið hefur þess utan lifað góðu lífi meðal áhugaleikfélaga um allt land og virðist alltaf hitta í mark. Ástæðan fyrir velgengni Saumastofunnar er einkum sú staðreynd að saga persónanna frá hendi Kjartans snertir streng í brjósti áhorfandans sem er samannlegur og snýr að réttlætiskennd, samúð og væntumþykju fyrir lífinu og því sem er ýmist breyskt eða dyggðugt í mannöðlinu. Þessu er því miður ekki til

að dreifa í Saumastofu Agnars Jóns þótt leiktextinn sé myndinn, krassandi og skemmtilegur. Það er bara ekki nóg. Leikstillinn var áreynslukenndur og leikstjórnin miðaði að agalausum ærslum, ráðlausu handapati og hávaða. Það skorti alla fágun og á köflum var svo mikið óskrað og gargað að textinn skildist ekki. Inn á milli var fleygð söngnúmerum sem litu öll út eins og atriði úr „Söngkeppni framhaldsskólanna“ og hljómuðu svipað. Ekki bættu nýjar útsetningar á gömlu lögunum eða ný lög og textar neinu við. Þá sjaldan að bar á einlægni og sárum tilfinningum í verkinu þá braut leikstjórnin það einnig upp með því að gera grín að öllu saman eftir á. Allt á að vera svo kaldhæðis og fjarlægð nú á tímum þar sem skautað er um á yfirborði mannegra tilfinninga án þess að taka afstöðu til eins eða neins. Er þessi sýning kannski einhvers konar póstmóðernismi þar sem öllum eldri og viðteknari gildum er varpað fyrir róða svo listamenn geti þannig gefið sjálfum sér leyfi til að gera hvað sem er hvernig sem er?

Leikskráin er lýsandi dæmi um þetta „kaos“ þar sem grafískir hönnuðir fara á „fontafylleri“ og setja allt lesmál (sem hugsanlega gæti verið áhugavert) í illa læsilegt letur svo maður þarf að setja undir sig hausinn til að rýna í það. Ég ætla ekki að fjölyrða um frammistöðu hvers leikara hérna, en það var helst að María Pálsdóttir næði að skapa trúverðuga persónu og eins átti Guðjón Þorsteinn ágætta spretti sem Árni. Því miður skortir alla hugsun á bak við þetta verk og sýningin verður því ekki annað en í meðallagi góð skemmtisýning. ■



# LOKSINS ALVÖRU ÚTSALA

## Devold ullarnærföt



**20% afsláttur**

## Didriksons úlpan

Þrjár flíkur í einni



Verð áður 14.990 kr.  
**Nú aðeins 7.990 kr.**

## Skór



Verð áður 8.995 kr.  
**Nú aðeins 5.995 kr.**

Verð áður 3.995 kr.  
**Nú aðeins 995 kr.**



Verð áður 3.995 kr.  
**Nú aðeins 995 kr.**



Verð áður 7.995 kr.  
**Nú aðeins 3.995 kr.**

## ELKA sjófatnaður



**Ótrúlegt tilboðsverð**

## Flíspeysur

**Ótrúlegt  
tilboðsverð**



**ELLINGSEN**

Opið virka daga 8-18, laugardag 10-16 og sunnudag 12-16.

GRANDAGARÐI 2 – REYKJAVÍK – SÍMI 580-8500



**Ávæxtakærjan**  
AUSTURBÆR

Forsýning : Fös 04. feb kl. 15:00 sæti laus  
Lau 05. feb kl. 15:00 sæti laus  
Frumssýning : Sun 06. feb kl. 14:00 sæti laus

Pantanir í síma 551 4700  
miðasala opin 14 - 18 virka daga [www.midi.is](http://www.midi.is)

**VODKAKÚRINN**  
Helga Braga Steinn Ármann  
AUSTURBÆR

Fös. 21/01 2005 kl: 20:00 Sæti laus  
Lau. 29/01 2005 kl: 20:00 Sæti laus  
Pantanir í síma 551 4700  
miðasala opin 14 - 18 virkadaga  
[www.vodkakurinn.is](http://www.vodkakurinn.is) og [www.midi.is](http://www.midi.is)

**TENÓRINN** fös. 4. feb. kl. 20.00  
sun. 13. feb. kl. 20.00  
sun. 20. feb. kl. 20.00  
**Sýningum fer fækkandi**

**FADIR VOR** fös. 21. jan kl. 20.00  
lau. 29. jan. kl. 20.00  
**Síðustu sýningar**

**IDNÓ** Miðasala í síma 562 9700 [www.idno.is](http://www.idno.is)

Frumssýning 11. febrúar kl. 20 – UPPSELT

**TOSCA**

Frumssýning 11. feb. kl. 20.00 – UPPSELT – 2. sýning 13. feb. kl. 19.00  
3. sýning 18. feb. kl. 20.00 – 4. sýning 20. feb. kl. 19.00 – FAAR SÝNINGAR

Námskeið um Toscu og Puccini hjá Endurmenntun Háskóla Íslands  
Skráning í síma: 525 4444 – [endurmenntun@hi.is](mailto:endurmenntun@hi.is)

Miðasala á netinu: [www.opera.is](http://www.opera.is)

[www.opera.is](http://www.opera.is) | [midasala@opera.is](mailto:midasala@opera.is) | Sími miðasölu: 511 4200 | ÍSLENSKA ÓPERAN

Miðasalan er opin kl. 14-18 virka daga, kl. 13-18 lau. og sun. og fram að sýningu sýningardaga. Símasala kl. 10-18 virka daga.

**BORGARLEIKHÚSIÐ**  
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

**STÓRA SVIÐ**  
**HÍBYLI VINDANNA**  
leikgerð Bjarna Jónssonar á vesturfarsögu Bóðvars Guðmundssonar  
Í kvöld kl 20 - blá kort - UPPSELT  
Lau 22/1 kl 20 - UPPSELT  
Fim 27/1 kl 20, Lau 29/1 kl 20 - UPPSELT  
Su 30/1 kl 20 - UPPSELT  
Lau 5/2 kl. 20 - UPPSELT, Sun 6/2 kl. 20, Fi 10/2 kl 20 - UPPSELT, Fö 11/2 kl 20, Lau 12/2 kl 20 - UPPSELT, Fi 17/2 kl 20, Fö 18/2 kl 20

**HÉRI HÉRASON**  
e. Coline Serreau  
Su 23/1 kl 20, Fö 28/1 kl 20, Fö 4/2 kl 20

**LÍNA LANGSOKKUR**  
e. Astrid Lindgren  
Su 23/1 kl 14, Su 30/1 kl 14,  
Su 6/2 kl 14, Su 13/2 kl 14 **Síðusta sýningar**

**ÍSLENSKI DANSFLOKKURINN**  
Fjölskyldusýning  
THE MATCH, ÆFING Í PARADÍS, BOLTI  
Lau 22/1 kl 14 **Síðasta sýning**

**Börn 12 ára og yngri fá frítt í Borgarleikhúsið í fylgd fullorðinna - gildir ekki á barnasýningar**

**LEIKHÚSVEISLA FYRIR HÓPA**  
- UPPSKRIFT AÐ SKEMMTILEGU KVÖLDI -  
kl 18:00 Gledistund í forsal - veitingasalan opin kl 18:30 Kynniserið um leikhúsið - kynning á verkum kvöldsins kl 19:00 Matseðill kvöldsins kl 20:00 Leikssýning kvöldsins  
NÆRING FYRIR SÁL OG LÍKAMA - BÓKID Í TÍMA

**NÝJA SVIÐ/LITLA SVIÐ**  
**BELGÍSKA KONGÓ**  
e. Braga Ólafsson, Gríman fyrir besta leik í aðalhlutverki í kvöld kl 20, Su 23/1 kl 20, Su 30/1 kl 20, Lau 5/2 kl 20 - UPPSELT, Lau 12/2 kl 20, Su 13/2 kl 20  
**Sýningum lýkur í febrúar**

**AUSA eftir Lee Hall**  
Í samstarfi við LA. Í kvöld kl 20, Lau 29/1 kl 20, Su 6/2 kl 20. **ATH: Lækkað miðaverð**

**SVIK**  
eftir Harold Pinter  
Samstarf: Á SENUNNI, SÖGN ehf. og LA  
Fö 4/2 kl 20, Su 13/2 kl 20

**SAUMASTOFAN 30 ÁRUM SÍÐAR**  
eftir Agnar Jón Egilsson. Í samstarfi við TÓBÍAS. Lau 22/1 kl 20, Fi 27/1 kl 20, Su 30/1 kl 20. **ATH: Bönnuð yngri en 12 ára**

**BOUGEZ PAS BOUGER**  
Frönsk - japönsk nýsirkussýning  
Lau 29/1 kl 20 - kr. 2.100  
**Aðeins þessi eina sýning**

Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin: 10-18 mánudaga og þriðjudaga, 10-20 miðvikur-, fimmtu- og föstudaga 12-20 laugardaga og sunnudaga  
Miðasölusími 568 8000 [midasala@borgarleikhus.is](http://midasala@borgarleikhus.is)  
Miðasala á netinu [www.borgarleikhus.is](http://www.borgarleikhus.is)

**ÖXIN OG JÖRÐIN UMDEILD OG MÖGNUÐ SÝNING!**

**Stóra sviðið kl. 20.00**  
**ÖXIN OG JÖRÐIN** - Ólafur Gunnarsson. Leikgerð: Hilmar Jónsson.  
6. sýn. í kvöld fös. 21/1 **örfá sæti laus**, 7. sýn. fös. 28/1 **örfá sæti laus**, 8. sýn. lau. 5/2 **nokkur sæti laus**, 9. sýn. lau. 12/2 **nokkur sæti laus**.

**EDITH PIAF** - Sigurður Pálsson  
Lau. 22/1 **uppseilt**, sun. 23/1 **uppseilt**, fös. 4/2 **uppseilt**, sun. 13/2 **örfá sæti laus**, lau. 19/2 **örfá sæti laus**, lau. 26/2 **örfá sæti laus**.

**DÝRIN Í HÁLSASKÓGI** - Thorbjörn Egner  
Sun. 23/1 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 30/1 kl. 14:00 **örfá sæti laus**, sun. 6/2 **nokkur sæti laus**, sun. 13/2 **nokkur sæti laus**. **Síðustu sýningar.**

**PETTA ER ALLT AÐ KOMA** - Hallgrímur Helgason Leikgerð: Baltasar Kormákur  
**Aukasýning fim. 27/1 örfá sæti laus**, lau. 29/1 **uppseilt**. **Allra síðustu sýningar.**

**Smíðaverkstæðið kl. 20.00**  
**NÍTJÁNHUNDUR** - Kaffleikhús - Alessandro Barrico  
Lau. 22/1 **örfá sæti laus**, lau. 29/1 **nokkur sæti laus**.  
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

**Litla sviðið kl. 20.00**  
**BÖNDIN Á MILLI OKKAR** - Kristján Þórður Hrafnsson  
Fim. 27/1, lau. 29/1 **nokkur sæti laus**.  
Ekki er hægt að hleypa inn í salinn eftir að sýning er hafin!

Miðasölusími: 551 1200 Netfang: [midasala@leikhusid.is](mailto:midasala@leikhusid.is) Vefang: [www.leikhusid.is](http://www.leikhusid.is)  
Opíð kl. 13:00-18:00 mán.-þri. Aðra daga kl. 13:00-20:00. Símapantanir frá kl. 10:00 virka daga.  
**Þjóðleikhúsið sími 551-1200**



ÞEGAR BÖRNUM ER ÚTUNGAD Í FÆÐINGARBÚÐUM Nemendaleikhús Listaháskóla Íslands frumssýnir í kvöld Spítalaskipið eftir Kristínu Ómarsdóttur.

## Þetta heimskulega stríð

Spítalaskipið Vonin nefnist nýtt leikrit eftir Kristínu Ómarsdóttur sem nemendaleikhús Listaháskóla Íslands frumflytur í kvöld.

Leikritið gerist úti á rúmsjó einhvern tímunn í ótímasettri framtíð um borð í spítalaskipi sem er búið færustu læknum og hjúkrunarfólki og siglir með særða hermenn af átakasvæðum á tímum þar sem allir þegnar heimansins lúta sameiginlegu kerfi.

„Þegar þetta gerist hafa karlar tekið yfir og stjórna heiminum,“ segir María Reyndal, leikstjóri sýningarinnar.

„Konur eru aldar upp hjá munkum þangað til þær eru komnar á aldur til þess að fæða börn, þá fara þær í fæðingarbúðir. Eftir það eru

þær sendar í vinnu við ýmislegt sem þeim er úthlutað.“

Um borð í spítalaskipinu er sam- an komið æðsta herráð karlaveldisins til þess að halda þar neyðarfund. Fimmtán mánuðir eru liðnir frá því að harðskeyttur uppreisnarher kvenna sagði þessu skipulagi stríð á hendur. Síðan dregur til tíðinda.

„Um borð í skipið ryðjast skærulíðasveitir kvenna og ætla sér að hafa hendur í hári herranna.“

Uppreisnarherinn kallast Blátt túrblóð og lætur sér fátt fyrir brjósti brenna.

„Það er mikill húmor í þessu og líka mikil ádeila. Þarna er náttúrlega verið að deila á stríð og ýmsa hluti sem eru að gerast í heiminum í dag. Um leið sýnir verkið á kóm-

iskan hátt þetta heimskulega stríð milli karla og kvenna.“

Hlutverk eru í höndum þeirra Aðalbjargar Þóru Árnadóttur, Atla Þórs Albertssonar, Guðjóns Davíðs Karlssonar, Jóhönnu Friðríku Sæmundsdóttur, Jóhannesar Hauks Jóhannessonar, Oddnýjar Helgadóttur, Ólafs Steins Ingunnarsonar, Orra Hugins Ágústssonar og Söru Daggar Ásgeirsdóttur, sem öll eru á síðasta ári í leiklistardeildinni.

Kristín Ómarsdóttir bar sigur úr bítum í leikritasamkeppni sem leiklistardeild Listaháskólans efnir til á hverju ári. Þrjú höfundar, af fjölmörgum sem sendu inn hugmyndir sínar, voru valdir til þess að vinna áfram að handriti. Loks varð Spítalaskipið Kristínar fyrir valinu. ■

**SPÍTALASKIPID NEMENDALEIKHÚSIÐ**  
eftir Kristínu Ómarsdóttur

Frumssýn. í kvöld kl. 20  
- uppseilt -  
Hátíðarsýn. sun. 23. jan. kl. 20  
- uppseilt -  
3. sýn. fim. 27. jan. kl. 20  
- örfá sæti laus -

Miðaverð 1000 kr.  
Sýnt í Smíðjunni - Sölvhólsstötu 13  
552-1971 - [leiklistardeild@hi.is](mailto:leiklistardeild@hi.is)

**Leikfélag Mosfellsveitar**

**Peysufatadagurinn**  
eftir Kjartan Ragnarsson í Bæjarleikhúsinu Mosfellsbæ  
Leikstjóri Örn Arnason

11. sýning laugard. 22. jan. kl. 20:00  
12. sýning laugard. 29. jan. kl. 20:00  
13. sýning laugard. 5. feb. kl. 20:00

Brund Ólafsdóttir gagnrýnandi Mbl sagði m.a. þetta um sýninguna: „Metnaður og nákvæm vinnubrögð eru aðalmerki sýningar LM á Peysufatadaginum sem færir áhorfendur næstum sjöttu ár aftur í tímann og skal þeim óskað til hamingju með góða og láttalausa sýningu.“

Miðasala í síma 5 66 77 88  
Miðaverð kr. 1800,-

**GERÐUBERG**

**ROSEMARIE TROCKEL**

Ljósmyndir - Skúlptúrar - Teikningar - Myndbönd

Sigríður í Vigur  
sýnir listaverk úr mannshári í Boganum  
Opnun föstudaginn 21. janúar kl. 16:00

Sýningar eru opnar virka daga kl. 11-19 og kl. 13-17 um helgar.

[www.gerduberg.is](http://www.gerduberg.is)

**HVAÐ? HVENÆR? HVAR?**  
JANÚAR

18 19 20 21 22 23 24

**Föstudagur**

**TÓNLEIKAR**

20.30 Hátíðartónleikar verða í Glerárkirkju á Akureyri í tilefni þess að 110 ár eru liðin frá fæðingu Davíðs Stefánssonar. Karlaókur Akureyrar - Geysir flytur allar helstu söngperlu Davíðs. Einsöngvarar verða Alda Ingibergsdóttir, Hulda Garðarsdóttir og Oskar Pétursson en auk þeirra munu kórfe- lagar syngja einsöng, dúetta og kvar- tett mun einnig koma fram.

22.30 Hljómveitinmar Retron, Skátar og Dáðadrengrir leika fyrir gesti á Bar 11, Laugarvegi 11.

23.00 Norton, Reykjavík og Jan

Mayen á Grand Rokk.

**LEIKLIST**

20.00 Nemendaleikhúsið frum- sýnir í Smíðjunni, Sölvhólsstötu 13, nýtt íslenskt leikrit, Spítalaskipið eftir Kristínu Ómarsdóttir í leikstjórn Maríu Reyndal.

**LISTOPNANIR**

16.00 Sýning á listaverkum Sigríðar Salvarsdóttur úr Vigur, sem hún hefur gert úr mannshárum, verður opnuð í Boganum í Gerðubergi.

17.00 Ásdís Sif Gunnarsdóttir opnar fyrstu listasýninguna í Gallerí Húmar eða frægð, glænjum sýningarsal Smekkleysu SM í Kjörgarði við Laugaveg 59. Ásdís sýnir vídeóverk ásamt nýrri vídeóinnsetningu fyrir sýningarrýmið. Á opnuninni flytur hún gjörning með aðstoð Ragnars Kjartanssonar.

**NORRÆNA HÚSIÐ**

Verið velkomin á opnun sýningarinnar

**NÆTURHÖFUÐ**  
málverk eftir norska listmálarann Tonje Strøm laugardaginn 22. janúar kl. 15 í sýningarsölum Norræna hússins

Við opnunina lesa ljóðskáldin Ingvildur Burkey, Jan Erik Vold og Torild Wardenær úr verkum sínum. Vilde Halle Ekeland og Mathias Stoltenberg sýna dansatriði úr barnaballett eftir Jorunn Kirkenær. Nils Økland leikur á Harðangursfiðlu.

**Dagskrá í fundarsal Norræna hússins laugardaginn 22. janúar kl. 18.00.**  
Ljóðalestur: Ingvildur Burkey, Jan Erik Vold og Torild Wardenær.  
Vilde Halle Ekeland og Mathias Stoltenberg sýna dansatriði og Nils Økland leikur á Harðangursfiðlu.



■ **PORRABLÓT**

# Blótað af lífi og sál

Ásatrúarfélagið heldur þorrablót sitt jafnan á bóndadag. Í kvöld má því búast við að fylgismenn hins forna síðar fjölmenni í húsnæði félagsins að Grandagarði 8, því þar hefst þorrablótíð klukkan 19.

Að venju helgar allsherjargoði blótíð, síðan er sest að snæðingi. Í ár verður vandað sérstaklega til skemmtiatriða og því eru félagsmenn hvattir til að taka með sér utanfélags gesti.

Þorrablótíð er reyndar ekki eitt af fjórum höfuðblótum ársins hjá Ásatrúarfélaginu, en höfuðblótin eru haldin á fyrsta vetrardag, júl-



**ALLSHERJARGOÐINN** Hilmar Örn Hilmarsson lætur sig varla vanta á þorrablót ásatrúarmanna í kvöld.

um, fyrsta sumardag og fimmtudag í tíundu viku sumars. ■

**KRINGLUKRÁIN UM HELGINA**

**Hljómsveitin TILPRIF um helgina**

- Fjölbreyttur sérreittamatseðill öll kvöld vikunnar
- Tilboðsmatseðill fyrir Leikhúsgesti
- Hópmatseðill
- Sérstakur fyrir hópa

Borðapantanir í síma 568-0878 [www.kringlukrain.is](http://www.kringlukrain.is)

**Frítt inn**

**Hljómsveitin Fimm á Richter** heldur uppi studinu föstudag og laugardag. Idol á breiðtjaldi, Poolbor og boltinn í beinni alla helgina.

Með Geira Sæm í fararbroddi

**Classic Sportbar Ármúla 5**  
Við hliðina á gamla Hollywood

**FRANSKUR NÝSIRKUS**

Laugardaginn 29. janúar kl.20:00  
Borgarleikhúsið  
Verð 2100 kr.  
Midasala: 568 8000  
midasala@borgarleikhus.is  
www.borgarleikhus.is

**BOUGEZ PAS BOUGER**

■ **SKEMMTANIR**

- 22.00 Hljómsveitin **Úlfarnir** skemmta í Vélsmiðjunni á Akureyri.
- Tilprif** á Kringlukránni.
- Hermann Ingi jr.** spilar á þorradansleik á Café Catalinu í Kópavogi.
- Dj Máney** og **Dj Steini** hefja leikinn á de Palace í prógressive bræðingi en svo tekur **Dj Exos** við með harðari teknótöna.
- Hljómsveitin **Fimm á Richter** heldur uppi fjörinu á Classic Rock, Ármúla 5.
- Í telfni af eins árs afmæli **Substance** verður blásið til tónlistarveislu á Sjallanum, Akureyri.
- Dúettinn **Halli** og **Kalli** skemmtir á Ara í Ögri.
- Hljómsveitin **Sex volt** skemmtir í Klúbbnum við Gullinbrú.
- Spilabandið Runólfur** spilar á Gauk á Stöng. Í kjölfarið koma snúðarnir **Pink** og **Floyd** á sviðið. **Dj Gunnir** stjórna fjörinu á efri hæðinni.
- Dj Master** heldur uppi góðu stuði á Amsterdam.

**Atli skemmtanalögga** og **Áki Pain** ráða ríkjum á Pravda.

■ **FYRIRLESTRAR**

20.00 **Magnús Skarphéðinsson** flytur fyrirlestur um álfa og huldufólk á opnu húsi í Alþjóðahúsinu við Hverfisgötu.

■ **SAMKOMUR**

19.00 Þorrablót Ásatrúarfélagsins

verður haldið í húsnæði félagsins að Grandagarði 8.

■ **SÝNINGAR**

17.00 Sýning á verkum, bréfum og munum úr fórum **Davíðs Stefánssonar** verður opnuð á Amtsbókasafninu á Akureyri.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á [hvar@frettabladid.is](mailto:hvar@frettabladid.is) ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.

**BROADWAY** [www.broadway.is](http://www.broadway.is)  
Veislusalir fyrir öll tilefni Sími: 533-1100

meðallt á hreinu **Allra meina þjónn...**  
Alla laugardaga

**Með næstum allt á hreinu**  
Með mörgum af bestu listamönnum þjóðarinnar. Hefur slegið rækilega í gegn.

**Dansleikir alla laugardaga**

**Janúar**  
22. Rúnar Þór og Hljómsveit.  
29. Rokksveit Rúnars Júlíussonar.

**Febrúar**  
5. Magnús Kjartansson ásamt Helgu Möller.  
12. Rokksveit Rúnars Júlíussonar.  
19. Hljómsveit Hilmars Sverrissonar.  
26. Rúnar Þór og Hljómsveit.

**Mars**  
5. Rokksveit Rúnars Júlíussonar.  
12. Hljómsveit Hilmars Sverrissonar.  
19. Traffic frá Borgarnesi.  
26. Hljómsveit Hilmars Sverrissonar.

**Frábært tilboð**  
Aðeins kr. 6.500  
Kvöldverður - gisting - morgunmátis

**Tilboðið gildir fyrir 2 eða fleiri í janúar, febrúar og mars. Tilvalið fyrir árshátíðir, þorrablótíð, eða þá bara þið tvö að slappa af á frábæru, öðruvísi hóteli.**

**FJÖRUKRAIN**  
HAFNARFIRÐI  
Sími 565-1213  
[www.fjorukrain.is](http://www.fjorukrain.is)

**Ausa**

er níu ára og er með **KRABBAMEIN**

Hún er einlægur **OFVITI**

Hún er **FYNDIN** og **HEILLANDI**

Hún **ELSKAR** óperutónlist

og **ÞRÁIR** að deyja eins og dívan á sviðinu

Ausa er einþáttungur  
Miðaverð aðeins kr. 1.500  
Börn 12 ára og yngri fá frítt í fylgd forráðamanna

Ilmur Kristjánsdóttir leikur Ausu

Úr dómum:  
„Ilmur Kristjánsdóttir er hreint frábær í þessu hlutverki og það væri vonandi að allir unglingar landsins fengju tækifæri til þess að sjá þessa sýningu og helst með umræðum eftir!“  
EB DV

„Túlkun Ilmar kom leikhúsgestum bæði til að hlæja og gráta“ SAB Mbl

**BORGARLEIKHÚSIÐ** Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3 • 103 Reykjavík  
Midasala 568 8000 • [www.borgarleikhus.is](http://www.borgarleikhus.is)



**Háskólabíó**

**ALEXANDER**  
